ÍSALP

40 ára afmælisrit Íslenska Alpaklúbbsins 2017



ArcticHeliskiing.com / Bergmenn.com
Mynd: (c) Yves Garneau

ARCTIC HELI SKIING ICELAND

BERG MENN

ÍSALP

Ársrit Íslenska Alpaklúbbsins 2017

Matteo Meucci og Sigurður Ýmir Richter leiða hóp af klifrurum frá alpaklúbb Pisa inn Eilífsdalinn í febrúar 2017.
Ljósmynd: Þorsteinn Cameron

Útgefandi
Íslenski Alpaklúbburinn
Pósthólf 1054, 101 Rvk.
Kt. 580675-0509 – info@isalp.is

Stjórn ÍSALP 2016
Helgi Egilsson, formaður
Sigurður Ýmir Richter, varaformaður
Ottó Ingi Þórisson, gjaldkeri
Matteo Meucci, meðstjórnandi
Baldur Þór Davíðsson, meðstjórnandi
Bjartur Týr Ólafsson, meðstjórnandi
Jónas G. Sigurðsson, meðstjórnandi

Það er okkur mikil ánægja að gefa út 23. ársrit Íslenska Alpaklúbbsins á 40 ára afmælisári hans. Fertugsafmæli eiga það til að vera ljúfsár. Þá hafa margir endanlega sagt skilið við öll sín ungdóms- og bernskubrek og horfa fram á settlegt kyrrðarlíf í faðmi fjölskyldu.

Sömu sögu er ekki að segja um Ísalp. Svo virðist sem kraftur og fífldirfska klúbbsins tvíeflist með hverju ári. Veturinn 2016-17 var einkar vondur fyrir vetrarfjallamennsku. Hitasveiflur voru miklar og ísbændur bölvuðu Kára fyrir lélega mætingu. Suddaleg suðræn stemning neyddi Ísalp til að leggja niður jólaklifrið og ísklifurfestivalið. En þrátt fyrir vesælan vetur er annáll afreka ársins 2017 enn lengri en árið áður og er það til marks um eldmóðinn í fjallamennsku á Íslandi.

Það var stórskemmtilegt að safna saman efni í þetta ársrit enda ákváðum við strax í upphafi að slíkum tímamótum skyldi fagna með bitastæðri útgáfu. Þótt ég vissi nokkuð um sögu klúbbsins þá varð mikilvægi þessa samfélags mér enn skýrara þegar ritnefnd lagðist yfir ævi og starf hans. Greinarnar sem birtast hér sýna lífskraftinn sem býr í Ísalp ásamt því að varpa ljósi á stoðirnar sem forverar okkar hafa reist.

Það er margt á döfinni hjá klúbbnum þessi misseri. Leiðasafnið á vefsíðu okkar er orðið yfirfullt af spennandi efni og skíðadeild Ísalp á sér bjarta framtíð með nýjum Bratta og samstarfsverkefni við Slóveníu og Ungverjaland. Það er því óhætt að segja að ég sé strax orðinn spenntur að sjá hvaða fréttir næsta ársrit muni færa.

Að lokum vil ég skila kærum þökkum til allra þeirra sem lögðu hönd á plóg eða styrktu þessa útgáfu. Það eru of mörg nöfn til að telja hér en nægir að segja að þetta ársrit, sem og önnur, er til komið frá öllu samfélaginu og án ykkar væri það varla svipur hjá sjón.

Fyrir hönd ritstjórnar, *Þorsteinn Cameron*

Efnisyfirlit

Búlandstindur bls. 04
Sigurður Tómas Þórisson

East Greenland Rock Climbing Project bls. 16
Björgvin Hilmarsson

John Snorri, fyrstur Íslendinga á K2 bls. 24
Bjartur Týr Ólafsson

Leiðarvísir: Múlafjall bls. 30
Sigurður Tómas Þórisson

Hvítabirnir munu éta yður bls. 44
Jón Viðar Sigurðsson

Ljósmyndakeppni ÍSALP bls. 48

#RockIceRun – Matteo Meucci bls. 58
Þorsteinn Cameron

Samstarf ÍSALP og CAI Pisa bls. 68
Bjartur Týr Ólafsson

Guðmundur Pétursson – í minningu vinar bls. 74
Torfi Hjaltason

Íslenski Alpaklúbburinn 40 ára bls. 80
Ýmsir höfundar

Íran bls. 102
Elín Lóa Baldursdóttir, Heiða Jónsdóttir & Ingunn Ósk Árnadóttir

Starfsemi ÍSALP 2017 bls. 108

Annáll íslenskrar fjallamennsku 2016 bls. 112

Ritnefnd ársrits
Þorsteinn Cameron
Bjarnheiður Kristinsdóttir
Sigurður Ragnarsson
Rakel Ósk Snorradóttir

Umbrot/Hönnun
Ingi Kristján Sigurmarsson

Prentun
Prentmet

Forsíðumynd
Jón Viðar Sigurðsson

Tjaldbúðir undir Elginton Tower. 1250 m hár veggurinn er óklifinn.

Texti: Sigurður Tómas Þórisson

Búlandstindur

frumferð upp austurvegg
Búlandstinds við Berufjörð

Útsýni yfir Berufjörðinn um miðja leið upp vegginn. *Ljósmynd: Sigurður Tómas Þórisson*

Búlandstindur er 1069 metra hátt basaltfjall í Djúpavogshreppi og er talinn vera um 8 milljón ára gamall. Búlandstindur þykir almennt vera í hópi formfegurstu fjalla á Íslandi og sumir trúa því að Búlandstindur sé orkustöð.
— *af vefsíðu Djúpavogshrepps*

Ég man ekki nákvæmlega hvenær ég heyrði fyrst um Búlandstind enda er ég að norðan og það er mjög langt þaðan austur á firði. Held það hafi þó verið einhverntímann á fyrstu ísklifurárunum mínum, 2003-2005. Þá var ég nýbyrjaður í sportinu og þó vissulega væri mikill áhugi á stórbrotnum alpasigrum, þá var ég lítið farinn að pæla í einhverjum nýjum áskorunum hér á landi. Þá var ég heldur ekki búinn að fara í Vesturbrúnirnar eða í Skarðsheiðina eða neitt álíka hressandi.

Af einhverju tilefni barst Búlandstindur þó í tal einhvern daginn. Það var frekar ruglingslegt því það er jú líka ísklifur í Búlandshöfða á Snæfellsnesi en þessir tveir staðir eru á sitt hvoru landshorninu og báðir stór nöfn í bransanum.

Sagt var að á Austfjörðum væri óhemju formfagur tindur með ógurlegan ófarinn alpavegg, einn þann allra stærsta og tignarlegasta á landinu, og biði þess að einhverjar hetjur kæmu og sigruðu hann.

Ekki fylgdi sögunni af hverju slík gersemi væri enn óklifruð svona löngu eftir gullöld alpínisma hérlendis, þar sem nánast hver einasti tindur, drullu-spíra, gil og hryggur voru klifruð í hinni eilífu leit að óförnum línum. Var þetta svo stór, brattur og erfiður veggur að enginn hafi getað klifrað hann? Eða var þetta landfræðilegt vandamál, þ.e. að veggurinn væri svo afskekktur að þeir sem þó hefðu getað klifrað hann öll þessi ár hafi hreinlega ekki átt leið þarna um eða vissu ekki af honum?

Eða var þetta aðstæðumál, þ.e. að veggurinn væri brattur og erfiður og sjaldan í aðstæðum til klifurs? Eða var alpínismi dottinn úr tísku þegar veggurinn uppgötvaðist og menn meira að leita að bröttum ísfossum í skotfæri frá höfuðborginni heldur en vafasömum alpaleiðöngrum á hjara veraldar? Eða var þetta kannski eitthvað bland í poka af þessu öllu saman og kannski einhverju fleiru? Hver veit...

Nokkrum árum síðar þegar við Robbi (Róbert Halldórsson) vorum búnir að „slíta barnsskónum“ í ísklifrinu og farnir að sperra okkur í erfiðari leiðum fórum við að spá í Búlandstind af einhverju viti. Töldum okkur þá hafa sjóast nóg í bransanum og vera orðna nógu góða til að eiga alvöru séns í svona verkefni. Ekki gengi að láta einhverja aðra stela senunni fyrir framan nefið á okkur. Veggurinn barst alltaf í tal í byrjun vetrar - nú yrði aldeilis að taka 4-5 daga í að bruna austur, klifra austurvegginn og reyna sig við Chocolat Chaud (M10 mixklifurleiðina sem Ines og Audrey settu upp í Breiðdal árið 2007).

En veturnir liðu einn af öðrum án þess að af stóra túrnum yrði. Við vorum að vísu þarna á svæðinu á Ísklifurfestivali í Breiðdal árið 2008 og vorum eitthvað búnir að spá í að reyna okkur við vegginn í þeim túr. En af einhverjum ástæðum varð ekkert af því - hvort sem það var vegna tíma- eða aðstæðuleysis eða bara af því að við vildum ekki sleppa massífu (óspjölluðu) ísklifri fyrir leiðangur sem hugsanlega yrði bara nokkurra tíma skoðunartúr upp í vegginn til að guggna og fara heim með skottið á milli lappanna...

Mér vitanlega voru engar tilraunir gerðar við austurvegginn fyrr en hópur vaskra sveina var á hringferð um landið veturinn 2009. Voru þar á ferð þeir Skarphéðinn Halldórsson (Skabbi), Björgvin Hilmarsson (Bjöggi), Sveinn Friðrik Sveinsson (Sissi) og Haraldur Guðmundsson (Gúmmjárnið). Höfðu þeir tekið nokkra daga í Kaldakinn að spreyta sig við ísfossana þar, lent í epísku ævintýri í Hólmatindi ofan Eskifjarðar og saltað góðan slatta af nýjum ísleiðum í Berufirði – í bakgarði Búlandstinds. Seinasta Berufjarðardaginn tóku Skabbi og Bjöggi sig til og lögðu í austurvegginn, enda ekki annað hægt verandi á svæðinu og vonandi með getu, reynslu og hreðjar til að komast upp þennan mikla vegg. Hvenær gæfist annað tækifæri?

Aðstæður fram til þessa höfðu verið prýðilegar, ágætur ís og gamall, harðpakkaður snjór. Nóttina áður en reyna skyldi við vegginn snjóaði mikið á svæðinu þannig að ljóst var að við ramman reip yrði að draga – en þeir létu þó vaða. Sporin voru þung í myrkrinu í aðkomubrekkunum enda hafði fann-fergið aukist til muna og sóttist þeim ferðin seint. Ekki bætti úr skák að það byrjaði aftur að kyngja niður snjó eftir að þeir lögðu af stað og skyggnið því dapurt. Félagarnir klifruðu tvær spannir í ágætis ís en rétt fyrir neðan fyrsta stóra haftið sluppu þeir með skrekkinn þegar þeir settu af stað snjóflóð sem hefði hæglega getað sópað þeim fram af veggnum. Ákvörðun var því tekin í skyndi um að hætta við og síga niður enda hefði áframhaldandi klifur verið mjög tvísýnt vegna fannfergisins. Snjóflóð niður vegginn hefði getað



Búlandstindur í öllu sínu veldi. Leiðin upp austurvegginn er merkt inn í rauðu. *Ljósmynd: Jón Magnús Eyþórsson*

grandað þeim fyrirvaralaust og þetta þunga færi hefði þýtt óhemju langan klifurdag í engu skyggni og alls óvíst hvort hægt væri að bakka þegar ofar kæmi í vegginn auk þess sem hæpið væri að fá björgun (að ofan eða neðan) ef eitthvað kæmi upp á.

Síðan liðu æ fleiri vetur og ekkert var að frétta af austurvígstöðvunum. Haustið 2015 ræddum við Robbi að vanda hvaða helstu leiðangrar yrðu á döfinni þennan vetur og var þar Búlandstindur að sjálfsögðu ofarlega á blaði. Var aðeins meiri alvara í þessu núna en oft áður og í desember negldum við niður helgi í byrjun febrúar sem gæti gengið fyrir okkur báða. Robbi yrði þá í stuttu stoppi milli vertíða í leiðsögubransanum og þetta væri eini sénsinn fyrir svona túr þennan veturinn nema hugsanlega með bið fram í apríl en þá væri veggurinn kannski dottinn úr aðstæðum eða einhverjir búnir að klifra hann á undan okkur...

Við fylgdumst vel með aðstæðum næstu vikurnar og vorum í sambandi við Jón Magnús Eyþórsson, okkar mann á Austfjörðum, en hann er ættaður úr Fossárdal í Berufirði, við fótskör Búlandstinds. Hann reddaði okkur myndum sem teknar voru handan fjarðarins nokkrum vikum fyrir túrinn og við rýndum í þær eftir bestu getu. Okkur sýndist vera sæmilega lítið af snjó og einhver slurkur af ís en þó óvissa með nokkur brött höft ofarlega í veggnum. Nú var bara að bíða og vona að bætti í fram að ferðinni.

Um viku fyrir túrinn fengum við annan skammt af myndum frá Jóni Magnúsi og aðstæður litu enn bærilega út – jafnvel leit út fyrir að það hefði aðeins bætt í ísinn. Við ákváðum bara að kýla á þetta – þetta hlyti að vera kleift, í versta falli með einhverju mixklifri. Við sömdum við Jón Magnús um að hýsa okkur í ferðaþjónustunni þeirra á Eiríksstöðum í Foss-

Ósj***. Dinglumdangl í morgunmat... Fyrsta spönn í 1000m klifri.
Ljósmynd: Sigurður Tómas Þórisson

árdal og hann ætlaði meira að segja að keyra alla leið frá Reyðarfirði til að taka á móti okkur og reyna að ná einhverjum hetjumyndum af okkur í klifrinu.

Vikan fyrir túrinn leið hægt enda spenna í lofti. Veðurspáin var upp og ofan hitalega og það hafði snjóað eitthvað fyrir austan. Verra var að austurrísku ofurklifrararnir Albert Leichtfried og Benedikt Purner („Íslandsvinir“ með meiru – Albert í sínum þriðja eða fjórða túr hingað) voru staddir fyrir austan og taldi Robbi sig vita að Albert þekkti til austurveggjarins og væri líklegur til að klifra hann ef tími og aðstæður leyfðu. Örfáum dögum fyrir ferðina okkar voru þeir á Eskifirði að klifra í Hólmatindi og samkvæmt blogginu þeirra á Fésbókinni (FB) ætluðu þeir að færa sig um set daginn eftir og Robbi vissi að þeir áttu ekki marga daga eftir fram að heimferð. Við gátum lítið gert í því enda okkar ferðadagar löngu niðurnegldir og þeim varð ekki hnikað, sama hvað útlendingurinn ætlaði sér. Við fylgdumst spenntir með færslunum þeirra á FB og vonuðum það besta - það yrði agalega súrt í broti að fara austur eftir öll þessi ár til þess að vera síðan degi eða tveimur of seinir...

Lítið spurðist til félaganna í 1-2 daga en veðrið var með súrara móti daginn sem við töldum líklegt að þeir yrðu á leið fram hjá Búlandstindi – ólíklegt að þeir færu að reyna við vegginn í einhverjum byl.

Daginn sem við keyrðum austur sáum við svo frekar loðna færslu frá þeim félögunum á FB með mynd sem við gátum ómögulega ímyndað okkur að væri frá Austfjörðum. Grunaði okkur helst Jökulsárlón og ef svo væri, þá væru þeir farnir suður fyrir Höfn og líklega á leið í átt til borgarinnar. Þessi grunur okkar fékkst svo ekki staðfestur fyrr en seint og um síðir en miklu fargi var af okkur létt þegar það skýrðist. Nú var bara að vona að bylurinn hafi ekki eyðilagt okkar möguleika á að klifra vegginn með því að drekkja fjallinu í snjó...

Leiðin austur á land var mikið ævintýri eins og við var að búast. Við renndum af stað seinnipartinn eftir vinnu, pöntuðum Aktu-taktu pizzu á Halldórskaffi í Vík og okkur sóttist ferðin nokkuð vel framan af. Þegar austar dró fór að verða meira af snjó í vegkantinum, dimmara yfir og fleiri og fleiri stórir trukkar að mæta okkur á illa mokuðum þjóðveginum. Munaði afar litlu nokkrum sinnum að við lentum beint framan á flutningabílum, sem fannst þeir eiga heimtingu á bróðurpartinum af okkar vegarhelmingi. Ég var búinn að gleyma hvað það er langt austur – keyrði þetta reyndar fyrir ekki svo löngu um sumar, en það er aðeins annað en að trilla þetta í vetrarferð og blindu.

Við vorum ekki komnir í Berufjörðinn fyrr en eftir miðnættið og stoppuðum dágóða stund undir Búlandstindi til að virða ófreskjuna fyrir okkur í tunglskininu. Náðum nokkrum góðum myndum með löngu ljósopi á stóru myndavélina og gátum þysjað inn á íslínurnar. Ekki var að sjá annað en þetta væri ansi svipað og á myndunum sem við höfðum fengið frá Jóni – þrjár áberandi meginlínur upp mitt fésið. Vinstri línan sú stysta þeirra og síður krassandi við fyrstu sýn. Miðlínan virtist meira spennandi klifurlega og stefndi beint á hátindinn og því „formfegurst“ þeirra og virtist kleif. Hægri línan var svo eitthvert óþekkt X með hrikalegt dinglumdangl um miðja leið upp og langt, bratt og þunnt (jafnvel alveg íslaust) haft þar fyrir ofan og alls óvíst hvort við kæmumst þar upp yfir höfuð.



Greinarhöfundur vippar sér upp fyrsta kertið. *Ljósmynd: Róbert Halldórsson*

Ungstirnið eitthvað að barma sér í morgunskímunni.
Ljósmynd: Sigurður Tómas Þórsson

Við rúlluðum svo inn á Eiríksstaði undir kl. 01 og hittum Jón, sem tók okkur fagnandi, sýndi aðstöðuna og fór yfir veðurfarið síðustu daga og sín plön daginn eftir. Hann ætlaði að vakna með okkur og hjálpa við að skutla bílnum en síðan þurfti hann að rúlla heim á Reyðarfjörð undir miðjan dag en ætlaði að reyna að ná myndum af okkur í veggnum með hreindýrakíkinum hinu megin fjarðarins. Eftir stuttan búnaðarbasar hentum við okkur í bólið og sofnuðum um kl. 1:30.

Ræs var kl. 06 eftir stutta kríu og restin af búnaðinum græjuð fyrir dagsverkið. Við vorum búnir að áætla að passlegur tími til að vera komnir upp í fyrstu klifurspönn væri undir birtingu milli 8 og 9. Ég henti hraustlega í mig morgunhressingunni en Robbi greyið var eitthvað daufur í dálkinn og borðaði lítið.

Stemmarinn var samt ágætur á okkur en þó nokkur titringur, því ljóst var að um stórt verkefni væri að ræða og óvissan mikil um aðstæður – veðurspáin var þess utan tvísýn þegar liði á daginn. Okkar markmið var því – eins og venjulega – að klifra hratt og skilvirkt án þess að taka óþarfa áhættu. Það var þó vitað að í svona alpaverkefni væru óhjákvæmilega mun fleiri óvissuþættir og öryggið umtalsvert minna en í hefðbundnu ísklifri, sem er jú okkar sérgrein. Jón keyrði á eftir okkur undir Goðaborgina, sem er klettaborg sem skagar út úr Búlands-tindi til austurs. Hann fór yfir hvernig best væri að haga niðurferðinni – niður SA-vegginn (og EKKI fram af Goða-borginni) og elta síðan ána í átt að skrjóðnum þegar kæmi niður á flatann.

Rétt um 06:30 vorum við komnir út í bíl og örkuðum frá bílnum hans Jóns um 07:30 út í svartamyrkrið áleiðis að því sem okkur sýndist í húminu vera íslínan undir mið- og vinstri línunum. Vinstri línan fór svo nokkurn veginn beint áfram upp frá þessari línu en til að klifra miðlínuna þurfti að hliðra aðeins til hægri eftir 1-2 spannir (því hún byrjaði í íslausu hafti).

Færið var þungt á köflum og við óðum snjóinn upp að hnjám og jafnvel mitti í fyrstu bröttu giljunum en vorum þó komnir upp að fyrsta haftinu um kl. 08:30, rétt í þann mund sem byrjaði að birta. Rétt áður en við komum að haftinu opnaði Robbi trantinn og aulaði út úr sér einhverju á þessa leið: „Æi Siggi, ég er eitthvað svo orkulaus og andlaus. Ert þú ekki til í að taka fyrstu leiðslu?“ Ég samþykkti það áður en ég sá haftið, sem reyndist byrja á dinglandi kerti með mixklifurföndri í byrjun – alls ekki það sem við áttum von á og engan veginn það sem ég hafði hugsað mér sem upphitunarhreyfingar í morgunsárið. En jæja, lítið annað að gera en að kyngja því og drífa sig af stað. Þetta var svo sem ekki neitt stjarnfræðilega erfitt en mjög bratt og helpumpandi fyrstu 10m og slaknaði lítið á brattanum allt fyrsta haftið, sem var um 30m. Seinna haftið tók við eftir stutt snjóklifur og var 20-30m en heldur léttara. Ég kom upp í fyrsta stans á ísbunka í snjóbrekkunni fyrir ofan helpumpaður, kófsveittur og kæstur – frábært...

Robbi elti og kom eftir dúk og disk upp í stansinn til mín: „Voddaf*** – þetta átti ekki að vera svona erfitt...!!“ En hann jafnaði sig fljótt og hélt af stað í næstu spönn, sem virtist vera sæmilega

Höfundur í fjórðu spönn, síðustu bröttu ísklifurspönninni. *Ljósmynd: Róbert Halldórsson*

Robbi í þriðju spönn, sem reyndist vera sú skemmtilegasta.
Ljósmynd: Sigurður Tómas Þórisson

Hrezzir í öðrum stansi eftir óþarflega erfiða byrjun. *Ljósmynd: Sigurður Tómas Þórisson*

þægilegt snjóbrölt upp á stóra syllu undir næsta íshafti. Klifrið var svo sem ekki erfitt en það þurfti að troða marvaða upp að bringu til að komast í að klóra sig á örþunnu skæni upp næsta haft. Robbi fékk klettastans ofan snjósyllunnar og ég mjakaði mér silalega sömu leið upp púðrið og hliðraði svo strax um 20m til hægri undir næsta íshaft og gerði stans. Þar sem þessi önnur spönn var óttalegt fúsk með sáralítið klifur fékk Robbi að spæna í næstu leiðslu, sem reyndist stórskemmtileg, temmilega þunn og vandasöm renna, um 30m löng. Ofan hennar tók við stuttur snjóstallur og annað styttra haft. Stans var gerður undir næsta hafti og ég tók fjórðu spönn – 20m haft, annar snjóstallur og svo snúið 20m haft í restina. Ég gerði svo stans í góðum ísbunka í snjóbrekkunni fyrir ofan.

Þegar hér var komið sögu voru bröttu ísköftin að baki og alpaklifur framundan upp á topp svo við skiptum yfir í klifur á hlaupandi tryggingum með fjórðung af línunni hvor í hönk yfir öxlina og helminginn bundinn á milli okkar.

Ætli klukkan hafi ekki verið farin að nálgast hádegið og veðrið alveg frábært. Við vorum sennilega í skjóli frá nærðingnum þarna í miðjum veggnum og á tímabili skein meira að segja sólin á okkur og útsýnið var alveg magnað. Það var frekar yfirþyrmandi að horfa yfir Berufjörðinn verandi komnir um miðja leið upp vegginn – svo svimandi hátt fyrir ofan allt en þó ljóst að bróðurparturinn af klifrinu væri enn fram undan. Stemningin var þrusugóð og nóg orka í okkur þannig að við spændum sem leið lá í átt að tindinum. Snjórinn var ansi þungur á köflum og dælan hamaðist á milljón við að mjaka okkur löturhægt milli klifurhaftanna. Við reyndum eftir megni að hafa a.m.k. eina (og helst tvær) tryggingar á milli okkar hverju sinni, því með allan þennan snjó í kringum okkur var alls ills von og ekki að spyrja að leikslokum ef brekkan færi af stað með annan eða báða innanborðs. Við ættum þó smá lífsvon ef tryggingarnar milli okkar myndu ná að stoppa flugferðina. Framan af efri partinum var ágætis framboð af ísbunkum svo við komum góðum ísskrúfum inn með reglulegu millibili auk einstakra snjóhæla auk þess sem nokkrir fleygar, hnetur og vinir voru sett inn í hrímuðu klettahöftunum.

Við sáum reglulega glitta í toppinn baðaðan í sólarglætu og það virtist vera ósköp stutt eftir – en raunin varð önnur og veggurinn hélt bara áfram út í hið óendanlega… Haft eftir haft, snjóbrekka eftir snjóbrekku… Þegar um fjórðungur var eftir upp á topp fór gamanið að kárna. Þá var veðrið farið að súrna allnokkuð – farið að kólna umtalsvert eftir því sem vindurinn jókst og skafrenningur fauk fram af topphryggnum. Klifrið varð svo sem ekki mikið erfiðara en alvarleikinn fór hins vegar stigvaxandi eftir því sem ísbunkarnir þynntust (og hurfu að lokum) og klettahöftin fóru að verða berari. Í síðustu tveimur spönnunum var mér hætt að standa á sama og leið hreint ekki vel með ástandið þó ég sé eldri en tvævetra í þessum bransa. Langt, vafasamt og nánast ótryggjanlegt haft var klifrað upp úr stansi sem var eiginlega bara félaginn sitjandi á snjósyllunni fyrir neðan að vona það besta, því þar var enga alvöru tryggingu að hafa. Hér var Robbi í essinu sínu og borgaði fyrir ræfildóminn í fyrstu spönn með því að leiða síðustu tvær spannirnar af stakri prýði. Síðasti stans var vafasamur þvergrafinn snjóhæll og stóð ég þar skjálfandi af kulda í rokinu og gat ekki annað en haldið í spottann með lífið í lúkunum meðan Robbi leiddi lokahaftið upp á topp – með enn vafasamari snjóhæl á milli okkar fyrir lokahreyfingarnar. Ef annar okkar hefði dottið í þessum síðustu spönnum værum við sennilega ekki til frásagnar…

En allt gekk þetta þó eins og í sögu og við komum upp á topphrygginn um kl. 15 eftir sjö og hálfs tíma klifur (þar af

Í fjórðu spönn (mynd tekin niðri við sjávarmál).
Ljósmynd: Jón Magnús Eyþórsson



Skóbert svolgrar niður svaladrykk á láglendinu með þefjandi tær.
Ljósmynd: Sigurður Tómas Þórisson

klukkutíma aðkomulabb). Alveg magnaður toppurinn á þessu fjalli og ekki spillti drungaleg þokan fyrir, þó hún hafi takmarkað útsýnið aðeins. Það glitti í Goðaborgina niðri til austurs og annað slagið til sjávar og niður á Djúpavog í fjarska. Smá niðurklifur „hinu megin“ kom okkur niður af hryggnum og í þægilegra landslag þaðan sem við síðan hliðruðum til austurs í átt að SA-veggnum.

Bröltið niður SA-vegginn gekk hratt fyrir sig en þar sem harðir klakabunkar voru á köflum og djúp gil kjaftfull af snjó á stöku stað þá þurfti aðeins að vanda leiðarvalið. Ekki spennandi að lenda í snjóflóði þarna eftir að hafa komið sér lifandi úr alpaveggnum. Um miðja leið niður vegginn vorum við að hliðra aðeins á ská yfir meinleysislega brekku þegar við heyrðum hvell – ósj***... En ekkert gerðist. Sennilega verið spenna að losna í snjóþekjunni þarna en við sluppum með skrekkinn – snjóflóð hafa farið af stað af minna tilefni.

Við vorum komnir í bílinn eftir eins og hálfs tíma niðurferð í sæmilega góðu ástandi og helltum í okkur ferskum pilzner. Dáðumst dágóða stund að hrikalegum veggnum þar til við keyrðum í burtu niður á Eiríksstaði þar sem við gúffuðum í okkur dýrindis kvöldmatnum og störðum í móki á imbakassann fram eftir kvöldi.

Á heimleiðinni lentum við í organdi roki sem feykti grjóti yfir bílinn í Hamarsfirði. Þegar verst lét hélt ég í örvæntingu minni hendinni á hliðarrúðunni til að spenna á móti vindinum í mestu hviðunum, sem ætluðu að feykja bílnum á haf út eða hið minnsta rífa hurðina af hjörunum. Ekki tók að lægja fyrr en við nálguðumst Höfn og við gátum loksins notið útsýnisins á þessum mögnuðu slóðum. Tókum meira að segja túristapakkann við Jökulsárlónið í brakandi sól og blíðu og enduðum daginn í Guantanamo búðunum í Skaftafelli í góðu yfirlæti hjá hressum fjallaleiðsögumönnum á vakt. Eldsnemma daginn eftir skelltum við okkur svo í sögulega epík, sem ekki verður nánar greint frá á þessum síðum...

Austurveggur Búlandstinds ***Fyrst farin:*** *20. febrúar 2016, Sigurður Tómas Þórisson og Róbert Halldórsson*

Leiðin byrjaði í hressandi bröttu hafti því skeggið náði ekki alveg niður en annars var erfiðleiki íshaftanna yfirleitt ekki meiri en WI4-5. Alpaklifurhöftin voru missnúin – flest frekar þægileg með hrími eða þunnum ís, en þau urðu tortryggðari eftir því sem ofar dró og í restina var þetta nánast ótryggjanlegt (og vafasamt klifur í þokkabót).

Fórum fyrri partinn í hefðbundnu ísklifri („pitched“) en færðum okkur svo yfir í klifur á hlaupandi tryggingum (simul-klifur) með nokkrum brattari höftum sem við tókum „pitched“.

1. spönn – 70m WI5+ stutt byrjunarhaft og WI4/5 eftir það með snjóstalli á milli.

2. spönn – 70m WI3 tengispönn. Snjóstallur með stuttu en vandasömu þunnu íshafti. Hliðrað um 30m til hægri inn að megin ísþilinu.

3. spönn – 60-70m WI4+ í þunnum ís í skemmtilegri rennu.

4. spönn – 60-70m WI4/5 í þykkari en brattari ís (tvö höft).

Hér skiptum við svo yfir í hlaupandi tryggingar og tryggðum í bland í ís, snjó og grjót (skrúfur, snjóhælar, hnetur og fleygar).

Nóg af ísbunkum framan af en þegar við áttum ca. 1/4 eftir, þá var orðið minna framboð og alvarleikinn orðinn þeim mun meiri... Við fórum miðlínuna, sem þræðir upp miðjan austurvegginn. Vinstri línan virðist vera af svipaðri erfiðleikagráðu og okkar lína en hægri línan verulega mikið erfiðari.

Skrái leiðina sem **WI5**, því WI5+ dæmið var bara fyrstu 5m og í meiri ís væri fyrsta haftið eflaust bara WI4 eða WI5.

Robbi á topphryggnum. *Ljósmynd: Sigurður Tómas Þórisson*

GARMIN
FĒNIX
CHRONOS
EITT LÍF. LIFÐU ÞVÍ TIL FULLS.
GLÆSILEGT GPS ÚR SEM SAMEINAR HEILSU- OG SNJALLÚR
FYRIR KRÖFUHARÐA ÍÞRÓTTAMENN OG ÚTIVISTARFÓLK.
SIMONE
MORO
Fjallagarpur,
þyrluflugmaður,
Kaupsýslumaður
TACHYMETER
12
CHRONOS
7502
20
6
GARMIN
GARMINBÚÐIN
Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi | s. 577 6000 | www.garmin.is

AURORA ARKTIKA
auroraarktika

Texti og myndir: Björgvin Hilmarsson

East Greenland Rock Climbing Project

Fjallaleiðsögumenn frá Íslandi kenna grænlenskum ungmennum að klifra

Emma litla var ein af þessum sem fékk aldrei nóg af klifri, en þó er gott að hvíla inn á milli.

Það er ekki svo langt síðan Austur-Grænland var að mestu einangrað frá umheiminum. Margt hefur breyst á stuttum tíma sem hefur eflaust verið krefjandi fyrir fólkið sem þar býr. Þessi hluti Grænlands hefur yfir sér ævintýrablæ. Landslagið er fallegt og oft hrikalegt, fjöllin há, langir og miklir skriðjöklar dæla ísjökum niður í firðina, sjórinn er tær og dýralífið blómstrar. En Austur-Grænland hefur verið og er enn nokkuð afskekkt og staðreynd að þar eru félagsleg vandamál töluverð og fólksflótti viðvarandi.

Mikilvægustu byggðirnar á Austur-Grænlandi eru líklega Tasiilaq sem er stærsta þorpið, höfuðstaður svæðisins og svo Kulusuk sem er miklu minna en þar er aðalflugvöllurinn á austurströndinni. Fólksflóttinn er mikill frá Kulusuk sem og öðrum smærri byggðum, allir eru á leið til Tasiilaq, ef þá ekki enn lengra í burtu, sem er draumur margra.

Ævintýraþráin sterkasti drifkrafturinn

Síðustu fjögur árin höfum við, nokkrir leiðsögumenn hjá Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum, unnið að verkefni sem við köllum East Greenland Rock Climbing Project (EGRP). Upphaflega var ævintýraþráin sterkasti drifkrafturinn, að finna góð klifursvæði, njóta þess að klifra og setja upp klifursvæði í Kulusuk sem hægt væri að nota fyrir okkur sjálfa og jafnvel ferðamenn á okkar vegum. Hugmyndin um að koma heimamönnum inn í íþróttina var eins og von eða draumur sem ekki var alveg ljóst hvort væri raunhæfur. Eins og oft vill verða þá þróast hugmyndir og breytast með tímanum og þegar reynsla fæst á hlutina. Eftir fyrstu tvær ferðirnar var orðið nokkuð ljóst hver meginmarkmiðin ættu að vera og í hvaða átt verkefnið væri að þróast.

Markmið verkefnisins

Ef ég lít yfir farinn veg og hugsa um framtíðarhorfur þá má segja í mjög stuttu máli að meginmarkmið verkefnisins sé tvíþætt. Í fyrsta lagi að setja upp klifurleiðir á Kulusuk eyju og næsta nágrenni, þar sem aðgengi er gott, leiðir sem gestir jafnt sem heimamenn geta nýtt sér. Í öðru lagi að kynna klifur fyrir börnum og unglingum á Austur-Grænlandi og vonandi vekja áhuga þeirra á sportinu. Eðlilega, sem fjallaleiðsögumenn með áhuga á að skapa okkur skemmtilega vinnu, hlýtur þriðja markmiðið að vera einhvers staðar á bakvið eyrað, þ.e. að kanna möguleika á því að hafa klifur sem hluta af því sem ferðamenn taka sér fyrir hendur á svæðinu. Þetta er á sama tíma eitthvað sem gæti hugsanlega nýst heimamönnum í framtíðinni. Því það er alveg ljóst að ferðamönnum á eftir að fjölga mikið á Grænlandi og vonandi munu Grænlendingar sjálfir taka virkari þátt í ferðaþjónustu en verið hefur.

Á Austur-Grænlandi er glímt við töluvert mikil félagsleg vandamál. Börn og unglingar hafa ekki mikið við að vera og leiðast gjarnan snemma út í drykkju eða aðra óreglu. Eitt af því sem við áttuðum okkur fljótt á er að það er erfitt að ná börnunum út fyrir hádegi. Þau vaka lengi á kvöldin og vakna seint því sjaldgæft er að einhver skipti sér mikið af því hvað þau eru að gera.

Fyrstu ferðirnar

Fyrsta ferðin var farin í ágúst 2014. Þá fóru út þeir Leifur Örn Svavarsson, Ólafur Þór Júlíusson og Jón Gauti Jónsson. Mjaðmagrindarbrot nokkrum vikum fyrr setti strik í reikninginn fyrir undirritaðan sem forfallaðist af þeim sökum. Þeir félagar voru nokkra daga á Kulusuk eyju í leit að hentugum klettum til klifurs og boltuðu töluvert af leiðum. Eftir það héldu þeir á fjallasvæði norður af Ammassalik eyju, ekki langt frá Tiniteqilaq, þar sem þeir klifruðu nokkra fallega tinda, þar á meðal allavega einn áður óklifinn. Önnur ferðin var farin í ágúst 2015 en þá komst undirritaður með enda gróinn sára sinna. Í þeirri ferð bættust fleiri boltaðar leiðir í safnið á Kulusuk eyju. Þessi ferð átti að vera með svipuðu sniði og sú fyrri, þ.e. að seinni hluti ferðarinnar myndi nýttur í klifur á hærri tindum norðar en úr því varð ekki vegna veðurs.

Klifurkennslan aðalatriðið

Í ágúst 2016 fórum við fjórmenningar af stað í þriðju ferðina og að auki bandarísk blaðakona, Berne Broudy að nafni. Þarna höfðu ákveðin kaflaskil orðið. Aðalmarkmið þessarar þriðju ferðar var að halda klifurnámskeið fyrir börnin á svæðinu og til þess þurftum við heilmikið af klifurbúnaði. Berne sýndi verkefninu mikinn áhuga og

vildi fá að koma með og skrifa um verkefnið, sem hún og gerði í grein sem birtist í Climbing Magazine. Berne er mjög vel tengd og tókst að fá til liðs við okkur nokkur þekkt fyrirtæki sem gáfu klifurskó, línur, belti, hjálma og ýmsan annan klifurútbúnað sem var nauðsynlegur til að geta haldið almennilegt klifurnámskeið. Aðkoma Berne reyndist því mikill fengur fyrir verkefnið.

Við höfðum frétt að í Tasiilaq væri Þjóðverji, Volker Nitchmann, sem hefði verið að kenna krökkunum þar að klifra á litlum inniklifurvegg í íþróttahúsinu. Tveimur árum áður hafði komið ósk frá Volker um klifurbúnað og Íslenskir Fjallaleiðsögumenn sendu honum nýja klifurlínu og eitthvað af öðrum klifurbúnaði. Nú þótti okkur tilvalið að fá krakkana í Tasiilaq til okkar líka og úr varð að fyrsti námskeiðsdagurinn var tileinkaður þeim. Volker og börnin komu siglandi yfir að morgni, þau klifruðu með okkur allan daginn og fóru svo aftur heim síðdegis. Á námskeiðinu var farið í helstu grunnatriði klifurs og rækilega í öryggismálin. Sum barnanna höfðu einhverja reynslu af því að tryggja og sýndu ágætis takta þar. Flest öll voru þau fínustu klifrarar og það sem mestu skipti, höfðu gríðarlega gaman af. Þessi dagur sló tóninn og í kjölfarið fylgdu þrír námskeiðsdagar þar sem börnin í Kulusuk tóku þátt.

Náttúrulegir klifrarar kynnast nýmóðins búnaði

Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir hefur síðustu árin séð um Kulusuk Hostel, gistiheimili sem Íslenskir Fjallaleiðsögumenn reka í þorpinu. Hún hefur alltaf veitt ómetanlega aðstoð í tengslum við þetta verkefni, ekki síst með því að vera tengiliður okkar við börnin, en eftir að hafa verið nokkur síðustu sumur í Kulusuk, þekkir hún þau vel. Hún hafði sett upp auglýsingar fyrir okkur, hengt upp miða hér og þar og þannig látið vita af námskeiðunum. Þar var nefnt að það ætti að hittast fyrir framan skólahúsið. Þar á fótboltavellinum var hitað upp í svona hálftíma fyrir hvern námskeiðsdag, hópurinn hristur saman og liðirnir liðkaðir. Eftir það var svo haldið í halarófu á eitt af klifursvæðunum sem eru öll í innan við 20 mínútna göngufjarlægð frá miðju þorpsins.

Sama átti við um krakkana í Kulusuk og þau frá Tasiilaq, þau skemmtu sér vel og sýndu okkur að þau eru náttúrulegir klifrarar enda hafa þau prílað í klettum alla tíð eins og krakkar gera jú gjarnan. En þarna fengu þau að kynnast búnaði sem þau höfðu ekki séð áður og hafa líklega ekki haft hugmynd um að væri til.

Öryggið var meginþema

Meginþema námskeiðanna var að sjálfsögðu öryggi og við lögðum mikið upp úr því að kenna þeim réttu handtökin. Boltuðu leiðirnar reyndum við að hafa þannig að þær væru tiltölulega auðtryggjanlegar og flestar í léttari kantinum enda ætlaðar til kennslu og fyrir þá sem eru að kynnast íþróttinni. Að klifra í ofanvaði hefur verið látið duga hingað til en án efa munu þau hæfustu fá að reyna við leiðsluklifur í náinni framtíð.

Á myndinni sést vel svæðið sem kallast Andrés Önd og einnig Bjarnabófarnir innar.

Ofanvaðsklifur í tveimur af Bjarnabófaleiðunum 176-167 og 167-671. David sáttur með daginn.

William er ekki hár í loftinu en sýndi af sér ótrúlega klifurhæfileika.

Sýnikennsla í því hvernig gott er að bera sig að við klifrið og beita klifurtúttunum. Allir krakkarnir hlusta og sitja þarna kyrr. En það var ekki lengi, fljótlega færðist heldur betur fjör í leikinn.

Dagarnir hófust á því að spilaður var fótbolti fyrir framan skólahúsið. Það reyndist góð leið til að kynnast og hita upp fyrir klifrið.

Afmæli er skemmtilegt slabb-svæði þar sem betra er að treysta klifurskónum vel.

Á námskeiðunum voru krakkarnir að nýta eitthvað sem þau gjörþekkja, bakgarðinn sinn, klettana og náttúruna á allt annan hátt en áður. Þau eru hluti af náttúrunni en stundum skortir á virðingu fyrir henni sem sést á því hve mikið rusl er á víðavangi og því hent hugsunarlaust nánast hvar sem er. Þetta var eitt af því sem við höfðum einnig í huga á námskeiðunum og vorum því með tiltektarátak í leiðinni. Við báðum börnin um að safna rusli í poka og reyndum að minna þau á að skilja ekkert eftir á klifursvæðunum. Hvort þetta hafi haft einhver áhrif er ómögulegt að segja en okkur þótti nauðsynlegt að reyna að koma þessari hugsun að í það minnsta.

Námskeiðin heppnuðust vel og ákveðið að halda áfram

Eftir þessa þriðju ferð varð okkur ljóst að áhugi krakkanna er mikill og það að halda þessi námskeið er þarft og getur stuðlað að einhverju jákvæðu.

Allir voru því sammála um að fara aftur út að ári liðnu og endurtaka leikinn. Það var gert í ágúst 2017. Í þeirri ferð voru kvíarnar færðar út og klifurleiðir settar upp í Tasiilaq. Volker hafði flutt aftur til Þýskalands, en okkur þótti nauðsynlegt að krakkarnir í Tasiilaq fengju að klifra meira.

Að þessu sinni fóru Leifur Örn og undirritaður beinustu leið til Tasiilaq í von um að finna svæði sem hægt væri að nýta til að setja upp boltaðar leiðir. Ýmislegt var skoðað en á endanum reyndist hentugasti staðurinn vera beint fyrir aftan íþróttahúsið í bænum. Þar er ágætis klettur og náðum við að setja upp fimm fullboltaðar leiðir og þrenn toppakkeri. Við skelltum í klifurnámskeið og áhugasöm börnin fengu að prófa glóðvolgar leiðirnar eftir smá upphitun á inniveggnum.

Bleiki veggurinn svokallaði er mjög fallegt grjótglímusvæði, örstutt frá Kulusuk Hostel (húsið næst lengst til hægri á myndinni). Margt í boði og miserfitt.

Eftir þetta héldum við Leifur aftur til Kulusuk þar sem bættust við þau Ólafur Þór og Elín Sigurveig Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Fjallaleiðsögumanna. Fyrir lá næsta törn af námskeiðum fyrir börnin í Kulusuk, með svipuðu sniði og enn meira fjöri. Það var margt um manninn að þessu sinni. Auk okkar fjögurra sem vorum í EGRP hópnum þetta árið, voru ýmsir á staðnum í öðrum erindagjörðum en að sjálfsögðu til í að leggja hönd á plóg, þar á meðal var Einar Torfi Finnsson ásamt syni sínum. Frá Íslandi kom einnig austurríski fjallaleiðsögumaðurinn Dario Schwörer ásamt fimm ára dóttur sinni. Hann hefur í yfir 16 ár búið og ferðast um heiminn á seglskútu ásamt konu sinni og hafa þau eignast sex börn á þessum tíma. Þegar þetta er ritað eru þau enn stödd á Íslandi og ætla að hafa hér vetursetu. Dario var mjög áhugasamur um verkefnið og vildi ólmur fá að taka þátt. Var hans innlegg mjög gott og hjálplegt.

Íslensku börnin tekin með til Grænlands

Það var skemmtileg nýbreytni þetta árið að taka nokkur af ungum börnum okkar með frá Íslandi. Samtals voru því fimm börn sem ekki voru frá Grænlandi sem tóku þátt allan tímann. Hugmyndin var að þau fengju að kynnast lífinu á Grænlandi og að grænlensku börnin fengju að kynnast þeim. Þrátt fyrir ólíkan bakgrunn áttu þau klifuráhugann sameiginlegan og undu þau sér vel saman þessa daga. Þessi nýbreytni tókst mjög vel og ekki ólíklegt að íslensk börn verði höfð með aftur að ári. Það er þegar farið að skipuleggja næstu ferð og ekkert sem bendir til að ævintýrið sé á enda í bráð.

Það er trú okkar að þetta verkefni sé að gera grænlensku börnunum gott og því fullur vilji til að halda því áfram. Allir sem hafa komið að verkefninu hafa gefið vinnu sína og að auki hafa fjölmörg fyrirtæki stutt við verkefnið.

Ásamt því að þakka fjölskyldum okkar fyrir þolinmæðina vil ég hér með fá að nefna helstu styrktaraðila verkefnisins í gegnum tíðina og þakka þeim fyrir stuðninginn:

Íslenskir Fjallaleiðsögumenn
Air Iceland Connect
Mountain Equipment
Visit Greenland
Íslenski Alpaklúbburinn
Íslensku Alparnir
Liberty Mountain
Black Diamond
Cypher
Mammut
Petzl
Fixe
Rick Bazluke
Sveitarfélagið Sermersooq
North Atlantic Tourist Association
GOICE.is

Kennileiti: 1) Kulusuk Hostel, 2) skólahúsið, 3) kaupfélagið — *Klifursvæði:* 4) Bleiki veggurinn, 5) Afmæli, 6) Bjarnabófar, 7) Andrés Önd, 8) Jóakim a, 9) Jóakim b, 10) Honeymoon Wall.

Klifursvæðin á Kulusuk eyju

Á yfirlitsmyndinni hér að ofan sést hvernig best er að fara á klifursvæðin nærri Kulusuk ef miðað er við að byrja við gistiheimilið Kulusuk Hostel. Fullbúinn leiðarvísir er í vinnslu. Þangað til fær eftirfarandi lýsing á klifursvæðunum að duga.

Til að fara að svæðum 6 - 9 er farið frá gistiheimilinu (1) og að skólahúsinu (2), áfram í gegnum þorpið og út úr því aftur. Leiðin er augljós eftir að farið er fram hjá skólanum. Gott kennileiti er einnig mastrið uppi á hæðinni sem blasir við og til að fara að svæðum 6 og 7 er sveigt til hægri niður að sjó en best að halda áfram yfir hæðina til að komast að svæðum 8 og 9. Þó er hægt að fara að svæðum 8 og 9 með því að fara frá svæði 6 og rangsælis í kringum háhæðina. Klöngrið í og við hæðina er ekki erfitt en þó þarf að hafa varann á ef ferðast er með unga og óvana með sér.

Til að komast að svæðinu sem kallast ***Afmæli*** (5) er auðveldast að ganga yfir trébrúna sem þverar lækinn sem rennur úr vatninu við gistiheimilið. Sama er gert til að komast að ***Bleika veggnum*** (4) og ***Honeymoon Wall*** (10). Mögulegt er að fara aðra leið sem er fær að ***Afmæli,*** en þó aðeins á fjöru. Sú leið sést vel á myndinni, rauða örin sem virðist liggja beint yfir sjó. Hentugt er að geta farið þar yfir ef halda skal beint frá svæðum 6 til 9, í stað þess að fara alla leið að gistiheimilinu aftur. Stikla þarf á steinum sem standa upp úr þegar flæðir frá og þeir eru því oft blautir og hálir.

Öll svæðin eru í 15-20 mínútna göngufjarlægð frá gistiheimilinu nema ***Honeymoon Wall*** sem tekur um klukkutíma að rölta í. En gangan er skemmtileg. Þar er búið að bolta þrjár spannir af fjórum í leið sem kallast einfaldlega ***Kulusuk Hostel.*** Ísalparinn Einar Ísfeld mun víst hafa klifrað einhverja línu í þessum vegg fyrir nokkrum árum síðan án þess að ég viti hvar hún liggur.

Þegar leiðirnar voru gráðaðar var hugsunin sú að hafa þetta meira í stíl við það sem gerist í Evrópu, þ.e. að forðast þá undirgráðun sem tíðkast hefur á Íslandi.

Bleiki veggurinn
Grjótglímusvæði, enn að mestu óskilgreint og margt í boði.

Afmæli
Sex boltaðar leiðir: ***Ágætis byrjun*** (5a), ET (5b/c), ***Elvis is not here*** (5c), ***Smörrebröd*** (6a), ***Von*** (6b) og ***Shorty*** (5c). Sól kemur í vegginn uppúr tvö.

Bjarnabófar
Fjórar boltaðar leiðir: ***„176-167“*** (5c), ***„167-671“*** (5c), ***„716-167“*** (6a) og ***Politiet*** (6a+). Morgunsvæði, sól endist til hádegis.

Andrés Önd
Fimm boltaðar leiðir: ***Rip*** (4c), ***Rap*** (5b), ***Rup*** (5c), ***Mína*** (5a) og ***Sína*** (5c). Að auki eru tvö stök ofanvaðsakkeri. Sól í veggnum til klukkan tvö.

Jóakim a
6b+ leið kölluð ***Diagonal*** (áberandi díagonal spunga) og tvær aðrar stuttar og ógráðaðar. Sól á svæðinu snemma morguns og síðla dags.

Jóakim b
Tvær þéttboltaðar línur hugsaðar í leiðsluæfingar. Að auki tvö akkeri sem hægt er að nýta fyrir minnst fimm mismunandi ofanvaðslínur. Fínt æfingasvæði sem fær sól uppúr hádegi.

Honeymoon Wall
Ein fjögurra spanna leið, þrjár spannir boltaðar, sú erfiðasta líklega um 6b. Ýmsir dótaklifursmöguleikar í þessum vegg sem kemst í sól rétt fyrir hádegi.

Markmiðið er að gera börnin sem mest sjálfbjarga í klifrinu. Að kenna þeim að tryggja er liður í því. Julia stóð sig vel.

Texti: Bjartur Týr Ólafsson
Myndir: John Snorri

John Snorri, fyrstur Íslendinga á K2

John Snorri Sigurjónsson varð í sumar fyrsti Íslendingurinn til að klífa K2, Lhotse og Broad Peak. John Snorri er 44 ára gamall og uppalinn í Ölfusi. Á ferðalaginu safnaði hann styrkjum fyrir styrktarfélagið LÍF. Hann segist ávallt hafa haft sterka tengingu við náttúruna og fjöllin. Ísalp náði tali af John Snorra.

Á toppi Broad Peak 8.051m, 4. ágúst 2017, fyrstur Íslendinga. Á myndinni eru frá hægri John Snorri Sigurjónsson, leiðsögumaðurinn Ali Reza í fjórða sinn á toppnum, Tsering Sherpa og fremst Mingma Sherpa. Ofsaveður var á toppnum en allir í fanta stuði.

Hver er þinn bakgrunnur í fjallamennsku?

„Í sveitinni kynnist maður náttúrunni mjög vel. Maður var mikið á fjöllum og sendur ungur að elta féð. Svo var maður í Skátunum og Björgunarsveitunum. Þannig að ég er alinn upp í náttúrunni og finnst ég oft vera partur af fjöllunum. Ég hef síðan sjálfur notað öll tækifæri til að fara á fjöll. Bæði á göngu, í klifri og á gönguskíðum. Það sem mér finnst best er að fara þangað sem enginn er og vera í auðninni. Minn uppáhaldsstaður er Þórsmörk."

Einn á Mont Blanc

„Ég klifraði Mont Blanc árið 2011. Pabbi minn og vinur lögðu af stað með mér en við snerum við vegna óveðurs á Þriggjatindaleiðinni. Við fórum niður og biðum af okkur veðrið í tvo daga. Sú leið lokaðist og eina opna leiðin var því Gouter leiðin. Það voru um 300 manns skráðir á toppinn. Að lokum held ég að það hafi aðeins verið milli fimm og tíu sem náðu á toppinn þennan dag. Ferðafélagar mínir urðu eftir en ég hélt einn áfram. Það var mikið rok á leiðinni og langflestir sneru við. Ég hitti þá leiðsögumann sem sagðist hafa farið fjallið 40 sinnum og ég ákvað að elta hann. Ég náði toppnum þegar hann var að koma niður með sína kúnna. Ég stóð á toppnum heillengi, áreiðanlega 40 eða 50 mínútur að njóta útsýnisins. Síðan hef ég einnig farið á Elbrus, Ama Dablam og í grunnbúðir Everest."

Hvenær fórstu að hugsa um það að fara á K2?

„Ég var 14 ára þegar sá grein um K2 í blaði. Ég las ekki mikið í þá daga, en þarna settist ég niður, las greinina og fylgdist stíft með öllum frekari umfjöllunum. Þegar ég fór síðan að klífa fleiri fjöll færðist hugmyndin og draumurinn alltaf nær mér."

Í hverju fólst undirbúningurinn fyrir K2?

„Ég ætlaði að fara árið 2020 en ég missti pabba minn í desember og ákvað í janúar að nú væri minn tími kominn. Ég flaug síðan út 3. apríl gagngert til að æfa mig fyrir K2. Ég byrjaði að fara á Imja Tse eða Island Peak sem er 6.189m og svo fórum við, ég og Tsering Sherpa, yfir í grunnbúðir Everest og þar klifraði ég Lhotse. Við klifruðum með öðrum hópi sem var að fara á Everest. Við fórum svolítið seint af stað í óvæntum veðurglugga á Lhotse. Þá var hvorki búið að leggja línur upp á Everest né Lhotse og við ætluðum að bíða en veðurspáin leit ekki vel út næstu daga. Við ákváðum því að fara beint frá grunnbúðum upp í búðir tvö og þaðan upp í búðir þrjú daginn eftir. Við lögðum línur úr 8100 metrum og upp á topp. Eftir toppinn fórum við alveg niður í búðir þrjú og slepptum alveg búðum fjögur. Það hafði aldrei verið gert fyrr og okkar hópur var fyrstur til að toppa síðan 2013."

Hópurinn samanstóð af Kínverjum, Bandaríkjamönnum, Pakistönum, Nepalbúum, Norðmanni og einum manni frá Singapúr. Myndin er tekin í grunnbúðum K2. Á myndinni eru fánar Íslands, Cintamani, Fjallakofans, Buff og Líf Styrktarfélags.

„Þetta gekk annars vel en við vorum mjög lengi. Gangan tók okkur um sólarhring en þetta var einungis undirbúningurinn og í framhaldinu fór ég til Pakistan."

Kynntist Ueli Steck á fjallinu

„Ég kynntist Ueli Steck í Khumbu dalnum. Við spjölluðum saman en hann var mjög einlægur maður og þægilegur viðmóts. Við mættumst nokkrum sinnum í Khumbu ísfallinu, Ueli var mjög hraður yfirferðar. Síðasta skiptið sem við hittumst þá vorum við báðir á leið upp í búðir tvö og hann gekk fram hjá mér í hlaupaskóm með litlum broddum. Næsta dag talaði ég við myndatökumanninn hans og hann benti mér á hann þar sem hann var að klifra Nuptse. Daginn eftir það var ég síðan á leiðinni upp í búðir þrjú þegar ég sá þyrlur koma. Þá hafði hann hrapað."

Hvernig gekk ferðalagið til Pakistan?

„Það var skemmtilegt, ég fór til Islamabad og þaðan í fjallaþorp sem heitir Skardu. Við flugum með Hercules C130 herflugvél sem var mjög gaman. Við eyddum þremur dögum í Skardu til að ganga frá öllum leyfunum, ókum þaðan á jeppum til Askoli og gengum loks í sjö daga upp í grunnbúðir. K2 er rosalega afskekkt þannig að undirbúningurinn þarf að vera gríðarlega góður og það þarf að gæta þess að hafa allt með sér fyrir næstu tvo mánuði. Maturinn er borinn alla leið upp í grunnbúðir; kúm, geitum og hænum er svo slátrað á staðnum að hætti Halal."

Toppur K2.

„Við gengum Baltoro jökulinn sem er lengsti jökull í heimi eða um 63 km. Þar fannst mér ég oft vera ganga í Landmannalaugum eða í Þórsmörk, gangan var fögur og skemmtileg.“

Varstu með sama Sherpa þarna?

„Já, ég var með þann sama, Tsering Sherpa en ég var búinn að kynnast honum vel. Hann er mjög áhugasamur og tók alltaf vel í hugmyndir mínar sem var mjög þægilegt.“

Eitt stórt mótlæti

Það tók síðan við mikil bið hjá ykkur. Það hlýtur að hafa verið erfitt?

„Þetta er 70% huglægt og 30% líkamlegt. Þú velur þér fjallið sem þína áskorun og það er eitt stórt mótlæti. Þegar ég sá K2 í fyrsta skiptið þá sá ég hvað þetta er voldugt fjall. Það sem er erfitt við K2 er veðurfarið, því með Broad Peak þarna beint á móti myndast miklir háfjallavindar og veðrið breytist mjög hratt. Þegar við vorum að klifra þurftum við oft að snúa við. Einnig var mikið um snjóflóð á kaflanum frá Advanced Base Camp og upp í búðir eitt, við þurftum fimm sinnum að hlaupa undan snjóflóðum. Eitt skiptið lenti ég í snjóflóði þegar ég var að fara meðfram klettahafti, heppilega var ég nýbúinn að festa mig í línu. Það var hópur þarna frá Mexíkó sem var að reyna við fjallið í níunda sinn en allir sem voru með mér í hópnum voru að reyna í þriðja sinn. Ég sá að þetta er mjög tengt hugarfari; líkaminn er orðinn þreyttur og segir manni að fara niður. Þannig að ég ákvað að hugsa jákvætt allan tímann. Það er rosalega mikilvægt að vera í andlegu jafnvægi og með rólegan huga. Maður verður að taka mótlætinu með jafnaðargeði og það áttu sumir í vandræðum með það. Í upphafi ætluðu milli 50 og 60 manns að klifra K2 en í lokin stóðu aðeins 11 á toppnum. Við fengum tvær veðurspár sem við bárum saman og niðurstaðan var sú að 27. júlí yrði toppadagurinn. Það stefndu allir á þennan dag en til þess að ná honum þurfti að ná búðum fjögur að kvöldi 26. júlí. Okkar hópur var stærstur og með um 6km af línum sem við lögðum upp suðausturhrygg K2 eða svokallaða Abruzzi leið. Aðrir hópar fengu að festa sig við línuna okkar. Einn hópur ákvað að fara Cessen leið eða suðsuðausturhrygginn, sem sameinast Abruzzi leiðinni í búðum fjögur. Þaðan ætluðum við að sameina krafta okkar upp á topp.“

Dýrvitlaust veður

„Við lentum í biluðu veðri frá búðum tvö upp í búðir þrjú. Búðir þrjú hafa undanfarin ár þurrkast út í snjóflóðum svo við ákváðum að setja okkar þriðju búðir neðarlega í Black Pyramide, sem er 400-500m klettabelti. Við vorum fastir í tjöldunum í tvo sólarhringa og heyrðum í talstöðvunum að hinir hóparnir sneru við. Eftir stóðum við ein á fjallinu og veðrið var dýrvitlaust. Daginn eftir héldum við áfram en náðum ekki upp í búðir fjögur. Til að komast áfram

K2 Camp 2 að koma fyrir tjöldum.

unnum við eins og tannhjól en það varð að skipta út fyrsta manni reglulega. Sá þurfti að moka sig upp fjallið og rífa upp línuna sem var grafin í snjóinn, þetta keyrði mann út á 10 mínútum. Ferðin úr búðum þrjú í fjögur tekur vanalega sex klukkutíma en við vorum 12 tíma á leiðinni og hækkuðum okkur aðeins um 600m. Þar settum við upp búðir í 7.600m hæð og stefndum þaðan upp á topp. Toppadagurinn átti að taka okkur 12 tíma en það var agalega mikill snjór sem hægði á okkur. Þegar við nálguðumst Bottleneck vorum við um þrjá tíma að komast 60m í mittisdjúpum púðursnjó. Þar undir var síðan blár ís sem þurfti virkilega að sparka í með mannbroddunum til að ná gripi.“

Hvernig gekk síðan þegar þið komuð inn í Bottleneck?

„Við gengum í myrkri upp að Bottleneck en þá birti fyrst til. Ég sá ísvegginn Serac sem er 210m hár, yfirhangandi og sprunginn. Það var mjög óþægileg tilfinning. Við gengum í gegnum svæði með ískögglum sem höfðu fallið úr veggnum. Það tók þrjá tíma að færast 60m í Bottleneck kaflanum. Útlimir voru kaldir, líkaminn í raun búinn á því og vanlíðan því mikil. Við komumst upp úr flöskuhálsinum á sæmilegum tíma en svo þarf að þvera undir ísvegginn sem var mjög erfitt sökum mikils snjós á fjallinu. Í þessum mikla bratta þurfti að fjarlægja allan snjó til að koma broddunum í ísinn.“

Í fréttamiðlum var talað um að þið hefðuð notað skóreimar síðasta spölinn. Getur þú útskýrt það nánar?

„Hópar borga sig oft inn á línurnar. Hópur frá Svíþjóð ætlaði að greiða fyrir samnýtingu á okkar línu með því að bera 400m af línum upp í búðir fjögur sem við myndum síðan nota á toppadaginn en þeir sneru við. Við kláruðum línurnar okkar aðeins fyrir ofan ísvegginn. Við ákváðum að nota gamlar línur sem voru þarna fyrir, væntanlega síðan 2014. Þetta var áhættusamt en við settum upp ný akkeri. Þegar við áttum 250m eftir upp á topp áttum við enga línu eftir en notuðum þá stutta spotta sem við höfðum meðferðis til að binda okkur saman þrjá og þrjá og þannig kláruðum við upp á topp. Það voru því ekki skóreimar í eiginlegum skilningi þess orðs.“

Hvernig var svo tilfinningin að standa á toppnum?

„Það var skrýtið, markvisst var ég búinn að útiloka tilfinningarnar. Á leiðinni upp voru allir að frjósa á puttunum og mér var farið að líða illa í tánum. Líkaminn var búinn á því og farinn að kalla á að fara niður. En það er hugurinn sem kemur manni upp og ég reyndi að hugsa bara um eitt skref í einu. Þegar ég kom á toppinn á K2 þá bara gerðist eitthvað. Ég varð meir og talaði við konuna mína í símann en einn í hópnum grét allan tímann. Tilfinningarnar voru ákaflega blendnar og sérstakar. Ég var mjög stoltur að standa á toppnum og þá sérstaklega að vera Íslendingur og standa á toppnum.“

K2 Bottleneck.

Hvernig gekk að komast niður?

„Það gekk mjög vel. Ég sá að allir voru að undirbúa sig til að fara niður og sagði við Tsering að við skyldum fara fyrstir. Ég fer yfirleitt frekar hratt yfir og vildi ekki festast fyrir aftan auk þess sem við höfðum verið 17 tíma að klífa upp á topp í stað 12 eins og áætlað var og ég því orðinn súrefnislítill. Ég var með tvo kúta og átti þriðjung eftir í þeim síðari, á leiðinni var ég með 1 l/mín af súrefni. Eftir stutta stund fór mér að líða undarlega, ég varð valtur og missi styrkinn í fótunum. Þá áttaði ég mig á því að ég hafði ekki kveikt aftur á súrefninu eftir toppinn, svo sterk voru áhrifin. Ég þurfti svo að bíða til að jafna mig áður en ég gat haldið áfram göngunni.“

„Þegar við vorum komnir niður að ísveggnum þurftum við að þvera undir hann aftur til að komast inn í Bottleneck og þar skrikaði ég til. Ég var orðinn þreyttur og rann af stað en stoppaði í púðrinu. Ég þurfti að sparka fast til að koma mér aftur upp í sporin. Þetta gekk illa og ég varð mjög þreyttur en komst að lokum upp í sporin. Við sigum niður Bottleneck og eftir það gekk vel niður í búðir fjögur. Þar átti ég súrefniskút sem ég hafði sofið með nóttina áður. Gangan niður í grunnbúðir næsta dag gekk mjög vel. Ég var þreyttur en leið vel.“

Fljótastur á Broad Peak

Næst fórstu á Broad Peak, hvernig kom það til?

„Ég sá náttúrulega Broad Peak úr grunnbúðum. Sökum snjós var fjallið frekar erfitt eftir búðir þrjú og það var búið að ganga illa hjá hinum hópunum að berjast upp fjallið. Þegar ég var kominn niður af K2 leið mér vel og fannst ég hafa næga orku áfram. Ég vissi að ef ég færi af stað þá myndi ég komast upp á topp. Á fjallinu sló ég tvö met, ég varð hraðastur frá grunnbúðum upp og niður, eða um tvo sólarhringa. Svo hefur enginn komist á jafn skömmum tíma milli toppanna tveggja eða á tæpum sjö sólahringum.“

Hvað er svo næst?

„Draumurinn var nú bara að koma heim og tína bláber með fjölskyldunni. Ég var rosalega ánægður að koma heim og finnst ég ekki þurfa að setja önnur markmið. Það er auðvitað ýmislegt í kollinum sem mann langar en ég ætla ekki að greina frá því strax. Ég vil bara komast niður á jörðina og vera með fjölskyldunni.“



Texti: Sigurður Tómas Þórisson

Múlafjall

Leiðarvísir um ísklifursvæðið Múlafjall í Hvalfirði

Almennt

Múlafjall er reisulegur múli í botni Hvalfjarðar sem skilur að Brynjudal og Botnsdal. Í fjallinu eru brött hamraþil bæði til suðurs og norðurs og bjóða þau upp á einar allra bestu aðstæður landsins til ísklifurs.

Sunnan megin (í Brynjudal) eru margar glæsilegar leiðir, s.s. ***Snati*** (WI5+/6), ***Nálaraugað*** (WI5), ***Svartur á leik*** (M10) og ***Þyrnigerðið*** (M8+). Raunar má þar finna mikinn fjölda leiða af öllum stærðum og gerðum. Verða þeim gerð betri skil í leiðarvísi fyrir Brynjudal.

Norðan megin (Botnsdals megin) er hins vegar það svæði sem þekkt er í ísklifurbransanum undir nafninu „Múlafjall“ og er svæðið án nokkurs efa vinsælasta ísklifursvæði landsins. Fjölmargar kynslóðir ísklifrara hafa stigið þar sín fyrstu spor í sportinu en svæðið hefur upp á flóru leiða að bjóða bæði hvað erfiðleikastig og skemmtigildi varðar. Nokkrar þeirra mega teljast klassísk meistarastykki.

Toppurinn á Múlafjalli liggur í rúmlega 300m hæð yfir sjó - ísklifurklettarnir eru í 150-200m hæð og vísa í norður.

Aðkoma

Frá Reykjavík er um 50-60km akstur að Múlafjalli. Þjóðvegur 1 (Vesturlandsvegur) er ekinn í átt að Borgarnesi/Akureyri í átt að Hvalfjarðargöngum. Um 500m áður en keyrt er niður í göngin er beygt til hægri (austurs) eftir þjóðvegi 47 (Hvalfjarðarvegi). Hvalfjarðarvegur er ekinn sem leið liggur gegnum Kjósina, fram hjá Reynivallahálsi og fram hjá Brynjudal. Þegar komið er yfir lága múlann norðan Brynjudals liggur vegurinn undir Múlafjalli og blasa ísklifurklettarnir við ofarlega í hlíðinni. Ekið er nokkra kílómetra undir hlíðinni og bílnum lagt á malarplani niðri við flæðarmálið. Gangan frá bílastæðinu tekur 30-45 mín eftir því hvaða svæði er valið.

Um ísklifrið

Ekki er vitað með fullri vissu hvenær fyrst var klifrað í Múlafjalli. Elsta skráða leiðin í norður-hömrum Múlafjalls er leiðin ***Rísandi,*** en hún var klifruð af þeim Snævarri Guðmundssyni og Jóni Geirssyni árið 1983. Þegar frumkvöðlar í ísklifri á níunda áratugnum fóru sínar fyrstu ferðir þangað voru menn ýmist svo vissir um að allt hefði verið klifrað áður að þeir spáðu lítið í skráningu leiða, gráðun og nafnagiftum eða að ekki þótti taka því að eltast við skráningu leiða í léttari kantinum. Kynslóðirnar á eftir komu því að kofunum hálftómum líkt og frumkvöðlarnir. Aldrei var víst hvort leið var farin eða ekki og síst vildu menn líklega eigna sér leiðir sem einhverjir höfðu farið fyrir löngu.

Leiðarvísir fyrir Hvalfjörð frá árinu 1986 telur einungis upp 8 leiðir á svæðinu. Í annálum ársrita Ísalp má þó finna nokkrar hetjudáðir sem komust á prent, t.d. ***Earl Grey*** (M7, leið C4), ***Scottish Leader*** (M7, leið B6) og ***Hoka Hey*** (M6, leið B21) en það er þó aðeins brot af þeim leiðum sem klifursamfélagið frumfór á þessum árum.

Svona liðu árin og aldrei var gerður skurkur í að skrá leiðirnar á svæðinu. Það var svo ekki fyrr en vorið 2017 að hóað var í opinn fund þar sem Ísölpurum var boðið að skoða ítarlegar myndir af svæðinu (teknar af Þorsteini Cameron) og merkja við leiðir sem menn könnuðust við og töldu sig jafnvel eiga frumferð upp. Afrakstur þeirrar vinnu er þessi leiðarvísir. Mjög líklega eru einhverjar leiðir rangnefndar og/eða „rangfeðraðar“ en það verður bara að hafa það. Hefur hugtakið „Múlafjallsfyrirvari“ orðið þekkt í klifurheiminum á síðustu árum og er þar átt við að almennt um leiðaskráningu í Múlafjalli sé óvissa með frumferðir. Rétt er að ítreka að leiðarvísirinn er alls ekki tæmandi og heldur ekki endilega kórréttur en er þó okkar besta viðleitni til að skrásetja þessa vöggu ísklifurs á Íslandi. Við vonum að Ísalp-arar kunni að meta þetta framtak á afmælisárinu og að vinsældir Múlafjalls aukist enn frekar með þessari útgáfu.

Á svæðinu eru nú 69 skráðar ísleiðir, þar af 12 boltaðar að hluta eða í heild, en enn eru líklega margar línur ófarnar af flestum erfiðleikastigum. Lengd leiða á svæðinu er frá 10-20m smáfossum allt upp í rúmlega 100m fjölspannaleiðir og að sjálfsögðu öll flóran þar á milli. Erfiðleikastig leiða er allt frá WI2 upp í M7+.

Mælt er sérstaklega með ***Testofunni*** (svæði C) og fjölspannaleiðunum ***Rísanda*** og ***Stíganda.*** Annars hefur nokkrum klassískum leiðum víðs vegar um svæðið verið veitt stjörnugjöf til málamynda.

Tímabil

Múlafjall er yfirleitt það svæði á SV-horninu sem klifrarar leita fyrst í þegar að kólna tekur á haustin. Vatn seytlar niður klettana úr stórri mýri ofan á fjallinu. Lágt hitastig í botni Hvalfjarðar, skuggi í norðurhlíðinni og lega klettanna í nokkurri hæð yfir sjó skapa kjöraðstæður fyrir ísmyndun. Aðeins svæði sem liggja hærra yfir sjó, t.d. Eilífsdalur og Villingadalur, komast í aðstæður fyrr en Múlafjall og stundum hefur Múlafjall jafnvel vinninginn, líklega vegna hins stöðuga vatnsflaums.

Tvær sjálfvirkar veðurstöðvar eru staðsettar nálægt Múlafjalli og geta gefið góðar vísbendingar um hvernig aðstæður í fjallinu þróast hverju sinni. Það eru annars vegar veðurstöð við Þyril (53 m.y.s) og hins vegar veðurstöð á Botnsheiði (500 m.y.s). Hægt er að skoða mælingar frá þessum veðurstöðvum á vefnum *www.vedur.is* allt að viku aftur í tímann. Veðurstöðin á Botnsheiði getur einnig gefið góða mynd af aðstæðum í Villingadal.

Helstu gallar við Múlafjall eru: a) Í mikilli snjóatíð skefur ansi duglega undir klettana og fara leiðirnar stundum hálfpartinn á kaf. Hefur því svæðið einkum verið vinsælt í upphafi tímabils þegar snjólítið er. b) Ef alveg snjólaust er og kalt, þá kemur oft fyrir að mýrin ofan svæðisins botnfrýs en þá þornar kletturinn alveg og ís hættir að byggjast upp. Kjöraðstæður í Múlafjalli eru því snjólitlir (en þó ekki snjólausir) vetur með stöðugu frosti.

Með tilkomu boltunar mixklifurleiða í seinni tíð er hægt að klifra í Múlafjalli frá fyrstu frostum og fram á vor við tiltölulega öruggar aðstæður.

Rétt er að benda fólki á að **klifra helst ekki í Múlafjalli í frostleysi,** því að á svæðinu er allnokkuð um lausa steina og jafnvel stórar blokkir, sem eru sérlega varasamar í þíðu. A.m.k. eitt slys og annað nærslys má rekja til grjóthruns í þíðu veðri og því er ástæða til að árétta þessi varnaðarorð hér í þessu riti. Auk þess mynda oft á tíðum mosi og drulla lykiltök í leiðum en í frostleysi rifna slíkar gersemar sorglega oft af.

Þakkir fyrir innlegg og upplýsingar: *Ágúst Þór Gunnlaugsson, Matteo Meucci, Róbert Halldórsson, Jónas G Sigurðsson, Þorsteinn Cameron, Páll Sveinsson* og fleiri.

A) Hlaðhamrar



Svæðið beint ofan við bílastæðið. Fjöldi ísleiða, einkum í léttari kantinum en lítið um skráðar leiðir.

A1) **Músarrindill** WI4, 30M
11/17: Matteo Meucci, Bjartur Týr, Jón Gauti Jónsson
Auðveldur rampur í byrjun leiðar liggur upp að stuttu en bröttu lokakerti.

A2) **I Love Backup** WI3, 30M
11/16: Matteo Meucci, Kári Brynjarss., Jónas G. S.
Byrjar á að fara upp í þrönga kverk, hægra megin við stóra blokk sem yfirleitt skagar vel út úr ísnum. Þaðan er haldið beint upp í gegnum regnhlífafrumskóg.

A3) **WW3** WI3
11/16: Jónas G. S., Kári Brynjarss., Matteo Meucci
Byrjar á því að þræða léttustu leið upp í miðjan vegg. Þaðan er stefnan tekin til hægri og inn í kverk, með áberandi klettavegg á hægri hönd. Leiðin var farin stuttu eftir forsetakosningar í Bandaríkjunum og er nafn hennar ákveðin spá um komandi tíma.

A4) **Þriðjudagstilboð** WI3+, 35M
11/17: Jónas G. S., Bjartur Týr, Michael Reid
Stutt og góð leið. Þetta svæði er oft mjög „regnhlífað“ og þræðir þessi lína á milli þeirra. Getur sennilega verið WI3 ef regnhlífarnar myndast á hentugri máta.

A5) **Í kjólinn fyrir jólin** WI3, 35M
11/17: Michael Reid, Bjartur Týr, Jónas G. S.
Leiðin upp mitt ísþilið, sem veitir minnsta mótstöðu. Skemmtilegar blokkir í byrjun sem bjóða upp á áhugaverðar hreyfingar.

A6) **Veðmálið** WI3, 30M
11/16: Matteo Meucci, Kári Brynjarss., Jónas G. S
Þægileg leið en með nokkuð minna af regnhlífum en leiðirnar á vinstri hönd. Veggurinn snýr aðeins öðruvísi þarna og virðist ekki laða regnhlífar eins mikið að sér.

A7) **Hvítir hrafnar*** WI4, 40M
11/17: Bjartur Týr, Jónas G. S., Michael Reid
Flott lína í flottu umhverfi. Býður upp á erfiðara afbrigði upp súlu hægra megin eða létta mix byrjun yfir í skemmtilegt ísklifur. Daginn sem leiðin var farin sást til tveggja sjaldséðra ísklifrara á bílastæðinu.

A8) **Fálki** WI3, 30M
11/17: Jón Gauti Jónsson, Matteo Meucci, Bjartur Týr
Mjó lína í litlu gili.

A9) **Lundi*** WI4+, 35M
11/17: Bjartur Týr, Jón Gauti Jónsson Matteo Meucci
Flott lína í yfirhangandi horni. Stíf byrjun leiðir upp í þægilegan millikafla fyrir brattan lokakafla.

A10) **Hidden Corner** WI3, 30M
02/17: Matteo Meucci, Kristinn Sigurjónsson
Flott horn með mixklifri í lokin.

A11) **Hollow Wall** WI4, 30M
02/16: Matteo Meucci, Kristinn Sigurjónsson
Stuttur lóðréttur veggur í byrjun en léttist þegar ofar dregur.

A12) **Hlaðhamrar Gully** WI3+, 30M
02/16: Matteo Meucci, Kristinn Sigurjónsson
Þröngt gil með nokkrum mixhreyfingum.

B) Kötlugróf



Svæðið austan við Testofuna. Hér er fjöldi góðra ísklifurleiða af öllum erfiðleikagráðum og einnig nokkrar mixklifurleiðir. Stóra gilið austan við Kötlugróf hentar vel til niðurgöngu (vinstra megin við leið B1) en einnig er hægt að fara til vesturs niður stóra gilið hjá Testofunni. Leiðir sem mælt er með eru: ***Rjúkandi, Fjúkandi, Járntjaldið, Fimm í fötu*** og ***Þrenningin.***

B1) **Dúna amma** WI3, 45m
01/16: Arnar Halldórssyni, Magnús Blöndal
Austast í Kötlugróf liggur mjög fín ísleið með þægilegri aðkomu miðað við Múlafjall. Einfaldast er að stefna upp í stóra gilið sem skilur að Kötlugróf og Hlaðhamra. Leiðin er erfiðust fyrstu 20m og þar eftir er nokkuð einfalt að skrölta upp á brún. Lítið er af tryggingum uppi á brún og því má búast við að tryggja þurfi í sæti.

B2) **Ýlir**** WI4+, 30m
Vinstri leiðin í "Þrenningunni" austast í Kötlugróf. Sívinsælar og formfagrar leiðir.

B3) **Stöng**** WI4+, 30m
Miðjuleiðin í "Þrenningunni".

B4) **Skófla**** WI4+, 30m
Hægri leiðin í "Þrenningunni".

B5) **Tóti afi** WI3, 40m
01/16: Arnar Halldórsson, Magnús Blöndal
Austarlega í Kötlugróf liggur lítið þröngt gil með skemmtilegri ísleið. Leiðin er afar breytileg eftir því hve mikill ís er í henni og getur efri hluti hennar orðið mjög krefjandi. Í efri hluta hennar getur myndast myndarleg regnhlíf sem getur verið erfið viðureignar þar sem hún skorðast af klettunum sem veita nær engar fótfestur. Það getur því þurft að hífa sig upp á öxunum einum á þessum kafla og þá hækkar gráða leiðarinnar. Ofan leiðarinnar er steinn sem má nýta sem tryggingu en þó er ef til vill öruggara að tryggja í sæti.

B6) **Scottish Leader ****** M7, 30-40m (4 boltar)
1998-1999: Styrmir Steingríms, Jökull B, Guðmundur T
Boltuð yfirhangandi mixklifurleið. Hliðrar til vinstri undir og fram hjá stóru þaki - alvöru stykki fyrir harðhausana! Fyrsta boltaða leiðin í Múlafjalli. Leiðin er nefnd eftir veigunum sem þeir félagarnir drukku á meðan þeir klifruðu. NB Efri parturinn er torklifinn ef hann er íslaus og gæti þurft að notast við hefðbundnar tryggingar ofan boltanna.

B7) **Sótanautur** WI3+, 45m
01/16: Arnar Halldórsson, Magnús Blöndal
Snjólína sem liggur upp undir leiðina en það þarf að brölta smá í lokin til að komast að henni. Leiðin byrjar á nokkuð stífu klifri (um 15m) en svo tekur við brött ísbrekka til vinstri að lokakaflanum sem er brattur og skemmtilegur. Hægt er að nota stakan stein uppi á brún til að tryggja í en mælt er með að nota einhverja aðra tryggingu að auki. Leiðin er nefnd eftir hring einum sem lýst er í Harðar sögu og talinn er vera falinn niðri við Kötlugróf sem stendur beint neðan við þetta svæði.

B8) **Guy** WI5
~1996: Guy Lacalle, Páll Sveinsson
Kertið upp úr Drjúpanda. Klifrað af Palla Sveins og einum frægasta ísklifrara heims á sínum tíma, Guy Lacalle.

B9) **Drjúpandi** WI3, 50m
01/16: Arnar Halldórsson, Magnús Blöndal
Drjúpandi hefst með 10 m ísfossi uppi í snjóbrekku sem liggur upp að megin hlutanum. Klifrað er alla leið upp undir klettavegginn þar sem oftast hanga ofan hans myndarlegar regnhlífar og stór grýlukerti. Frábær leið fyrir byrjendur þar sem hægt er að gera leiðina léttari með því að hliðra til vinstri. NB síga þarf á ísþræðingu niður úr þessari leið.

B10) **Járntjaldið ****** WI4, 65m
Byrjar í bröttu 10m ískafti. Eftir það tekur við snjóbrekka upp að erfiðasta kaflanum. Möguleiki er að komast upp á lítinn stall til að hvíla sig áður en klárað er upp á snjósyllu til að gera stans. Þaðan liggur svo leiðin til vinstri upp á brún. Leiðina má stytta í eina spönn með því að þríla vinstra megin fram hjá neðsta haftinu. Uppi á toppi er ekkert til að tryggja í nema snjór og/eða mosi. Ýmis afbrigði möguleg.

B11) **Ljótur piltur** WI3+
Mjó renna hægra megin við Járntjaldið.

B12) **Lygakvendi** WI3+
Stóri fossinn hægra megin við Ljótan pilt.

B13) **Thor is Back** M4, M6+, 2 spannir
11/15: Matteo Meucci, Þorsteinn Cameron
Boltuð leið í góðu bergi (tilvalin kringum frostmark). Tvær stuttar spannir, með boltuðu akkeri á góðri syllu í miðri leið. Leiðin er vel boltuð en hægt er að tryggja aukalega milli bolta með nokkrum vinum í minni kantinum.

B14) **Þursabit** WI2-3, 1 SPÖNN
Gilið vinstra megin við Fimm í fötu. WI2-3, mjög miserfið eftir því hversu mikill ís er í henni.

B15) **Fimm í fötu** * M5+, 35M
Páll Sveinsson, Guðmundur H C
Hægra megin í öðru gili vinstra megin við Íste. Greinilegur strompur í efri partinum. Þétt boltað og þrír boltar í akkerinu - tveir á stalli og einn ofar til að auðvelda brölt niður eftir klifur í ofanvaði. NB Þessi leið var frumfarin á miðöldum án aðstoðar borvélar! Þó var Páll það meyr að lokinni boltun að hann hét því að blæða í „fimm í fötu" fyrir alla sem rauðpunktuðu leiðina.

B16) **Chinese Hoax** M5, M6+, 2 SPANNIR
30/11/16: Matteo Meucci og Jónas G. Sigurðsson
Fyrri spönnin eltir augljósa sprungu utan á nefinu sem skagar út, rétt hægra megin við Fimm í fötu og eru fyrstu tveir metrarnir stífastir. Eftir um 20m af klifri lendir maður á syllu þar sem þægilegt er að gera stans. Seinni spönnin byrjar á að fara upp aðeins hægra megin við stansinn og að augljósri súlu sem lítur út fyrir að vera laus (er þó nokkuð föst fyrir). Eftir þann kafla er augljós hliðrun yfir slabb með augljóst þak aðeins fyrir ofan. Í lok hliðrunarinnar vippar maður sér í mjög víða sprungu sem er krúxið í leiðinni. Nafnið vísar í orð umdeilds en nýkjörins Bandaríkjaforseta, sem fullyrti að kenningar um loftslagsbreytingar væru svikamylla búin til af valdamiklum mönnum í Kína.

B17) **Svikinn um bjór** WI4
Fyrsta ísleiðin hægra (vestan) megin við Fimm í fötu. Hægt er að klifra upp úr leiðinni til vinstri eða hægri. Leiðin fær nafn til heiðurs öllum þeim sem hafa verið og munu verða sviknir af Palla Sveins um ókomna tíð um „fimm í fötu".

B18) **Fjúkandi** *** WI4-5, 35M
Vinsæl leið, vinstra megin í stórri geil skammt austan við Íste. Brattur fyrri partur, oft með þunnu kerti um miðbikið.

B19) **Heiladauður** M7
~'96: Páll Sveinsson, Guðmundur H C.
Óendurtekin leið með stífu mixklifri í byrjun. Í miðri Fjúkanda geilinni.

B20) **Rjúkandi** *** WI3, 70M
Gríðarlega flott leið! *Haftið í neðri partinum getur verið snúið ef lítið er um ís.*

B21) **Hoka Hey** M6, 30M
24/10/98: Jökull B, Guðmundur T, Styrmir Steingríms
Nafn leiðarinnar útleggst víst á íslensku sem: „góður dagur til að deyja", hvort sem það er nú þannig eða ekki. Handan við hornið hjá Íste er áberandi þak og um 15m lengra í austur sést greinileg ljós gróp í berginu sem nýlega hefur hrunið úr. Þar er leiðin. Hún er augljós og fylgir sprungu fyrstu 20m, inn í smá holu í lausu bergi og svo beint upp í smá ís. Hún endar í litlu þaki með góðum tökum og svo upp á brún.

B22) **Helgarpabbi** M5, 20-30M
07/02/99: Páll Sveinsson, Helgi Borg
Í áberandi íslausri sprungu austan við Íste. Leiðin endar í ís.

C) Testofan



Vinsælasta svæðið í Múlafjalli og er kennt við krúnudjásnið Íste. Hér er sæmilega flatt undir leiðunum, stutt milli þeirra og margar góðar af öllum erfiðleikastigum. Hér eru flestar boltuðu leiðirnar og því er þetta sérlega vinsæll viðkomustaður í upphafi tímabils.

Besta gönguleiðin niður er til vesturs (hægri) hjá Gísla/Eiríki/Helga en einnig eru nokkur boltuð akkeri sem hægt er að síga á. Leiðir sem mælt er með: ***Íste, Mömmuleiðin, Pabbaleiðin, Gísli, Eiríkur og Helgi.***

C1) **Expresso** M6 (10-11 BOLTAR)
2015: Sigurður Tómas, Baldur Þ Davíðss.
Nokkrum metrum fyrir austan Íste. Brött og vandasöm byrjun en hallinn minnkar svo fljótlega. Slabb fyrir miðju og endar í vandasömu lokahafti. Boltuð alla leið upp í tveggja bolta akkeri og ætti að vera hægt að fara í fyrstu frostum. Einn bolti á klöpp ofan við toppakkerið. Ártalið vísar í boltun en eflaust hafði leiðin verið klifin fyrr.

C2) **Apagredda** M5, 40M
02/97: Guðmundur Tómasson, Páll Sveinsson
Leiðin liggur vinstra megin við hrygginn hjá Íste. Byrjar í gróf (klettum) hægra megin og undir ískertinu, hliðrar síðan upp og til vinstri utan á áberandi nefi í bergi, þangað til hægt er að ná upp í kertið. Þaðan á lóðréttum ís upp á brún.

C3) **Íste** *** WI5/5+, 30M (3 BOLTAR)
Guðmundur Helgi C, Páll Sveinsson
Megaklassík. *Kertið vex ekki alltaf niður og er miserfitt. Eru nú þrír boltar í byrjunarslúttinu og opnar það á sæmilega öruggt brölt upp í ísinn, þó kertið nái ekki niður eða taki ekki skrúfur með góðu móti. Eftir sem áður er leiðin alvarleg, því efri hlutinn er líka snúinn. Toppakkeri er efst í leiðinni og einnig stakur bolti á klöpp nokkrum metrum ofar (ofan við Pabbaleiðina).*

C4) **Earl Grey** M7, 30M
Guðmundur Helgi C, Jeff Lowe
Mixað (óboltað) afbrigði af Íste. GHC leiddi og hinn heimsfrægi Jeff Lowe fylgdi í kjölfarið. Leiðin var á sínum tíma erfiðasta mixklifurleið landsins.

C5) **Pabbaleiðin** ** M6+, 30M (14 BOLTAR)
Páll Sveinsson, Þorvaldur Þórsson
Í horninu hægra megin við Íste. Boltuð alla leið með akkeri á slabbi ofan við leið (smá brölt niður að því – varúð!). Vinnubolti á klöpp ofan leiðar. Leiðin var upphaflega farin með hefðbundnum tryggingum fyrstu hreyfingarnar upp í ísinn.

C6) **Mömmuleiðin** *** M6, 30M (11 BOLTAR)
Boltuð að hálfu leyti fyrir misskilning þegar til stóð að bolta Pabbaleiðina. Í næsta horni hægra megin við Pabbaleiðina. Boltuð alla leið með akkeri á klöpp ofan við lítinn mosastall ofan leiðar. Hægt að labba eftir stalli (varúð!) að akkeri að ofan. Snúin en hressandi þegar lítið er af ís. Breytist í fyrirtaks WI4 ísleið þegar líður á veturinn.

C7) **Múlakaffi** M7+
2015: Róbert Halldórsson
Þurrtólunarleið á stuðlinum milli Mömmunnar og Keisarans. Stíf brött byrjun og snúinn veggur í lokin.

C8) **Keisarinn** M4+/WI3-4
2015: Róbert Halldórsson
Bumban milli Múlakaffis og Fyrirburans. Boltuð að einhverju leiti. Eins og gildir um margar aðrar leiðir á svæðinu þá bunkast ís yfir leiðina og þá verður hún meira WI3-4.

C9) **Fyrirburinn** M4+/WI3-4
Næsta meginlína hægra megin við Mömmuna í augljósri kverk. Akkeri í skriðu ofan við leið. Auðvelt brölt niður að því en sést illa að ofan.

C10) **Frumburðurinn** M4+/WI3-4

C11) **Örverpið** M4+/WI3-4

C12) **Bestur vetur** M4+, 20M
04/17: Matteo Meucci, Halldór Fannar
Byrjar í skoru sem leiðir upp í snúið slabb. Auðveldari lokakafli.

C13) **Gísli** ** WI3+
Efst í stóra gilinu, hægra megin við Íste og co. Þrjár ca. 10m prýðislínur á stalli rétt ofan við girðinguna. Gísli er leiðin lengst til vinstri af þessum þremur, liggur undir smá þaki og svo yfir. Boltaður fyrri partur sem fer fljótt á kaf. Snúinn millikafli ef mixklifrað. Boltað akkeri nokkrum metrum ofan Eiríks.

C14) **Eiríkur** ** WI3+
Stutt en brött. Akkerið er hér fyrir ofan.

C15) **Helgi** ** WI3+
Boltaður fyrri partur sem fer fljótt á kaf.



D) Leikfangaland

Úr ársriti ÍSALP 1997: „Leikfangaland“ ísklifurmanna varð til í vetur og er það norðan í Múlafjalli við leiðina Frosta. Þegar ís er lítill myndast oft skemmtilegar aðstæður fyrir „mixað“ klifur (klifur blandað ís og bergi) sem þykir „inn“ í dag.

Ber nafn með rentu, því hér er mikið af fyrirtaks leiðum við allra hæfi. Besta gönguleiðin niður er til austurs (vinstri) hjá Testofunni. Leiðir sem mælt er með: ***Stígandi, Rísandi, Frosti, Funi, Botnlanginn og Fengitíminn.***

D1) **Rísandi (eystri)** ** WI4, 100m
14/12/86: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson
Er nokkuð léttari en sá vestari.

D2) **Rísandi (vestari)** *** WI4+, 100m
21/04/83: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson
Fyrsti stóri ísfossinn sem klifinn var í Múlafjalli. Eftir fyrsta haftið greinist ísfossinn í tvær rásir. Leiðin liggur upp hægri greinina sem er öllu erfiðari en sú vinstri (eystri).

D3) **Stígandi** *** WI4+, 100m
Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson og Snævarr Guðmundsson
Megaklassík. *Hin „stóra leiðin“ í Múlafjalli (ásamt Rísanda). Nokkur mislöng höft í fyrri partinum. Afgerandi erfitt haft (10-15m) ofan við stóran stall eftir miðja leið.*

D4) **Fengitíminn** ** WI4+/5, 2 spannir
Byrjar í bröttu kerti og þaðan upp á stóra syllu. Tæknilegur ís í framhaldi af því.

D5) **Funi** ** WI4
Hægt að fara a.m.k. tvö afbrigði. Léttara afbrigðið fylgir ísrampi fyrir miðju og til hægri.

D6) **Frosti** ** WI5, 30m
14/12/86: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson
Breitt og bratt ísþil.

D7) **Dótadagur**
Ofanvaðsleið í þurrtólun, sem stendur til að bolta þegar þessi orð eru rituð.

D8) **Dvali** WI2-3
Stutt leið upp rennu. Fyllist sennilega af snjó þegar líður á vetur og verður léttari. Hægt er að ganga niður gilið hægra megin við þessa leið.

D9) **Fear is 90** M6, 30m
Matteo Meucci, Bjartur Týr Ólafsson
Flott horn í byrjun með lykilhreyfingu um miðja leið upp. Lokakafli á lóðréttum vegg með þunnri sprungu. Tryggð með hefðbundnum tryggingum. Þessi leið var sú nítugasta sem Matteo fór á hundrað leiða klifurárinu sínu.

D10) **Kids in the Playground** M4, 30m
Matteo Meucci, Bjartur Týr Ólafsson
Auðvelt horn með syllu í miðri leið. Tryggð með hefðbundnum tryggingum.

D11) **Gallblaðran** WI3
Auðvelt gil, fyllist líklega í snjóþyngslum.

D12) **Botnlanginn** * WI3-4
Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson
Er efst í Leikfangalandi lengst til hægri.

D13) **Engar skrúfur** WI4+ R, 25m
08/03/17: Matteo Meucci, Jónas G. Sigurðsson
Var frumfarin í afar þunnum aðstæðum og það fór ekki ein einasta ísskrúfa í hana. Erfitt að tryggja á ágætis kafla rétt eftir byrjun og að miðju en annars má tryggja í dóti. Leiðin er sennilega WI4 ef ís hleðst utan á hana en var nær WI4+ í frumferðinni.

E) Votaberg

Svæðið vestan við Leikfangaland. Hér má finna mislangar leiðir af ýmsum erfiðleikastigum en engar skráðar leiðir eru á þessu svæði.

F) Svartisteinn



Þurr klettur rétt ofan við bílastæðið. Aðeins örstutt labb frá bílnum. Hér eru þrír ísfossar í léttari kantinum og fjórar íslausar leiðir sem bjóða upp á prýðilegt æfingasvæði fyrir þurrtólun. Fínustu leiðir til að skjótast í á stuttum degi, t.d í byrjun vetrar.

F1) **Hávamál** WI2/3

F2) **Sjávarmál** WI2/3

F3) **The Seventh Life of Cats** M4, 20m
05/17: Matteo Meucci og Marco Porta

F4) **Mávamál** WI3+

F5) **Þorskur á þurru landi** M6
Boltuð þurrtólunarleið.

F6) **Ísaðar gellur** M6
Boltuð þurrtólunarleið.

F7) **Messaguttinn**
Boltað toppakkeri ofan við þrönga krefjandi sprungu í lítilli kverk sem eitthvað hefur verið klifruð í ofanvaði. Leiðin byrjar í yfirhangandi klauf. Þessa línu má bolta og rauðpunkta ef vilji er til að munda rokkinn. Erfiðleiki kringum M6-7.

Texti og myndir: Jón Viðar Sigurðsson

Hvítabirnir munu éta yður

Skíðað meðal granítkastala á Baffinslandi

Nafnlausir og óklifnir 1200 m granítveggir í Stewart-dal.

Á tján gráðu frost og blindbylur og vart sér á milli húsa. Þannig heilsar mánudagurinn 1. maí 2017 íbúum þorpsins Kanngiqtugaapik.

Kanngiqtugaapik eða ᑲᖏᖅᑐᒐᐱᒃ eins og nafnið er ritað á máli heimamanna Qikiqtaaluk uannangani, sem er afbrigði af Inuktitut málinu, er 950 manna þorp á norðurströnd Baffinslands. Það verður seint sagt að Kanngiqtugaapik sé í alfaraleið. Næsta byggða ból er þorpið Qikiqtajuaq í 375 km fjarlægð en þangað liggja engar beinar samgöngur. Ætli íbúar að bregða sér bæjarleið er eini kosturinn að fljúga í tæpa tvo tíma til Iqaluit. Vegalengdin er sú sama og á milli Reykjavíkur og Þórshafnar í Færeyjum. Þetta segir sitt um stærð Baffinslands en eyjan er fimmfalt stærri en Ísland.

Hingað er ég loksins kominn eftir langt ferðalag til að leggja í gönguskíðaleiðangur á Baffinslandi en það er eitthvað sem hefur verið á stefnuskránni í um tvo áratugi. Kostnaður og flækjustig hefur hindrað slíkt fram að þessu. Upphaflega var draumurinn að skíða á milli Pangnirtung og Qikiqtajuaq í gegnum Akshayuk skarðið meðal geðveiku granítfjallanna með norrænu nöfnin eins og Ásgarðsfjall, Þórsfjall, Óðinsfjall, Mjölnisfjall, Lokafjall og Freyjutindur.

Með tímanum beindust augun þó norðar að stórbrotnara en afskekktara svæði kringum Gibbsfjörð, Walker Arm og Sam Ford fjörð. Þangað liggur nú leið okkar, sjö manna hóps frá Kanada, Bretlandi og Hollandi auk Íslands. Við sitjum og bíðum af okkur storminn í tvo daga og tíminn er notaður til að fræðast af innfæddum um lífið, tilveruna og náttúru svæðisins. Það er stórkostlegt að hlusta á fróðleik þeirra um hvítabirni. Fáir þekkja betur til hvítabjarna og atferlis þeirra. Um 2.500 hvítabirnir af 25.000 hvítabjörnum jarðar eru taldir halda til við þessa strönd Baffinslands. Líkurnar á að rekast á hvítabjörn eru því töluverðar og nauðsynlegt að gera ráðstafanir. Við höfum tvo riffla meðferðis. Vikuna fyrir komu okkar skutu heimamenn 10 hvítabirni í nágrenni þorpsins.

Við leggjum loks af stað í logni, heiðríkju og hörkufrosti og það eru heimamenn sem skutla okkur 175 km leið til fjarðarins Refuge harbor við Remote Peninsula. Farskjótarnir eru komatik, hundasleðar með trékassa, sem dregnir eru af vélsleðum. Okkur er troðið inn í kassana og innfæddir sitja sleðana. Komatikkössum er gjarnan líkt við líkkistur. Munurinn er sá að sá sem ferðast með komatik er lifandi en á þá ósk heitasta að vera dauður. Menn eru gjarnan búnir að fá nóg eftir 15 mínútna ferðalag. Það var engin leið að segja fyrir fram hvað ferð okkar mundi taka langan tíma en giskað var á 6-7 tíma. Við náðum til Refuge harbor eftir 11,5 tíma líkkistureið. Það hefði eflaust verið skondin sjón að sjá þessa skældu skrokka baksa við að tjalda í 25 gráðu frostinu.

Þessi fyrsti ferðadagur okkar með sleðunum var viðburðaríkur. Það leið ekki á löngu þar til hvítabjörn varð á vegi okkar. Drepið var á sleðum og fylgst með bangsa. Hann var áhugasamur í upphafi og rölti áleiðis til okkar en snérist síðan hugur og hvarf á áhugaverðari mið.

Granítkastalinn Walker Citadel 1400 m hár rís nær lóðrétt úr sjó.

Eftir langt ferðalag náðum við til Scott-eyju og áðum við Skipsstefnið, ævintýralegan yfirhangandi 600 metra háan granítvegg á norðurenda eyjunnar. Hér hittum við pólskan klettaklifrara, Marek Raganowicz. Marek hafði ekki hitt aðra manneskju í 49 daga og var rétt að klára nýja leið upp Skipsstefnið, ***Secret of Silence***, 600m VI. Áður hafði hann klárað aðra nýja leið upp stefnið, ***MantraMandala***, 450m VI.

Innfæddir köstuðu á okkur hughreystandi kveðju, sem er titill þessa greinarstúfs, er þeir sögðu skilið við okkur í Refuge harbor og héldu heim á leið í öryggið í Kanngiqtugaapik. Við tók ævintýri okkar á gönguskíðum með púlkur. Leiðin lá í gegnum Stewart-dal á Remote peninsula, um Walker Arm, yfir Sam Ford fjörð, Revour skarð og Eglinton fjörð uns við hittum vini okkar Inuítnana á ný um tveimur vikum seinna um miðbik Eglintonfjarðar þaðan sem þeir buðu upp á komatik skutl síðasta spölinn til Kanngiqtugaapik. Ekki allir sem fá að ferðast í líkkistu tvisvar.

Það er óhætt að segja að þetta svæði sé eitthvert mesta ævintýraland jarðar. Maður verður ógnarlítill innan um granítveggi, skriðjökla, fjallaskörð og dali. Það er langt til næstu mannabyggðar og hætturnar felast ekki bara í snjóflóðum og óvæntum stormum heldur einnig því að rándýr eru á vappi sem hika ekki við að setja mannskepnuna á matseðilinn ef svo ber undir. Heimsókn á þessar slóðir kallar því á góðan undirbúning og viðeigandi búnað. Leiðangur okkar var ákaflega vel heppnaður. Veður var almennt gott og við þurftum aðeins að bíða af okkur storm í einn dag. Snjóflóð og snjóflóðahætta setti strik í reikninginn en í kjölfar mikillar ofankomu fóru allar hlíðar af stað. Eitthvað sem er fremur sjaldgæft á þessum slóðum. Við höfðum ætlað okkur að klífa Broad Peak (rúmlega 1700m) en þurftum frá að hverfa er snjóflóð féllu yfir aðkomuleiðirnar. Margt kom á óvart. Tilkomumiklir tindar og granítveggir sem hvergi er að finna á myndum. Hvorki í bókum, greinum né á hinu botnlausa Neti sem annars geymir upplýsingar um alla króka og kima þessa heims og fleiri.

Fyrir utan Marek þá rákumst við ekki á fleiri ferðalanga né sáum nein ummerki sem staðfest gátu tilvist mannskepnunnar. Þarna vorum við þó á besta tíma ársins sem segir sitt um það hversu afskekktar þessar slóðir eru. Á síðustu árum hefur þó nokkuð verið um heimsóknir. Þeir sem helst leggja leið sína hingað eru klettaklifrarar,

Turret og Broad Peak (1700 m).

Base-hopparar, gönguskíðafólk og loks fjallaskíðamenn sem sækja í ótrúleg gil (couloir skiing) sem þykja á heimsmælikvarða. Enn er þó mest ósnert og óklifnar efnilegar stórveggja-línur skipta hundruðum. Aðstæður gera klifur erfitt. Stórveggjaklifur í 10-40 gráðu frosti er ekki fyrir alla. Nokkrar stórkostlegar línur hafa þó verið kláraðar. Ein sú magnaðasta, ***Superbalance***, var klifruð af fyrrnefndum Marek Raganowicz ásamt Marcin Tomaszewski upp norðurvegg Polar Sun Spire árið 2012. Það tók félagana 24 daga að klífa vegginn í frosti sem var að jafnaði um 20 gráður. Hæðin, litlir 1500 metrar. Norðurveggur Polar Sun Spire er líklega hæsti lóðrétti klettaveggur jarðar. Samkvæmt hinum ýmsu fræðibókum ku Þórsfjall, sunnar á Baffinslandi, geyma hæsta klettavegg jarðar, 1250m. Þessar afskekktu slóðir eiga eftir að rata inn í fræðibækurnar.

Það er ólýsanleg tilfinning að koma skíðandi yfir sléttan ísilagðan fjörð að þessum tilkomumikla klettavegg. Engin orð fá því lýst. Þetta á reyndar einnig við mörg fjöll sem urðu á vegi okkar í leiðangrinum svo sem Great Sail Peak, Beluga Spire, The Turret, Broad Peak, Great Cross Pillar, Kiguti og Eglinton Tower. Það fjall sem að mínu mati stóð upp úr er Walker Citadel. Magnaður granítkastali sem á sér engan líka. Hann tekur á sig óteljandi myndir og er í senn ógnvekjandi og lokkandi þar sem hann rís 1400 m upp úr hafi.

Við höfðum þann hátt á að hafa hvítabjarnavakt á þeim stöðum þar sem við rákumst á ummerki eftir bangsa eða þar sem líkur voru að þeir ættu leið um. Mitt hlutverk var að standa vaktina á milli 3 og 6 að nóttu. Það var kynngimagnað að standa vaktina við tjaldbúðirnar undir Walker Citadel. Enginn staður hefur haft jafn sterk áhrif á greinarhöfund. Nema ef vera skyldi tjaldbúðirnar undir Turret og Broad Peak sem er ekki síður áhrifaríkur staður með óraunverulegri fegurð.

Öll ævintýri taka enda og tíminn í óbyggðum Baffinslands leið hratt. Þessi leiðangur skildi eftir sig fullhlaðin batterí og minningar um stórbrotna náttúru sem á sér fáar hliðstæður. Að búa meðal inúítana í fáa daga í Kanngiqtugaapik var einnig dýrmæt reynsla. Gestrisið og vingjarnlegt fólk sem býr á hjara veraldar við harðneskjulegar aðstæður. Forfeður okkar víkingarnir heimsóttu Baffinsland fyrir um 1000 árum og nefndu Helluland. Það er tímabært að endurvekja kynnin. Það kemur enginn til baka ósnortinn eftir dvöl í óbyggðum Baffinslands.

Ljósmyndakeppni ÍSALP 2017

Ljósmyndakeppni Ísalp 2017 tókst mjög vel. Fjölmargar myndir bárust í keppnina og sökum þess að Björgvin Hilmarsson tók ekki þátt að þessu sinni þá gat allt gerst! Glöggir fylgjendur myndakeppni Ísalp muna eflaust eftir úrslitum 2016 þar sem að Björgvin gerðist stórtækur og landaði flestum verðlaunasætum í öllum flokkum. Því var reglunum breytt í ár og nú mátti bara senda inn eina mynd í hvern flokk. Ljósmyndarinn Pétur Thomsen var fenginn í dómnefnd og gáfu fyrirtækin Fjallakofinn, GG Sport, Aurora Arktika og Fjólubláa húfan verðlaun í keppnina.

Aðalverðlaun og fyrstu verðlaun í Mannlíf á fjöllum: Snorri Örn Sveinsson. *Helen María Björnsdóttir stendur með föður sínum Birni Traustasyni við ísfallið í Fallsjökli.*

Mannlíf á fjöllum – annað sæti: Sigurður Ýmir Richter.
Spindrift undir Einfaranum og Tvífaranum í Eilífsdal.

Mannlíf á fjöllum – Þriðja sæti: Þorsteinn Cameron. *Tjaldbúðir okkar við Svínahrygg undir vesturvegg Hvannadalshnúks. Hrútfjallstindar sjást í bakgrunni.*

Klifur – fyrsta sæti: Sveinn Eydal. *Andri Bjarnason í frumferð vesturhliðar Trönu í Eyjadal. Einfórum línur hlið við hlið til að lenda ekki í fallandi ís eða grjóti frá hvorum öðrum.*

Klifur – annað sæti: Þorsteinn Cameron. *Matteo Meucci í vesturhlíð Hvannadalshnúks að frumfara nýja leið í október 2016.*

Klifur – þriðja sæti: Lára Björgvinsdóttir. *Ottó Ingi Þórisson klifrar leiðina Blóðbað á Ströndum.*

Skíði – fyrsta sæti: Sveinn Eydal. *Rúnar Óli Karlsson skíðar gömlu skíðabrekkuna á Seljalandsdal niður að snjóflóðahólunum, 700 metra brekka í sérflokki. Í baksýn sést Ísafjörður.*

Skíði – annað sæti: Íris Ragnarsdóttir. *Dagana 2.-7. júní 2017 þveruðum við Vatnajökul. Veðrið var mestallan tímann svipað því sem þessi mynd fangar og því reyndi mikið á rötun, útsjónarsemi og þrautseigju.*

Skíði – þriðja sæti: Ottó Ingi Þórisson. *Kjartan Long skíðar, Miðþúfa á Snæfellsjökli í baksýn.*

Texti og myndir:
Þorsteinn Cameron

#RockIceRun

The social media hashtag for Matteo Meucci's incredible year-long 40th birthday party.

Matteo, under the route Íste in Múlafjall, February 2015.

The winter climbing season of 2016/17 in Iceland will go down in history as one of the worst. The alpine club was forced to cancel both its annual winter climbing meet in Múlafjall and its ice climbing festival. Checking the daily weather forecast had become a surreal ritual of despair as forecasters read out one ominous prediction after another.

With temperatures in double red digits most climbers retreated indoors and resigned themselves to watching climbing videos on the internet while sharpening their tools. In short, it was the season of the sofa-climber.

I remember sitting in my van below Múlafjall and watching a 30-meter-tall icefall become detached from the cliff and come crashing down the slopes in an explosion of ice. In the car parked next to mine was my friend Matteo Meucci. While we did bail that day, Matteo didn't give up. He was turning 40 and in appropriate style, he had what some might call a midlife crisis. Matteo, however, did not buy a motorcycle but instead he decided to celebrate his birthday by having a year-long party in the hills doing what he loves: climbing and running.

He set himself the goal of climbing 100 winter routes and running a 100-kilometer ultramarathon, all in one year. "It is going to be a challenge," Matteo admitted in his typical candor before he began the project. In this interview we will find out how one Italian stallion managed to have the best season of his life while everyone else sat inside twiddling their thumbs.

"I took the idea to climb 100 routes and I also wanted to do something with running, so I just matched it," Matteo says simply. "The idea to do 100 routes came from Giancarlo Grassi. When I started to go ice climbing, we went to Cogne and in the topo I saw a route called ***Centesimo Gelato di Stagione*** (100th ice cream of the season). The idea was there... I've had it for many years and now was the opportunity."

Grassi pioneered ice climbing in Italy and in 1989 he wrote his name in history by doing 100 routes in a season.

"I started to climb on his routes and followed him into hard mountaineering," Matteo explains. "I thought it would be interesting to follow the master, my mentor, again."

Matteo established for himself a number of guidelines for the climbing part of the project. Firstly, he wanted to climb winter routes, but more importantly he wanted as many of them as possible to be new routes.

"The first thing I wanted to do was not climb something I had already climbed and of course I like to do first ascents," he says. "This was something to make everything a bit more spicy, challenging and more fun. I did everything — easy gulley, steep ice climbing, easy long routes, hard long routes, alpine expeditions, hard mix, trad dry tooling, and new routes. But I enjoy the most long alpine climbing, it is more complete."

When Matteo moved to Iceland with his family in 2013 it took a while for the climbing society to accept him. As he

In January 2016 we climbed Þilið with Jonni. We returned to Reykjavík after a great day at around 1 am. This was mainly due to our late start and getting my van stuck in Eilífsdalur, twice.

explains himself, "it is always the same; new people come and it takes time for the old group to realise. They see the new people when they start to do something less ordinary."

Needless to say Matteo quickly started to do extraordinary things and it became apparent that he had history in the hills. I was particularly impressed when I heard he had climbed the Grandes Jorasses, albeit from the south side.

"I did the ***Yper Couloir*** in 2005, that one was a good step," he says. "It was my first big route in the Alps. There was this halo behind it; that it was impossible. The route was climbed first in August in 1978 but not repeated till 1985. It was so mythical. The route itself is not extremely hard. But we didn't have any good information, because ours was the fourth repetition in 20 years. The first ascent was reported as crazy, they took four hours to do the first pitch and nine hours for the whole route which is only about 300 meters of climbing. It took us three tries to get success. Basically, the route for us was about five hours of driving, four hours of hiking to the hut, and then two more hours approach from the hut to the route."

One cannot tell if the route is in condition from the road below so Matteo and his partner were forced to hike all the way before they knew if it was climbable. He made the journey twice before getting lucky on the third attempt. They managed to climb the route that day but not everything went according to plan. On the approach they nearly got swept away in an avalanche. "I couldn't hear my partner," Matteo says, "but after a while he appeared. So we were OK. The first two pitches were scary but not too hard. It was a pretty long day. I think we finished the climbing at two in the afternoon, but neither of us had never been on the Grandes Jorasses before and the descent route is one of the hardest in the Alps. When we started to cross the plateau a cloud came in and we couldn't see anything, we were lost. So instead of traversing and lowering, we rose a little bit, and reached the ridge. But it was too hard to down climb so we had to rappel, and once we started to rappel I don't remember how many raps we did, but I do remember we were falling asleep while waiting. We decided to try to bivvy, we started to set everything, melting snow for water and digging a cave but we realised that we couldn't sleep there. It was too windy and we didn't have any overnight gear. So we decided to keep

Route #12 Múlakaffi M7+, a personal best for Matteo in mixed climbing at the time.

going and finally we reached the hut after 23 hours on the move."

I met Matteo for the first time when he started working for Icelandic Mountain Guides in the spring of 2014. I was shocked that this Italian immigrant, who could barely speak English, seemed to know more about mountaineering in Iceland than I did. I was even more amazed when he showed me his stack of post-it covered ÍSALP journals. "When I arrived in Iceland I knew there was this magazine, with all the routes that have been done," he explains. "So I needed to get the magazine. I got them all and I still can't read them. I think at the beginning I didn't even know where the places were..."

That summer was also when we started calling Matteo the Italian Stallion. He was training for his first ultra-marathon and running ridiculous distances before and after work. "I think I did a marathon one day after work," he says casually. "It was a few weeks before my first Laugavegur ultra. I went from Skaftafell to Svínafellsjökull and came back from Hafrafell, up to the loop in Kristínartindar and then into Morsárdalur and back. Took me about five hours."

"I've been running for training for many years. It's one of the easiest ways to train for mountaineering but I never did races before coming to Iceland," he says. "The longest I had run was maybe 15km." While Matteo wasn't an endurance athlete in Italy, he was no stranger to big days out. In 2008 he cycled from Pisa and climbed the Oppio on the 700-meter north face of Pizzo d'Ucello, before cycling back. "I think it is about 200km cycling, back

Matteo's stack of post-it covered Ísalp journals. Every published topo or route description is marked and categorized by crag or mountain.

Route #1 Vinamissir. Matteo started his project on the high west face of Hvannadalshnúkur. Along with Bjartur we hiked in with the idea of climbing three routes on the face.

However, a storm rolled in on day two forcing us to retreat with only one new route in the bag.

and forth" he says. "I'd been running for training but not cycling so we decided to try it. Cycling is less dangerous for the legs and muscles - and it is easy, you can chat a lot. Then we wondered, why are we not going cycling to the mountains? In history many people have done this. One of the most famous is Hermann Buhl."

Buhl famously cycled from Innsbruck and soloed the Cassin on the north face of Piz Badile, only to fall asleep on his way back and crash into a river. "So we decided to try this," Matteo says with a grin. "Oppio is the furthest route away from Pisa in the Apuane alps, and on the biggest wall to climb."

Matteo grew up in the hills around Pisa. After school he would cycle 15km with his younger brother to go rock climbing. When his brother took up surfing Matteo kept going without him and joined the Alpine club when he was 18. "From the start my goal was mountaineering," he says. "I didn't rent ice tools, I bought crampons and ice axes before ever using them because I knew I would love it. I still have them, my old Quasar Charlet Moser ice axes."

I visited Matteo's old stomping grounds this summer and while clutching on to the crumbling pile of dominos that is the Apuane Alps, I felt like I gained an understanding of Matteo's head game, especially when it comes to climbing the loose rock in Iceland, which he claims is "probably even more tricky than in Apuane."

"I feel OK on the rock here," he says. "I remember when I climbed Fellsfoss with Bjöggi, the first pitch is a wall of ice but the second pitch is an ice pillar followed by this long mix slab. Of course, it was challenging because it was not pure ice but I didn't feel too unsafe. I couldn't put in that many screws, but I was on my feet and I was OK. Probably I was in the bubble... when you cannot feel part of your feelings. You just focus. Of course, I was committed but I didn't feel like it was too dangerous. I've done more scary stuff. I am used to climbing on thin ice and bad conditions... I think it is a good skill to have in Iceland."

One of the first times I went icefall climbing with Matteo, Múlafjall 2015.

While in Pisa I heard the story of Matteo's new route on the north face of Pizzo d'Ucello. It was described as a passionate undertaking that took many attempts because they kept finding pegs where others had gone before. "The first line that we followed strung together a sequence of cracks and chimneys from the start of the Biagi-Nerli and then heading right," Matteo recalls.

"However, when we were nearly at the top we found a piton. It later turned out that the line had been climbed but not reported. So we went back and searched further to the left. We found another similar corner and followed it up. We called the line ***Etica Resistente*** and graded it VII UIAA." The name translates to English as "Resistant Ethics." I was told that this referred to the pure style of climbing they used. They free climbed the route and left no bolts or pitons. But the name also refers to a gym Matteo used to run in a squat.

"Everything began because a group of people wanted to protest against a USA military base close to Pisa," he explains. "People were unhappy with the Iraq war. The base was used to transport bombs so people were standing in the train tracks, trying to stop the shipments. There was a lot of stuff going on — an Italian school for immigrants, a library, a group that played chess, there were skaters and concerts... So the climbers said, "Yeah, let's make a climbing wall!""

The squat was shut down and reopened a number of times before settling into its final version which lasted for three years. "The climbing wall was about the same size as Klifurhúsið is now and it was all free," Matteo says. "We didn't have to pay rent because it was a squat and the idea was to make it very cheap for everyone. It was fun because there were a lot of people, a lot of energy, and what we were asking of people instead of paying was to spend some time in the gym working. There were some experts in programming who made nice programs for competitions and to let you know if the gym was open remotely, a lot of cool stuff. Because people can have a lot of different skills and there was a lot of energy. The center was called Rebeldia and so the route name was a reference to the ethic of the climbing style and the ethic of the center, the spirit."

Fast forward to 2016. Exactly one year ago, on the 15th of October, I walked in to the west face of Hvannadalshnúkur with Bjartur and Matteo to begin his birthday challenge. We planned to ascend the face twice and down climb it once, giving Matteo three ticks off his list. We were stormed off on the second day having only climbed one route. Unfortunately, this set the theme for the rest of Matteo's project and he only finished 97 routes. "Maybe I could have done more but if you have to work and manage a family it's quite hard to be free during the good days," he says. "I didn't have the full season to climb. I think the second climb I did was in the middle of November. So a long month of waiting. We had almost no snow until Christmas and then it was seven degrees on the 25th. Nothing lasted for more than three or four days."

Frustration sets in as we learn the weather forecast has gone foul for the next day. Taken in our camp under Hvannadalshnúkur.

The dreary conditions took their toll on Matteo's psyche. "Being at route 50 at the beginning of April I was close to giving up," he admits. "But something changed when I went soloing on Dýjadalshnúkur. I had a good day and did nine routes so I thought maybe I could do some more days like this."

Free soloing is one of the more serious forms of climbing. I remember thinking to myself that Matteo might have to start soloing if he was to have a shot at finishing 100 routes, but I didn't want to suggest it. "I told myself I would not solo close to my limit," he says. "But actually, when you are there you never know what it is going to be like and I have found myself in tricky situations. When I was climbing Lauganípugil Vestra there was a tricky spot. It is probably easy when there is a lot of snow or ice, but I found it with unfrozen moss and no ice. I wasn't sure if I should go or not. Then you try and you find yourself really committed only a few meters off the ground. Luckily the upper part was easy. I think at the end the experience is good. Being alone is not sad, it is sad if you are left alone but if you plan to do something alone it is not sad. It's a full experience, you have to trust yourself and know what you are going to do and be ready to trust your skills. The terrain I climbed didn't challenge me too much, I imagine soloing harder stuff would make the experience different."

The summer of 2017 was generally quite mild and meteorologically uneventful but Matteo's bad luck stalked him through the running season. He ran a number of marathons and ultra-marathons in training and each one was plagued by storms. The queen of Icelandic ultra-running, Elísabet Margeirsdóttir, remarked that she had never experienced worse conditions on the Laugavegur trail, and Matteo's Mt. Hengill 100km was not much better.

"I didn't have a lucky card," Matteo says with a laugh. "The conditions were pretty harsh. The race started at midnight in fog and then it began to rain. Basically from Hellisheiðavirkjun to the summit of Hengill, it was really windy and

rainy and foggy; we couldn't see more than two meters ahead. It was pretty challenging."

The forecast was supposed to get worse as the day progressed. "We knew that we had two runners ahead of us," Matteo says. "So when we were getting closer to the end of the first loop and we couldn't see them running back we were thinking "Yeah! They are going to close the race!" Then maybe 100m from the finish line we met them starting the second loop." So Matteo had no choice but to keep going and finished in 3rd place.

In one horrible season Matteo managed to do more climbing than many people hope to do in their lifetime. So, for climbers like myself, who only go out for the best routes in the best conditions, I asked him what had been the cream of the crop.

"Route number 50, ***Engin Upphitun*** with Bjartur was really nice," he says, reading from an Excel document that makes my logbook look like a teenage diary. "Because it was number 50 I couldn't waste it on an easy warm up and had to do a 5/5+. The first route on Hvannadalshnjúkur, ***Vinamissir***, because it was the beginning of everything and it's a beautiful and remote place. ***Múlakaffi*** was pretty cool, it was a good mission and a personal best for me in mix climbing. Oh yeah, and then ***The Gift***, that was epic. I was really happy with ***White Fox*** in Hrútadalur, because it was the first route I did with my friend Lorenzo in Iceland. And then ***Tjaldið***, of course, the mythical line of Eilífsdalur, it's a long walk but worth it and I went back to the valley three times. ***Engar Skrúfur*** was quite a challenge, I couldn't get any screws in. ***Endurfundir*** in Kristínartindar was nice and really alpine, and also the day out with Jonni in Brattabrekka. I got a good call from Sissi, he sent me a picture of Brattabrekka. I called Jonni and said conditions are good - let's go! We did all three routes.

The Greenland trip was great, I got to join the Gunnbjörnsfjall expedition with Icelandic Mountain Guides. We summited Gunnbjörnsfjall (3694m) with clients and climbed two other mountains by cool ridges."

Nearly half of the routes Matteo climbed this season were new. Doing first ascents is becoming an esoteric activity around the world. Many climbers say that it's foolish to try and force new lines up saturated mountains but in Iceland there's an abundance of unexplored ground. "There is a little bit of art behind setting a new route," Matteo says. "Sometimes it's just the chance, sometimes you can choose. And I think, from these choices, you can understand the climbers way of thinking. At the end it is a kind of art. And also I enjoy going into the unknown. You have to find the solution, you have to find your way. Sometimes you have to choose from many options. It's more fun and it's more challenging because you don't know what kind of gear you'll need, you don't know where you will go, where it will end or how long it is going to take. So there are a lot of unknowns, but on the other hand it is exciting to be able to solve them. I spend a lot of time doing research. When I look at topos, I start to look at the routes, but then I always look at the empty spaces. At the beginning you have to know what you are able to do so it's easier to follow what others already did. And then, for me, it was a natural process to become interested in doing something that was just mine. Something that no-one else has already done. It needs a different mindset; you need to know your skill level and be willing to accept failure."

It's interesting to hear climbers talk about the sport as an art. To make a new alpine route is definitely a craft steeped in historical context. It requires research and dedication beyond most other forms of climbing. Sometimes climbers even talk about the physical movement of a boulder problem being art, and while everyone knows that's just gas from the marketing department, it is accepted that climbing and mountaineering are fringe activities. Some even call it escapism. "I think I always meant for climbing to be a little bit away from society," Matteo says thoughtfully. "You are away from habits and routines and basically you are going to do something that is just for you. There is no-one else to tell you what to do. I don't know if there is egotism behind it, because on the other hand is the chance to tie strong friendship with my climbing mates, because you can see how they really are and how much you can trust them. That feeling is stronger on the big mountains, when you are hours away from the civilized world." Also, Matteo admits, "this project wouldn't have been possible without the support of my wife Sara and my family."

So surely, after all this, Matteo is ready to give up mountaineering and take up something sensible like golf, right?

"I don't know if this is enough for anyone in one life," he says with a laugh. "Definitely not the running. Maybe I'll do the 170km Mt. Blanc ultra. Because I have a bigger mission in two years and I need to get ready... I hope I can keep climbing cool stuff. I have some projects left, many projects left. More first ascents. But the next step would be expeditions. At the moment I am not keen for 8000m ranges. I don't want to go on regular routes and I'm not good enough at the moment to go on anything else that high up."

> *This article was edited and condensed from a long interview recorded at Matteo's home in Reykjavík on the 15th of October, 2017.*

Route #70 The Gift and its no-foot-double-kneebar sequence in the lower M7/8 pitch. The second pitch wasn't much easier.

Texti: Bjartur Týr Ólafsson

Samstarf ÍSALP og CAI Pisa

Á síðasta ári kom upp sú hugmynd að líta út fyrir landsteina og hefja samstarf við erlendan Alpaklúbb. Eftir nokkrar vangaveltur var haft samband við Club Alpino Italiano Sezione di Pisa, CAI Pisa, þar sem vinur okkar Matteo Meucci þekkir vel til. Hugmyndin var að taka á móti ítölskum klifrurum og sýna þeim ísklifur á Íslandi. Síðar myndi Ísalp fara til Toscana héraðs á Ítalíu og kynnast klifurmenningunni þar.

Ítalarnir sendu fimm hressa klifrara til landsins aðra vikuna í febrúar. Stefnan var tekin á Ísklifurfestivalið á Austurlandi en þar sem hitastig þar var í rauðum tveggja stafa tölum var festivalinu aflýst.

Félagar okkar frá CAI Pisa snæða það besta sem íslensk matarlist hefur upp á að bjóða.

Aðstæður í norðurhlíðum Esju voru hins vegar góðar svo þangað var farið með hópinn. Svo fór að klifurdagarnir urðu fjórir, tveir í Eilífsdal, einn í Hrútadal ásamt einum klifurdegi á Sólheimajökli. Það sem upp úr stóð eftir vikuna var jákvæðnin og gleðin hjá Ítölunum. Þrátt fyrir vonsku veður og krefjandi aðstæður voru þeir alltaf í góðu skapi. Þetta fékk okkur til að hlakka til að heimsækja þá.

Mikil gestrisni heimamanna

Ísalp opnaði fyrir umsóknir frá meðlimum til að heimsækja Pisa. Páll Sveinsson, Rúna Thorarensen, Ottó Ingi Þórisson og undirritaður, Bjartur Týr Ólafsson, urðu fyrir valinu og fóru í september síðastliðnum á vegum klúbbsins. Á flugvellinum beið okkar höfðinginn Vitaliano sem sá um að skipuleggja vikuna fyrir okkur. Vitaliano er maður um sextugt í fanta formi. Hann sýndi okkur ótrúlega gestrisni og þrátt fyrir að orðaforði hans í ensku hafi ekki verið mikill þá lét hann það ekki stöðva sig í spjallinu.

Á fyrsta degi fór hann með okkur á sportklifursvæði skammt frá Pisa. Þar vörðum við deginum og komum okkur í gírinn fyrir vikuna. Næsta dag keyrðum við út að strönd þar sem við klifruðum í ótrúlega fallegum sjávarklettum Mozzeroni. Ottó, Bjartur og Vitaliano klifruðu skemmtilega 5 spanna leið á meðan Rúna, Palli og Fransua klifruðu saman.

Á þriðja degi fórum við til Monte Corchia til að klifra í dóti. Í þetta skipti klifruðum við í fjórum teymum, Palli og Ottó eina leið, Rúna og Bjartur aðra. Lítið þurfti að koma fyrir bergtryggingum í þessum leiðum því mikið var af fleygum í klettinum.

Áfram hélt ævintýrið og á fjórða degi vorum við aftur komin í fjölspanna sportklifur í sólinni við Torre di Monzoe. Um kvöldið var okkur síðan boðið í veislu af CAI Pisa þar sem við borðuðum með félagsmönnum og héldum fyrirlestur um fjallamennsku á Íslandi. Dagur fimm var hvíldardagur. Eftir fjóra stífa klifurdaga í röð voru hendurnar orðnar þreyttar og við eyddum deginum í skoðunarferð um borgina.

Pizzo d'Uccello

Alla vikuna höfðum við talað um að á síðasta degi skyldum við klifra Pizzo d'Uccello. Uccello er þekktasta fjallið í Apuane fjallgarðinum og norðurveggurinn er í kringum 700 metra hár. Leiðin sem við stefndum á var hin klassíska Oppio-Colnaghi leið sem var fyrst farin árið 1940. Kvöldið áður lögðum við af stað akandi að fjallinu og gistum í tjöldum. Eftir fullmikið pizzuát alla vikuna hafði brotist út magakveisa meðal Íslendinganna sem gerði nóttina erfiða fyrir flest okkar. Við fórum á fætur klukkan fjögur, pökkuðum saman tjöldunum og héldum af stað út í myrkrið. Leiðin lá upp í gegnum skóg. Þegar skógurinn var á enda stóðum við upp á háum klett og sáum norðurvegg d'Uccello í fyrsta skiptið. Þá var aðeins farið að birta til og við stöldruðum við til að virða fyrir okkur fjallið. Næst lá leið okkar niður brattan hrygg með *via ferrata* kerfi. Til að flýta fyrir tryggðum við okkur ekki heldur héldum í vírana og þrepin sem búið var að koma fyrir á hryggnum og renndum okkur þannig niður.

Undir veggnum röðuðum við okkur í þrjú teymi. Ottó fór fremstur með Mauro, Bjartur og Giovanni þar næst og Palli, Rúna og Lorenzo klifruðu þar á eftir. Með þrjú teymi á veggnum fórum við frekar hægt yfir. Klifrið sjálft var mjög skemmtilegt og spennandi. Leiðin er um 20 spannir og fylgir þremur strompum upp vegginn. Leiðin einkennist af nokkuð mikið af lausu grjóti og ryðguðum fleygum. Þegar við áttum um fjórðung eftir af leiðinni breyttist veðrið og það byrjaði að rigna. Með kalksteininn blautann varð klifrið mun erfiðara og alvarlegra. Við tókum á það ráð að klifra næstu spannir í einu stóru teymi til þess að flýta fyrir. Það gekk vel fyrir sig upp á topp.



Svona leit norðurveggur Pizzo d'Uccello út þegar við bárum hann fyrst augum við sólarupprás.

Toppnum var náð rétt fyrir myrkur og það var mjög góð tilfinning eftir um 11 klukkutíma klifur. Eftir myndatökur á toppnum héldum við af stað niður að bíl.

Samstarfið við CAI-Pisa hefur verið mjög skemmtilegt og lærdómsríkt. Það er því óskandi að við getum haldið áfram sambandi við félagið um ókomin ár og sent fleiri íslenska klifrara til Ítalíu.

Vitaliano Gaglianese leiðir efri spönn Einfara í Eilífsdal.

Hópurinn kominn upp á topp Pizzo d'Uccello. Bjartur Týr Ólafsson, Ottó Ingi Þórisson, Páll Sveinsson og Rúna Thorarensen

Frá vinstri: Anna Priedite, Vitaliano Gaglianese, Giovanni Cavallini, Matteo Meucci, Mauro Pasqualini, Francesco Donini og Franco del Guerra.

Strákarnir voru brosmildir á niðurleið eftir annan góðan dag í Eilífsdal. Þarna sjást þeir standa við snælínu í sirka 500m hæð. Það eru heldur óvenjulegar aðstæður fyrir norður hlíðar Esju í febrúar.

Vitaliano og Ottó að klára þriðju spönn í skemmtilegu klifri í sjávarklettum Mozzeroni.

Ljósmyndir frá Íslandi: Þorsteinn Cameron
Ljósmyndir frá Ítalíu: Bjartur Týr Ólafsson

Hafðu AKU með í valinu

AKU SUPERALP GTX **32.900 kr.**

Kaup á nýjum gönguskóm getur verið snúið ferli. Til að velja rétt þarf að vera hægt að bera saman allar helstu gerðir. Því er best að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu útsölustaði, prófa, máta og taka síðan upplýsta ákvörðun.

Framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum

GG·sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is

Klifur: Sigurður Ýmir Richter. *Magnús Ólafur í hliðrun í Wilder Kaiser, Austurríki.*

Texti og myndir: Torfi Hjaltason

Mynd á vinstri síðu: Guðmundur í fyrstu búðum við Gangapurna.

Guðmundur Pétursson

— í minningu vinar —

f. 8.2.1933 d. 23.1.2017

Guðmundur Pétursson læknir, alpaklúbbsfélagi og vinur minn lést þann 23. janúar 2017. Guðmundur tengist sögu fjallamennsku á Íslandi og starfi Alpaklúbbsins. Hann var einstakur ferðafélagi, skapgóður og fróður. Mikill húmoristi og skemmtilegur sögumaður. Við fórum saman margar skemmtilegar ferðir með góðum félögum.

Guðmundur starfaði við rannsóknir í Bandaríkjunum og Sviss þar sem hann bjó ásamt konu og þremur börnum. Hann flutti heim árið 1967 og tók við starfi forstöðumanns rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræðum á Keldum. Á svipuðum tíma fór hann að ferðast um landið, fyrst akandi og síðar í gönguferðum, ýmist einn eða með eiginkonu sinni Ásdísi Steingrímsdóttur, en einnig með Ferðafélagi Íslands. Þetta var um það leyti sem félagið klofnaði og Útivist varð til. Fyrsta fjallganga Guðmundar með FÍ var á Keili. Hann hafði því, áður en ég kynntist honum, ferðast talsvert innanlands og utan. Síðar tók hann æ oftar að sér fararstjórn í ferðum félagsins og þar kviknaði áhuginn fyrir alvöru á fjallamennsku.

Eftir því sem göngum á fjallstinda fjölgaði langaði Guðmundi að læra meira og efla áhugamálið, ekki síst að yfirvinna lofthræðslu, sem að sögn háði honum. Hann var 44 ára þegar Alpaklúbburinn var stofnaður 1977. Þá skaut upp snilldarhugmynd: skella sér á námskeið í klettaklifri hjá nýstofnuðum klúbbnum. Guðmundur sagði síðar að þetta hefði verið óvitlaus leið til að losna við lofthræðsluna, treysta tryggingum og sjálfum sér. Þá fór hann á ísklifurnámskeið klúbbsins og þar var undirritaður leiðbeinandi.

Á þessum árum sótti Guðmundur fjallamennskunámskeið til Davos í Sviss til að bæta undirstöðuþekkinguna í klifri, sprungubjörgun, sigi og jöklagöngum. Hann ákvað að nýta tækifærið til fulls, bauð sig m.a. fram til þess að hoppa ofan í sprungur og klifra upp línu með prussik af eigin rammleik en það er heilmikið puð. Síðar tók kennarinn nemendurna í klettaklifur, margir gáfust upp og voru dregnir upp síðasta spölinn. Guðmundi tókst, sér til mikillar ánægju, að klifra hjálparlaust alla leiðina.

Hluti námskeiðsins var að ganga á Piz Buin (3312m) og varð sú ferð nokkuð eftirminnileg. Fjöldi fólks var á fjallinu þennan dag, sem bauð upp á biðraðir og hangs, sérstaklega þar sem leiðin lá upp einstigi. Á niðurleiðinni nennti leiðsögumaðurinn ekki þessu hangsi, fór með sinn hóp til hliðar og lét síga niður hluta leiðarinnar. Þetta gekk ágætlega nema ein konan „fraus“ og komst hvorki lönd né strönd. Leiðsögumaðurinn tók sig til og löðrungaði hana, og við það náði hún áttum og komst niður. Þetta þótti Guðmundi harðneskjuleg framganga hjá leiðsögumanninum. Síðar um daginn fékk þessi kona snjóblindu og var þar með úr leik það sem eftir lifði námskeiðsins.

Að námskeiðinu loknu gekk Guðmundur ásamt tveim öðrum þátttakendum á Weisshorn (4506m) í Sviss. Annar var þéttvaxinn svissneskur bóndi en hinn veiklulegur náungi sem var óöruggur með sig. Þeir völdu hrygg upp á fjallið sem þeir töldu hefðbundna leið en reyndist erfiðari en við var búist. Þar kom í ljós að sá veiklulegi hafði lítið sem ekkert lært á námskeiðinu og ákváðu þeir að binda hann í línuna á milli sín. Bóndinn og Guðmundur tryggðu miðjumanninn sem var bæði hræddur og hjálparþurfi. Þegar upp kom sáu þeir að þeir höfðu farið talsvert erfiðari leið en til stóð og hlutu að launum aðdáun þeirra sem komu upp fjallið eftir hefðbundinni leið.

Á Weisshorni fæddist hugmynd Guðmundar um að klífa Matterhorn, frægasta fjallstind í Sviss og þó víðar væri leitað. Hann lét ekki sitja við orðin tóm, dreif sig til Zermatt og réði sér fyrst leiðsögumann og gekk með honum á Rimpfischhorn (4199m). Gangan hófst eldsnemma og var farið hratt yfir enda Guðmundur í ágætis formi eftir námskeiðið og fjallaferðirnar. Þeir fóru fram úr einhverjum göngumönnum í myrkrinu en í eitt skiptið valdi leiðsögumaðurinn ranga slóð og þurftu þeir að rekja sig til baka og finna réttu leiðina. Fyrir vikið urðu þeir ekki fyrstir upp á tindinn. Guðmundi þótti klifrið ekki erfitt en leiðin var víða tæp og bratt niður, næg tilefni til að verða lofthræddur. Þegar niður var komið spurði Guðmundur leiðsögumanninn hvort hann treysti honum til þess að klífa Matterhorn? Játti hann því og sagði Guðmund geta það.

Flestir Íslendingar sem fóru á „Hornið“ á þessum árum voru nokkuð vanir fjallamenn, komu úr björgunarsveitum og fóru í hópum utan til að klífa alpatinda, Matterhorn þeirra á meðal. Guðmundur hafði líka lesið frásögn kollega síns, Þórðar Guðjohnsen[1] sem kleif bratta tinda í Noregi á fyrri hluta síðustu aldar, þar sem hann bjó alla sína tíð. Þórður skrifaði ógleymanlegar lýsingar á fjallaferðum sínum, m.a. á Matterhorn, en hann var fyrsti Íslendingurinn til að klífa það.

Tveim dögum eftir ferðina á Rimpfischhorn leigði Guðmundur sér annan leiðsögumann í Zermatt til þess að klífa Matterhorn. Sá reyndist hörmulegur að sögn Guðmundar, bæði stressaður og geðvondur. Guðmundur gisti í Hörnliskála við rætur fjallsins þar sem hann hitti leiðsögumanninn. Þeir lögðu af stað í kolsvarta myrkri með brauð í nesti og te á brúsa. Klifrið upp tók um fjóra og hálfa klukkustund, Guðmundi fannst

Guðmundur og Ásdís á leið niður í Grand Mulets.

það ekkert sérstaklega erfitt. En þar sem brattinn var mestur og fastar línur voru þótti honum óþægilegt hve sverir kaðlarnir voru, erfitt að ná taki á þeim. Síðasta spölinn fóru þeir á broddum og þegar tindinum var náð langaði Guðmundi til að rölta hrygginn yfir á ítalska tindinn en leiðsögumaðurinn þvertók fyrir það. Þess í stað drukku þeir te þegjandi og borðuðu nestið sitt á svissneska hluta fjallsins.

Síðan lögðu þeir af stað niður. Guðmundi fannst klöngrið niður örðugt og sérstaklega á broddunum. Á einum stað flýtti hann sér með því að hoppa niður eitt þrepið og þá ætlaði leiðsögumaðurinn að verða vitlaus. Svona gekk þetta alla leiðina niður, karlinn bölvaði og ákallaði Jesú, Maríu og Jósef til skiptis. Ofan við Solvay-kofann er skora þar sem þeir mættu tveimur körlum á uppleið, másandi. Guðmundur vildi stoppa til að hleypa þeim fram hjá en leiðsögumaðurinn tók það ekki í mál og heimtaði að hann djöflaðist niður á móti. Þarna sagði Guðmundur að honum hefði verið skapi næst að losa sig úr línunni og láta karlfjandann eiga sig. Þegar þeir komu niður tók hann gleði sína á ný og gaf leiðsögumanninum þjórfé þrátt fyrir önugheitin. Leiðir þeirra skildu við Hörnli-skálann.

Þegar Guðmundur kom í gistihúsið sem tvær konur ráku, spurðu þær hvernig ferðin hefði gengið fyrir sig. Guðmundur sagði skoðun sína á leiðsögumanninum og þá litu þær hvor á aðra eins og þær þekktu kauða og þetta kom þeim greinilega ekki á óvart. Verandi læknir stóðst Guðmundur ekki mátið og greindi leiðsögumanninn með ofvirkan skjaldkirtil, það gat skýrt margt í fari hans.

Þannig byrjaði fjallamennskuferill Guðmundar. Við fórum æ oftar saman enda fyrsta flokks ferðafélagi. Tvisvar sinnum fórum við á Mt. Blanc. Fyrri ferðin var árið 1979 með Magnúsi Tuma Guðmundssyni. Við Magnús höfðum verið á fjallamennskunámskeiði í Austurríki en mælt okkur mót við Guðmund í Chamonix að því loknu. Fram að því hafði hann dundað sér við göngur með franska alpaklúbbnum. Við fórum fyrst á tindinn Mont Blanc du Tacul til undirbúnings, áður en við fórum á Mt. Blanc. Við gengum Gouter-leiðina á tindinn og ákváðum þar í bríaríi að fara niður á Mont Maudit, þá á Mt. Blanc du Tacul og að síðustu á Aiguille du Midi. Þannig þveruðum við fjallið í okkar fyrstu ferð. Það gekk ljómandi vel nema á Mont Blanc du Tacul skall á myrkur. Létum við fyrirberast þar í yfir 4000m hæð og skítakulda vegna þess að ekki var hægt að finna örugga leið niður sprungna hlíðina. Engir svefnpokar eða dýnur voru með í för enda stóð aldrei til að gista á leiðinni. Vatnið hafði klárast og nestið líka, og enginn prímus til að bræða snjó í heitan drykk. Nóttin var köld, fótum troðið í bakpoka og dýnubútar notaðir til að einangra sig frá snjónum. Guðmundur rifjaði upp síðar að hann hefði sofið lítið þessa nótt. Í dagrenningu drifum við okkur niður og yfir í Aiguille du Midi og þaðan með kláfferju niður í dalinn. Ekki er hægt að hugsa sér betri félaga en þá Guðmund og Magnús Tuma í svona hremmingar. Seinna var farið aftur suður til Chamonix og þá var kona Guðmundar, Ásdís, með í för. Við gengum aftur á Mt. Blanc, upp Gouter en niður Grand Mulets leiðina, sprunginn jökull en fjölbreytt leið og skemmtileg. Ferðafélagarnir voru ekki af verri endanum, auk Guðmundar og Ásdísar, Óskar Knudsen og Guðrún Magnúsdóttir, Magnús Tumi og Anna Líndal og svo ég og Anna Lára Friðriksdóttir.

Á þessum árum gengum við líka yfir Vatnajökul á skíðum, frá Kverkfjöllum í Grímsvötn og þaðan niður í Morsárdal við Þumal og í Skaftafell. Þessi ferð var raunar brúðkaupsferð Magnúsar Tuma og Önnu Líndal sem við nokkrir nánir vinir þeirra slógumst með í för. Þegar Guðmundur varð fimmtugur, 8. febrúar 1983, vildi hann halda upp á það á óvenjulegan hátt. Hann fór einn á skíðum frá Þingvöllum á Hlöðuvelli með viðkomu í skálatetri við Kerlingar sunnan við Skjaldbreið. Ferðin var honum eftirminnileg enda skammdegi og allra veðra von. Hann lenti í erfiðum skilyrðum, hvítblindu, þar sem himinn og fannhvít jörðin renna saman í eitt og fyrir vikið verður erfitt að átta sig á landslaginu. Þetta var fyrir tíma farsíma, fjarskipta eða GPS leiðsagnar en vopnaður áttavita og korti komst hann leiðar sinnar. Við Anna Lára keyrðum Guðmund yfir Mosfellsheiði í þessa ferð og sóttum hann þremur dögum síðar.

Sama ár fórum við upp Virkisjökul á Öræfajökul, með það í huga að skoða hentuga leið fyrir FÍ á Hvannadalshnúk. Fram að því hafði ferðafélagið fylgt Sandfellsleið, sem enn er algengasta leiðin á fjallið. Okkur þótti hún löng og tilbreytingarlítil og vildum því kanna hvort ekki væri hægt að fara með hópa upp Virkisjökul og meðfram Hvannadalshrygg. Við vorum 24 tíma á göngu og stóðum á Hnúknum á miðnætti. Jökullinn hafði reynst illsprunginn og torfær. Þar sem við vorum einungis tveir á ferð þurfti að fara mjög gætilega og tryggja yfir lélegar snjóbrýr. Hvorugum leist á að fara sömu leið til baka og fórum við því norður yfir Hvannadalshrygg og niður Svínafellsjökulsmegin. Þetta var um hásumar og bjart allan sólarhringinn, ótrúlega skemmtileg ferð en erfið. Tuttugu og þriggja ára vitleysingurinn ég og fimmtugur Guðmundur. Góð minning.

Guðmundur var fararstjóri á Hrútsfjallstinda í fyrstu ferð Ferðafélagsins á fjallið ásamt þeim Kristni Rúnarssyni og Þorsteini Guðjónssyni. Þeir gengu af Svínafellsjökli upp Hrútsfjallið eftir gili sem eftirleiðis var nefnt eftir honum, Guðmundar- eða Gvendargil.

Guðmundur Pétursson sat í stjórn Ferðafélagsins 1981—1991 og sem varaforseti stjórnar árin 1986—1991. Auk þess var hann fararstjóri í ótal ferðum á vegum félagsins. Hann hafði það orð á sér að vera fróður um náttúru landsins og kunna að glæða áhuga fólks á henni. Guðmundur var launfyndinn og þann eiginleika kunni samferðafólk hans að meta. Guðmundur hafði með þátttöku sinni í ferðum félagsins, fararstjórn og starfi í stjórn ómetanleg áhrif til góðs fyrir félagið.[2]

Ég og ferðafélagar mínir á þessum árum fórum að velta fyrir okkur fjarlægari slóðum; í frönsku ölpunum var of mikil örtröð, sérstaklega á sígildari leiðum á helstu fjöll. Við áttum slæmar minningar af yfirfullum skálum, t. d. sváfum við Guðmundur og Magnús Tumi í útihúsi

Ásdís og Guðmundur í frönsku ölpunum.

við Gouter-skálann gamla og í annað sinn lá fólk á gólfum þar og við Anna Lára enduðum á því að sofa úti í skafli ofan við skálann. Við vorum vön að vera ein á ferð og oftar en ekki fyrsta fólkið á hverjum stað. Þannig varð til í hópnum sterk löngun til að fara á framandi slóðir, upplifa nýtt umhverfi og aðstæður. Ótal ferðir fórum við með Alpaklúbbnum eða á eigin vegum, tvisvar fór ég með Guðmundi á Þverártindsegg, ólíkar leiðir. Það var svo gaman að fara nýjar slóðir, líka á gamalgróna áfangastaði.

Árið 1985 fórum við fimm félagar í velheppnaða ferð til Perú og klifum áhugaverðar leiðir á tinda Andesfjalla frekar en þær léttustu. Þarna voru Kristinn Rúnarsson, Jón Geirsson, Þorsteinn Guðjónsson, Anna Lára Friðriksdóttir

Guðmundur á Þverártindsegg í ferð alpaklúbbsins.

og undirritaður. Hæsta fjall Perú er Huascarán, 6768m. Við komumst á það vandræðalaust eftir erfiðri leið og án nokkurra óþæginda út af hæðinni. Enda vorum við þá búin að þvælast á nokkur fjöll um eða yfir 6000m há. Töldum við eðlilegt framhald að fara yfir sjö þúsund metrana í næsta leiðangri og kviknaði þá hugmyndin um að klífa hærri fjöll í Nepal.

Þegar heim kom hófst undirbúningur fyrir að fara í Himalayafjöll. Á þessum árum höfðu erlendir fjallamenn heimsótt Ísland, þeirra á meðal Chris Bonington og Doug Scott. Við fengum þá hugmynd að klífa Gangapurna (7455m), meðal annars vegna verðlags, því 7500m há fjöll voru í hærri verðflokki. Bonington sendi okkur mynd af fjallinu tekna í talsverðri fjarlægð. Þetta var fáfarinn tindur í nágrenni Annapurna. Ætlunin var að klífa suðurhlíð fjallsins sem hafði aðeins einu sinni áður verið klifin.[3] Þessi mynd og landakort var það eina sem við höfðum í höndunum þegar skipulagning hófst. Leiðangur af þessu tagi, á þessar slóðir er allt öðru vísi og umfangsmeiri en fyrri ferðir okkar erlendis. Afla þurfti tilskilinna leyfa til að fara í gegnum landið, fyrir gönguna í aðalbúðir og til að klífa fjallið sjálft. Þetta var á þeim árum þegar fljótlegasta leiðin til samskipta var telex og bréfaskriftir. Enda tók skipulagningin um tvö ár. Þessi leiðangur var sá fyrsti og raunar enn sá eini sem íslenskir fjallamenn hafa skipulagt á öllum stigum, til Himalaya. Þessi litli hópur fjallamanna valdi Guðmund til þess að vera leiðangursstjóra. Það var létt ákvörðun; öll bárum við mikla virðingu fyrir Guðmundi, mátum mikils hæfni hans í mannlegum samskiptum og treystum dómgreind hans.

Í Kathmandu í Nepal fengum við goðsögnina Mike Cheney til að útvega okkur starfsfólk, burðarmenn og kokk ásamt aðstoðarfólki. Cheney hafði aðstoðað fjölda leiðangra áratugum saman. Okkur fannst gaman að njóta krafta hans, orðinn fjörgamall en ótrúlegur persónuleiki og skemmtilegur. Með okkur fjallamönnum voru fjórar stúlkur sem ætluðu að ganga umhverfis Annapurna-fjallgarðinn[4] á meðan við færum á fjallið. Þetta voru Helga Garðarsdóttir, Sigríður Þorbjarnardóttir, Salbjörg Óskarsdóttir og unnusta Kristins Rúnarssonar, Hildur Björnsdóttir. Okkur datt þetta í hug við skipulagningu leiðangursins, gönguhópurinn jók hagkvæmni ferðarinnar í heildina og þær höfðu einstaklega skemmtilega gönguferð uppúr krafsinu. Strax í Kathmandu veiktist Hildur hins vegar hastarlega og neyddust þau Kristinn til að fljúga heim. Þetta urðu dapurlegir dagar og þarna reyndist Guðmundur með sína læknismenntun ómetanlegur.

Þrátt fyrir að fækkað hefði um einn í fjallahópnum og annan í gönguhópnum, héldum við okkar striki. Ekki stóð til að Guðmundur færi á fjallið en svona leiðangur er svo miklu meira en fjallgangan sjálf sem tekur iðulega brot af tímanum. Við ætluðum að fara ein á fjallið án stuðnings sherpa eða burðarmanna. Fórum með tugi burðarmanna frá Pokhara í gegnum sveitirnar og upp í fjöllin. Guðmundur naut ekki bara trausts og virðingar okkar heldur einnig heimamanna, og ekki minnkaði áhuginn þegar fréttist að hann væri líka læknir leiðangursins. Innfæddir komu til okkar með ýmsa kvilla; sýkingar, skemmdar tennur og fleira. Við höfðum heilmikið apótek með okkur og Guðmundur gerði sitt besta, hafði með sér áhöld til að draga úr tennur en slapp við slíkar aðgerðir, sér til mikillar ánægju. Hann var útbúinn til að veita fæðingarhjálp, var með fæðingartangir og hvaðeina. Þetta var Guðmundi stundum erfitt, komið var með illa fötluð börn eða svo veik að hann gat ekkert gert. Hann nefndi það oft í ferðinni og líka þegar heim var komið að hann langaði til að flytjast til Nepal, búa upp til fjalla í einhverju þorpinu og stunda lækningar, fá að launum stöku hænu hér og þar, kartöflur og hrísgrjón.[5]

Guðmundur var í þeirri erfiðu stöðu að bíða í aðalbúðum á meðan við hækkuðum okkur í fjallið, komum upp búðum og selfluttum einhvern búnað þangað. Það reynir á taugarnar að bíða, vita af vinum og félögum sínum einhvers staðar fyrir ofan að brölta í klettum og yfir sprungna jökla með drunur snjóflóða allt í kring. Það snjóaði talsvert á þessum tíma; þrumuveður, svo létti til og brött fjöllin fóru að hrista af sér fannkápuna með tilheyrandi drunum. Guðmundur minntist oft þessa tíma, einn að bíða með innfæddum í talsverðri óvissu. Hann hlustaði á Pateticheskaya sinfóníu Tchaikovskys við undirleik snjóflóða. Svo dimmdi allt í einu og snjókoman byrjaði aftur, þá birti snögglega og flóðadrunurnar hófust á ný. Hitamunur í aðalbúðum gat verið 30°C, rokið úr -1°C upp í tæplega 30°C þegar sólin braust fram. Við komum niður heil á húfi, án þess að ná tindi. Veður og snjóflóðahætta gerðu slík plön að engu. Þessi leiðangur var frábær upplifun engu að síður, fjöllin og fólkið stórkostlegt.

Í þessu greinarkorni hef ég tæpt á örfáum eftirminnilegum ferðum með Guðmundi og fleira góðu fólki, en utan þess að ferðast saman vorum við Guðmundur góðir vinir, fórum saman á tónleika og eyddum ófáum stundum í spjall um heima og geima. Hann var tíður gestur okkar Önnu Láru og við heima hjá honum. Öll þessi ár, á erfiðum stundum eða í gleði bar aldrei skugga á vináttu okkar. Ég tel mig einstaklega heppinn að hafa kynnst Guðmundi og hans fólki, varð ríkari og jafnvel skárri maður fyrir vikið.

Það eru ekki bara fjöllin, erfiðleikarnir og gleðistundirnar sem móta mann. Fólkið sem verður á vegi okkar gerir það líka og sumir meir en aðrir. Þannig var Guðmundur, hans sakna ég og minnist oft.

Hafnarfirði 16. September 2017
Torfi Hjaltason

Guðmundur og Anna Lára í grunnbúðum Gangapurna.

Torfi og Guðmundur á Mt Blanc.

---

1 Þórður Guðjohnsen, *Endurminningar fjallgöngumanns,* Ísafoldarprentsmiðja 1963.

2 Þórunn Þórðardóttir starfsmaður FÍ tók saman textann í þessari efnisgrein.

3 Ársrit ÍSALP, 4.tbl. 1988, bls. 4.

4 Ársrit ÍSALP, 4.tbl. 1988, bls. 9.

5 Árið 1985 var 0,03 læknir á hverja 1000 íbúa í Nepal.

Íslenski Alpaklúbburinn

—40 ára—

Í desember 2016 þegar undirbúningur fyrir þetta ársrit hófst þá varð okkur fljótt ljóst að á fertugsafmælisári Íslenska Alpaklúbbsins þyrfti blaðið að gera ævi og starfi klúbbsins einhver skil. Að skrifa ævisögu er vandasamt verk, en slíkar sögur vilja oft á tíðum enda sem heimildir fyrir aðra óskrifaða sálma.

Nú er það svo að starfsemi klúbbsins hefur verið rakin nokkrum sinnum á síðustu áratugum og þá oftar en ekki af margfalt fróðari kempum en undirrituðum. Þar mætti nefna greinarnar Tilurð Íslenska Alpaklúbbsins eftir Sighvat Blöndahl og ÍSALP 10 ára eftir Snævar Guðmundsson og Kristin Rúnarsson.

Án þess að vilja draga úr þessum mikilvægu heimildum þá er það í eðli slíkra gagna að sjóða tilvísanir og atburði í nýja og snyrtilega frásögn sem endurtúlkar kjarna málsins. Mér varð fljótt ljóst að ég treysti mér ekki í slíka eldamennsku. Ég þekki hráefnin einungis í gegnum orð annarra og því væri mín túlkun enn fjarri upprunalegu myndinni.

Þá kom mér það ráð í hug að taka saman heldur óvenjulega sögugrein fyrir 40 ára afmæli Ísalp. Í eftirfarandi köflum fáum við að skyggnast inn í sál klúbbsins með nokkrum stórskemmtilegum smásögum sem spanna gróflega ævi hans. Samanlagt hafa þessar sögur lítið með ártöl eða línulega frásögn að gera. Þær stikla á stóru og gefa lesandanum persónulega sýn á þann ævintýraanda sem einkenndi frumferðir til fjalla á áttunda og níunda áratugnum, skoplegar og rykfallnar minningar frá árshátíðum, dugnaðinn í sjálfboðastarfi meðlima og hetjurnar sem lifðu og hurfu ásamt múgæsingnum sem þeim fylgdi.

Þó að slíkar persónulegar frásagnir segi ekki alla söguna þá finnst mér þær gefa henni skýrari mynd. Á tímum falsfrétta og annarra sannleika þá sitjum við oft uppi með líklegustu söguna - og það er ekki verra ef hún er skondin. Ég óska ykkur góðrar skemmtunar við lesturinn og er það von mín að þessi abstrakt saga klúbbsins veiti ferska sýn á starf hans.

Ég vil einnig koma á framfæri kærum þökkum til allra höfundanna sem brugðust glaðir við beiðni minni um að grafa þessar minningar upp úr sarpi sínum og skila þeim í sagnasafnið.

Ef svo til heppnast að ykkur líkar þessar sögur þá er að finna margar fleiri gersemar í ársritasafni Ísalp. Nálgast má allt safnið stafrænt á heimasíðu klúbbsins en við seljum einnig prentaða útgáfu safnsins á 10.000kr.

Þorsteinn Cameron, ritstjóri.

Sigurður Ragnarsson skjalfestir uppferð í hinu sígilda Miðgili með 21. aldar Snapchat sjálfu. Gilið var fyrst klifið af Birni Vilhjálmssyni og og Orthulf Prunner, mars 1980.
Ljósmynd: Þorsteinn Cameron

Texti: Ari Trausti Guðmundsson
Myndir: Hreinn Magnússon

Hitt Snæfellið

og óklifnu tindarnir

Skafrenningur myndar hvítar, fíngerðar snjóveifur á stuttri klakabrún fyrir ofan mig. Það ýlir fólskulega í fjallseggjum og snjóflóð dynur í fjarska. Dúnfötin verja mig gegn vindköstum að ofan, frostnálar bíta í kinnar og ísaxirnar grípa vel í hart hjarnið. Ég þumlungast áfram, horfi sem snöggvast beint niður óralanga ís- og snjóbrekkuna með rauða línu dinglandi undir klifurbroddunum.

Mynd t.v.: Leiðin á Snæfell – árituð mynd eftir fyrstu uppgönguna.

Greinarhöfundur og félagar undir Lambatindi.

Þegar ég veg mig upp fyrir brúnina gegn vindstrengnum verð ég að taka fast á öxunum og síga varlega á hnén. Þarna er varla rúm fyrir einn mann, en þangað hafði enginn maður komið fyrr en á þessum páskadegi. Eftir örstutta stund klifra ég varlega til baka. Við félagarnir höfum skipst á að snerta fjallstoppinn. Svo hnöppumst við saman hjá ísskrúfum, deadmanni og línubendu og klöppum hver öðrum á axlir. Okkur er hlýtt af fögnuði. Augnablik hvers okkar á tindinum urðu laun erfiðisins.

Hugarleiftrin og útsýnið kórónuðu nokkurra daga fjallaferð í aprílbyrjun 1983, inn um Kálfafellsdal og á óklifinn tind. Hann heitir Snæfell, 1.324 metra hár, norður af Þverártindsegg. Líkist uppmjóu horni með snjó- og jökulbrekkur á allar hliðar nema þá sem snýr að Þverártindsegginni, þar sem það tengist henni um mjóan hrygg.

Eftir nám í Osló, klettaklifur og fjallaferðir í Noregi og hér heima fram að námslokum 1973, hafði ég eignast 12-gadda klifurbrodda í stað gömlu 10-gadda jöklabroddanna, stuttskeftar ísaxir og fleira skylt. Með allmargar alvöru klifurtilraunir að baki og námskeið í Austurríki hafði ég tengst nokkrum klifrurum. Ferðir á Gígjökul jafnt sem upp íslænur í Skarðshyrnu á Skarðsheiði með svissneskum fjallamanni (1975) eða um Esjuhamra með Lennart Åberg, sænskum sendikennara, Hreini Magnússyni ljósmyndara og Olgeiri Sigmarssyni, jarðfræðingi, leiddu til hraðra framfara. Smám saman kristallaðist lítill hópur innan ÍSALP, auk mín, Hreins og Olgeirs, sem hélt vel saman. Þeir Hreinn, Höskuldur Gylfason (myndlistarmaður), Árni Árnason (sjúkraliði og tölvari) og Pétur Ásbjörnsson (tölvari) höfðu hlotið þjálfun í Hjálparsveit skáta í Reykjavík. Aðrir slæddust með í ferðir, en þetta var kjarninn. Innan hans efldist traust og vinskapur sem er nauðsynlegur í brattlendi og öllum veðrum. Langmest af klifrinu fór fram yfir vetrarmánuðina, oft í ísfossum á Suðvesturhorninu og í Botnsúlum.

Þessa köldu páska fengum við Fjölni, bónda á Hala í Suðursveit, til þess að aka okkur langt inn í Kálfafellsdal, um skarir, árkvíslar, ísfláka og snjóskafla, á stórum Rússajeppa. Hópurinn taldi, auk mín, Hrein, Höskuld, Árna og Olgeir. Bækistöð var höfð á kjarrivöxnum lækjarbakka, innst í dalnum. Þaðan héldum við í könnunarferðir um gil, þverdali og hjalla. Kynntumst refapari með yrðlinga sem gerði sig heimakomið við tjöldin.

Þröngur dalur undir Þverártindsegg og mikilúðlegum, bröttum skriðjökli framan á henni opnaði leið að undirhlíðum Snæfells, að því okkur sýndist. Hann hefur hlotið heitið Eggjardalur. Meðan á göngunni inn þennan þverdal stóð féll stórt klaka- og snjóflóð úr Þverártindsegg. Snjósáldur byrgði sýn og höggbylgja þrýstiloftsins náði til okkar. Við hættum snarlega við að stefna áfram inn dalinn og þar upp í brekkur. Snerum okkur þess í stað að lægra fjalli norðan við dalbotninn, Miðfelli. Þar upp á tind fikruðum við okkur eins hratt og við þorðum, nokkuð bratta og tæpa leið, með ísöxum og broddum án línu og trygginga, uns við náðum á breiðan snjóhrygg handan við fjallið. Hann leiddi hópinn að jökulbrekku neðan undir Snæfelli.

Frammi fyrir tindinum sýndist okkur ráð að klifra aftur fyrir meginspíruna. Þar lá mikil hjarn- og ísbrekka neðan úr dal í Veðurárdalsfjöllum upp undir tindinn. Út á hana klifum við og snarbratt upp á kollinn. Hann er svo mjór að aðeins einn

Greinarhöfundur kátur á toppi Lambatinds. Í forgrunni má sjá nokkrar útgáfur af fornum klifuröxum.

maður getur staðið þar í einu. Við urðum að fara afar varlega vegna þessa og hávaðaroks sem barið hafði á okkur allan daginn, ískaldur vindur ofan af Vatnajökli með töluverðu snjófjúki. Við krupum og ríghéldum í axarpörin.

Að klifrinu loknu réðum við ráðum okkar í skjóli fyrir norðangarranum. Hver var öruggasta niðurleiðin? Endirinn varð sá að þræða jökul- og snjóbrekkurnar innst í Eggjardalnum ef við mætum snjóflóðaaðstæður nægilega öruggar. Ella væri ekkert annað að gera en að halda sig við uppgönguleiðina. Hún fæli í sér sigleiðir og krefðist mikils tíma, örugglega fram í myrkur. Sem betur fór héldu langar brekkurnar alla leið niður að snjólitlum berghrygg og í Eggjardal.

Tólf klukkustundum eftir brottförina gátum við hlýjað okkur í tjöldunum, snætt undarlega kássu úr mestöllu sem eftir var af matarbirgðum og gefið rebba eitthvað að eta. Hvort sem það hljómar trúanlegt eða ekki ræddum við um næstu verkefni við Vatnajökul þrátt fyrir að vera örþreyttir.

Við vissum um ófarin fjöll meðfram sunnanverðum Vatnajökli: klettatinda á borð við Súlutind við Skeiðarárjökul, jökultindana Antafjallstind og Heljargnípu í Öræfajökli, Snók í Esjufjöllum, Ófærubotnstind við Kálfafellsdal og dranginn Humarkló við Fláajökul. Á þessum árum var Fingurbjörg í Mávabyggðum nýklifin, í leiðangri Pétur Ásbjörnssonar og fleiri.

Hópnum okkar varð nokkuð ágengt við suma tindana sunnan undir Vatnajökli. Súlutind, úr móbergi að mestu, leist okkur ekki á. Snók náðum við að klífa fyrstir með öðrum félögum. Ófærubotnstindur og Humarkló fengu frí vegna þess að við fundum seint eða ekki sæmilega færa leið að tindunum. Þegar það loks tókst við Humarkló leyfði ekki laus hrímkápa allra efst að Hreinn, Árni og Höskuldur gætu lokið klifrinu. Félagar okkar í ÍSALP náðu að klífa Antafjallstind og Heljargnípu í Öræfajökli. Í einni ferðinni við leit að færri leið að Humarkló klifum við félagar Vörðutind (1.057 m) og Bakkatind, svipaðan að hæð, milli Heinabergsjökuls og Fláajökuls. Töldum báða óklifna.

Leitin að óklifnum tindum utan nærsvæðis Vatnajökuls leiddi okkur til þriggja verkefna. Örninn (Tröllkarlinn, 934 m) heitir sá sem fyrst var klifinn (1986), eftir þröngu ís- og snjógili. Augun beindust líka óhjákvæmilega að sérkennilegu tindunum norðan við Berufjörð. Einn þeirra, Stöng (942 m), er hvað föngulegastur. Við fikruðum okkur á snjó norður fyrir tindinn, klifum nokkra kletta og íshöft og nutum stórfenglegs útsýnisins af efsta kambi. Allt frá því Ómar Ragnarsson gaf mér ljósmynd af Lambatindi (854 m), svo reisulegum á Ströndum, langaði mig að klífa fjallið. Það líkist um margt Búlandstindi eða Skessuhorni en sést óvíða af Strandaveginum. Við komumst að rótum fjallsins á breyttum jeppum og klifum fremur auðvelda snjó- og ísleið á óklifinn tindinn. Tókum upp efni í sjónvarpsþætti (VISA-sport) í samvinnu við Þorvarð Björgúlfsson og Ómar á FRÚ sinni (Cessna-flugvélinni). Annan þátt unnum við með Sigurði Grímssyni og Karli Sigtryggssyni fyrir RÚV um ferð á Þumal.

Á þessum árum, 1974 til 1990, varð veruleg uppsveifla í klifri og margir snjallir fjallamenn komu fram. Langmest var lagt í ís- og snjóklifur enda berg víða í landinu óhentugt til klettaklifurs. Nokkrir kollegar í fjallamennskunni héldu til útlanda, til dæmis í Vesturalpana (Matterhorn og Mont Blanc), til Alaska (Denali), Argentínu (Acongagua), Perú (Huascarán), Nepal (Pumori) og Pakistan (Diran). Ég lagði af stað í háfjallaklifur í Bólivíu á þessu tímabili (Huyana Potosi, Illimani og Nevado Sajama) og líkaði meira en vel. Af því öllu er önnur saga.

Á tindi Arnarins (Tröllkarls) á Snæfellsnesi.

Snævarr Guðmundsson

Smávegis um Rustanöf '85

og aðeins meira af Fallastakkanöf '92 – með Doug Scott

Fyrir nokkrum árum síðan rakst greinarhöfundur á stutt ágrip á netinu um klifurleið í Fallastakkanöf í Borgarhafnarfjalli í Austur-Skaftafellssýslu. Leið sem hann fór ásamt enska fjallamanninum Doug Scott, páskana 1992.

Mynd 1. Í fyrstu heimsókn Doug Scott til Íslands var farið með hann í Gígjökul, í Eyjafjallajökli. Hér er hann ásamt nokkrum félögum í Íslenska Alpaklúbbnum. Á myndinni eru (frá vinstri): Doug, greinarhöfundur, Jón Geirsson, fyrir aftan hann Arnór Guðbjartsson og Helgi Benediktsson. *Ljósmynd: Torfi Hjaltason, 11. október 1984.*

Ágripið birtist í tímaritinu Alpine Journal árið 1993 en hefur líklega verið sett löngu seinna á netið. Þetta varð eiginlega hvatinn að eftirfarandi frásögn, yfir tvær „gleymdar“ klifurleiðir sem farnar voru með Doug Scott, annars vegar 1985 og hins vegar 1992. Þær eru hvergi skráðar í leiðarvísum ársritsins né á netinu og einungis getið lítillega í fréttapistlum í ársritum ÍSALP, annars vegar árið 1986 (bls. 54), hins vegar 1992 (bls. 37). Vill höfundur benda á hvar þær liggja til þess að forða frá gleymsku.

Smávegis um Rustanöf 1985

Það kæmi mér ekki á óvart þó að sú kynslóð sem nú er virkust í fjalla- og klettaklifri þekki lítið til Doug Scott. Hann var á hátindi fjallamennskuferils síns frá sjöunda til níunda áratugar 20. aldar og afrekin skipa hann í hóp merkustu fjallamanna sögunnar (Scott, 1992). Af einhverjum ástæðum fékk hann dálæti á Íslandi og kom nokkrum sinnum í heimsókn, fyrst árið 1984 (mynd 1). Sú ferð var fyrir tilstilli samlanda hans, David Oswin, sem rak ferðaskrifstofu sem m. a. gerði út á Ísland. Þeir voru góðir vinir, hann kynnti landið fyrir Doug og hvatti til þess að heimsækja það. Fyrir eldhuga í fjallamennsku þess tíma voru heimsóknir Dougs einstakur hvalreki og enginn vafi leikur á að þær leiddu til mikilla framfara í klifri á Íslandi.

Vorið 1985 kom Doug í annað sinn og kleif þá þrjá tinda á Suðausturlandi (mynd 2). Jón Geirsson (1986) ritaði grein um þessa ferð, ógleymanlega í mínum huga, í ársrit íslenska Alpaklúbbsins en auk okkar voru Helgi Benediktsson og Þorsteinn Guðjónsson með í för, og að sjálfsögðu Doug. Farið var á Hrútsfjallstinda (Scottsleið) og Fallastakkanöf (Orgelpípurnar). Það sem hins vegar var lítið minnst á er að hópurinn kleif einnig klettinn Rustanöf í Vestrahorni en það er fyrsta og eina uppganga á tindinn, eftir því sem ég best veit. Rustanöf er áberandi gnípa þegar ekið er áleiðis að Stokksnesi (mynd 2). Lokasetning í grein Jóns Geirssonar (1986); „Í þessari ferð var Rustanöf við Vestrahorn klifin, en það er önnur…[saga].“ er einmitt vísbending um að hún féll ekki í kramið.

Klifurleiðin sem við völdum liggur upp hallandi klettaþil (slöbb) sem reyndust frekar gróin og og tortryggð og var nokkuð um laust berg. Hún liggur austanvert upp nöfina og endar á bröttu, stuttu klettahafti til að komast á toppinn. Hana fóru allir þátttakendur ferðarinnar. Klifrið tók þrjár klukkustundir. Á niðurleið þurfti að síga fram af yfirhangandi klettaþrepi á einum bergfleyg. Doug negldi fleyginn í grunna sprungu nærri toppnum og Jón bauðst til að síga fyrstur fram af. Doug pírði augun á Jón í gegnum hringlaga gleraugun sín og spurði: “Do you know anyone who survived an abseiling accident?” Jón hváði og þagði um stund, mundi vissulega ekki eftir neinum, enda er ólíklegt að lifa það af ef tryggingin gefur sig. Að sjálfsögðu var þarna verið að áminna um hve alvarlegt það getur verið að síga fram af hömrum á veikum tryggingum.

Ég seig næstur fram af slúttandi haftinu og síðan Doug. Þegar hann átti um tvo metra eftir niður gerðist óvenjulegt atvik; hann var með sítt hár og það dróst óvænt inn í sigáttuna. Áður en hárið rifnaði frá rót tókst honum að losa sig úr klípunni. Úff þetta þóttu mér slök meðmæli með síðu hári.

Allir komust óskaddaðir frá þessu en með blendna hrifningu á gæðum bergsins og leiðarinnar. Það er sama hvað félögum mínum fannst um leiðina, ég var glaður að hafa loks náð toppi Rustanafar því þetta var þriðja skipti sem ég hafði reynt. Ég hafði alltaf verið svolítið spenntur fyrir að klifra þessi slöbb og reyndar kom það svolítið á óvart hversu gróin þau voru. Það skemmtilega var að Doug sá þetta með allt öðrum augum: “The worst climb in the world, if it rained.” sagði hann.

Þetta varð til þess að í þessari ferð var frekari ævintýrum í Vestrahorni sleppt og vegna þess að Doug hafði meiri áhuga á að reyna sig í Fallastakkanöf, var áætlunum breytt. Mörgum árum síðar féll stærðar skriða niður hamrana í Rustanöf og skall yfir slöbbin þar sem leiðin liggur.

Og aðeins meira af Fallastakkanöf 1992

Fyrir einhverju síðan rakst ég á ágrip sem Doug ritaði um Fallastakkanöf í Borgarhafnarfjalli (mynd 3), skráða í tímaritinu *Alpine Journal,* frá árinu 1993. Samantektin greindi frá þriðju heimsókn hans til Íslands. Þar segir:

> "Iceland rock. Doug Scott writes:
>
> In the south of Iceland and to the east of Skaftafell there is, at Borgarhafnarfjall, a 120m basalt crag known as Fallastakkanöf. It is only one hour above the main road and can be seen sticking up like giant organ pipes. The rock is mainly good, it dries quickly and is a good place to visit from the excellent campsite at Skaftafell, should bad weather be passing over the high mountains to the north.
>
> Snaevarr Gudmundsson and I established two routes here, one in 1985 (5c, 5c, 5b) more or less straight up the middle, and the other at Easter 1992 (5c, 6a, 5b). This route starts up the cracks just right of the prominent detached pillars and left of our 1985 route. The third pitch is common to both routes. A usual rack of wires and Friends will suffice, but add an extra large Friend."

Við lesturinn rifjaðist ekki eingöngu klifrið upp heldur líka ákveðið huglægt ástand sem æxlaðist á milli okkar í leiðinni. Áður en lengra er haldið þarf að draga upp að mikil gerjun hafði átt sér stað í fjallamennsku hér á landi, milli annarrar heimsóknar Dougs árið 1985 og þegar þessi leið var farin sjö árum síðar. Framfarir urðu þónokkrar í klettaklifri þarna á milli. Árið 1985 var t.d. engin þjálfunaraðstaða innanhúss fyrir klifrara og erfiðustu klettaklifurleiðir hér á landi náðu fæstar gráðu 5.10. Þar var enda þröskuldurinn á hvað klifra má erfitt án þess að æfa. Ýmislegt gerðist hins vegar eftir að klifurþjálfun hófst. Auk þess urðu ferðir eldhuga til útlanda, sem þráðu áskoranir í alpa- og klettaklifri, sífellt tíðari. Samhliða fjölgaði erfiðari klettaklifurleiðum hér heima en þær voru auðvitað allar úti enda innanhúsklifur svo til óþekkt.

Við Páll Sveinsson höfðum sett upp fyrsta almenna innanhússklifurvegginn í Skátaheimilinu á Snorrabraut árið 1987 (samt ekki fyrsti innanhússklifurveggurinn hér á landi) og þó hann væri lítill jókst viðvera klifrara á lóðréttum flötum. Síðan sem fyrr var sótt í helstu klettaklifursvæðin kringum Reykjavík, Stardal og Valshamar, og þess utan á Hnappavelli og raunar víðar, þegar veður leyfði. Að sjálfsögðu þjálfaðist hæfnin til klettaklifurs við þetta, hvað annað gat gerst? Vitnisburð um þetta tímabil má auðvitað lesa í ársritum Ísalp. Meðal annars klifruðum við Páll Sveinsson Orgelpípurnar í Fallastakkanöf öðru sinni árið 1988, annað ógleymanlegt ævintýri sem sagt var frá í tímaritinu Áfangar árið 1988. Það hafði því töluvert vatn runnið til sjávar eftir för okkar Doug Scott upp Orgelpípurnar 1985, uns við stóðum aftur undir Nöfinni árið 1992. Og nú að þeirri ferð.

Doug kom fyrir páskana það árið til þess að klifra meira á Íslandi. Þar á meðal vildi hann reyna sig aftur í Nöfinni. Þetta var með köldustu páskum og snjór á tjaldstæðinu í Skaftafelli. Fyrsta ætlunarverkinu tókst okkur ekki að ljúka. Það var að fara á Tindaborg (Kirkjan) í Svínafellsjökli á einum degi. Auk okkar var Helgi Benediktsson með í för. Við komumst langleiðina að Tindaborg en veðrið versnaði skyndilega þegar við vorum að fara gegnum síðasta sprungusvæðið og var ákveðið að snúa við. Varð hvítblint og fór að snjóa í slóðina.
Í slíku veðri er ekki vit að halda áfram yfir slík hættusvæði. Hafa skal í huga að á þessum tíma voru engin GPS tæki eða farsímar til að kalla á þyrlu, eins og margir nútímariddarar telja sjálfsagt að gera.

Degi síðar var farið upp að Fallastakkanöf, ásamt Helga. Þetta var heiðríkjudagur en vindasamt og kalt þar sem sólin náði ekki til. Við ákváðum að reyna framanvert á nöfinni, skammt norðan við Orgelpípurnar, þar sem fremur áberandi sprunga víkkar, um 15 m ofan við rætur stuðlanna. Ég fékk það hlutverk að leiða fyrstu spönn, sem neðan frá leit út fyrir að vera fremur þægileg, miðað við þá fyrstu í Orgelpípunum. Við höfðum sett af vinum (Friends) og hnetum til trygginga. Það kom okkur í opna skjöldu hversu erfið hún var og tók meiri orku en áætlað var. Ég var í raun feginn að ná að klára hana án þess að detta eða setjast í línuna loks þegar ég komst upp fyrir þrepin. Doug var hins vegar fljótur upp og það var ekki að sjá að hann klifraði með sömu fyrirhöfn og ég.

Mynd 2. Rustanöf í Vestrahorni. Leiðin er merkt. Nokkrum árum síðar hrundi gríðarstór bergfylla yfir slöbbin.
Ljósmynd: Snævarr Guðmundsson, 2017.

Mynd 3. Fallastakkanöf í Borgarhafnarfjalli. Leiðin sem farin var páskana 1992. T. h. er leiðin Orgelpípurnar.
Ljósmynd: Náttúrustofa Suðausturlands/Snævarr Guðmundsson, 3. mars 2017.

Hér skiptum við um hlutverk og Doug tók að leiða spönn tvö. Sprungan víkkaði sífellt eftir því sem ofar dró og það sást greinilega að hann var ekki sannfærður um hversu öruggt framhaldið væri. Hann klifraði því niður í hvíldarstöðu án þess að hanga í línunni (til að eyðileggja ekki möguleikann á að flassa spönnina). Síðan reyndi hann á nýjan leik, fikraði sig svo aftur niður og stoppaði í hvíldarstöðunni. Eftir nokkrar árangurslausar tilraunir bauð hann mér að reyna. Sagði sprunguna svo víða að ekki yrði hægt að tryggja með stærsta vininum. Því væri framhaldið áhættusamt.

Ég sagðist fús á að reyna og skiptum við því aftur um hlutverk. Ég komst jafnhátt upp eftir sprungunni en endaði á sama þröskuldi og Doug. Áframhaldið var afar áhættusamt og ef maður lenti í ógöngum biði langt og alvarlegt fall. Og enginn hafði áhuga á því. Ég ákvað því að hliðra yfir stuðulinn hægra megin, frá efstu tryggingunni og inn í næsta stuðlaða horn. Þar tókst betur til enda hægt að tryggja í mun þrengri sprungu. Fór svo að ég klifraði áfram þar upp. Einhverju síðar tókst mér að komast upp úr horninu og á sylluna sem er undir efstu spönninni í Orgelpípunum. Þar tryggði ég og lét Doug síðan vita að komið væri að honum að klifra.

Þegar Doug kom upp á sylluna var sólin tekin að hníga í vesturátt yfir Öræfajökli. Það kólnaði jafnframt eftir því sem sólar naut sífellt minna. „This pitch was hard, did you pull on the gear?“ Í huga brosti ég stoltur yfir þessari athugasemd. „Nei“, svaraði ég, „gerði ekkert slíkt“, hafði hvergi togað í tryggingu né hvílt í horninu, heldur fríklifrað spönnina alla. Doug sagði: „Good lead!“

Þar sem ég hafði nú leitt tvær fyrstu spannirnar og við á syllunni undir síðustu spönninni í Orgelpípunum, þótti mér ekki ósanngjarnt að mega elta hana. Sprunguna höfðum við leitt báðir, Doug árið 1985, ég 1988. Þó að hún væri ekki beint áhyggjuefni, klifurlega séð, þá var komið að Doug að taka við. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort það væri ástæða til að klifra hana, þar sem leiðin var í raun fullgerð, fyrst hún endaði hér á syllunni, í Orgelpípunum. Um tvennt var að ræða: ljúka síðustu spönninni sem fyrst, því stutt var í rökkur, orðið frekar kalt og enginn tími til að reyna að klifra eitthvað annað. Hinn möguleikinn var að láta staðar numið og síga niður. Ef við myndum síga kæmumst við niður fyrir myrkur. En ég þorði ekki að benda á þennan möguleika, með svona merkum klifrara, til að vera ekki dæmdur úrtölumaður, þrátt fyrir að það væri skynsamlegast.

Doug var þarna hins vegar óvenju þögull og gaf sér góða stund við að undirbúa sig í síðustu spönnina. Mér leið aftur á móti vel. Loks lagði hann af stað upp hornið. Um 15 m ofar hvarf hann úr augsýn og einu merkin um að vera að fikra sig upp komu í gegnum klifurlínuna sem smám saman dróst út. Sólin settist og því fylgdi eftir kuldinn. Áfram dróst línan út, svo stoppaði hún, ég fann þegar hann klippti línunni í tryggingar, þó að ég sæi ekki til. Eftir góða stund kom kippur í línuna, merki um að ég gæti lagt af stað. Það gerði ég, fikraði mig upp og lét vita með því að öskra af lífs kröftum: „CLIMBING!“

Þegar ég klifraði spönnina var tekið að rökkva. Jafnframt urðu fingurnir hálfdofnir við stöðuga snertingu á köldu berginu. Ofarlega í sprungunni náði ég ekki „eftirlætisvininum“ mínum út og varð að sætta mig við að skilja hann eftir, því orðið var of dimmt til þess að eyða miklum tíma í það. Loks komst ég upp fyrir síðasta stuðulinn en upp síðasta haftið var yfir snjóhengju að fara. Doug hafði greinilega grafið spor í snjóinn með berum höndum, til að klifra hengjuna. Hún var snarbrött og þurfti nokkrar hreyfingar til að klifra snjóinn upp á brúnina, á klifurtúttunum. Hendurnar urðu heldur betur kaldar og dofnar þarna í lokin.

Ég var feginn að hafa ekki þurft að leiða spönnina, sem í sumaraðstæðum er sú auðveldasta í Orgelpípunum en í vetrarkulda og rökkri með þverhnípta snjóhengju, allt allt annað. Við tókumst í hendur á brúninni, föðmuðumst og hlógum. Glaðir yfir góðu dagsverki en nú var orðið enn rökkvaðra og um ekkert annað að ræða en að flýta för niður. Við sigum efsta klettótta beltið sunnan við nöfina og skröltum þaðan niður skriðurnar í bílinn. Héðan lá leiðin í bæinn.

Kvöldið eftir var kveðjuhóf fyrir Doug og David Oswin á Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar. Þar gafst okkur Doug einrúm til að spjalla um leiðina. „Hvílíkur klifurdagur sem við áttum í gær.“ sagði ég. „Marvellous day indeed.“ sagði Doug og brosti. „You know, after the second pitch, I seriously thought, there was no need for us climbing the last pitch in the Orgelpípurnar. Wisely, we should have rappelled down, instead. Because it was getting dark and cold. However I didn't dare bring up that option.“ Ég svaraði: „-Well, I considered that seriously too, just didn't have the guts to mention it, because I was so convinced you wouldn't take it as an option.“ Við hlógum.

Jón Geirsson 1986. Einu sinni var. Ársrit íslenska alpaklúbbsins 1986. Bls 6–9.
Scott, D. 1993. Iceland Rock. Area Notes by R. Ruddle. Í J. Merz (ritstj.) *The Alpine Journal 1993.* bls 262–263.
Scott, D. 1992. *Himalayan Climber – A lifetime quest to the worlds greater ranges. Diadem Books,* London, UK. 192 bls.

Ingimundur Stefánsson

Nokkrar minningar frá níunda og tíunda áratugnum

Á þessum tíma var þróttmikið fólk í ÍSALP líkt og sjá mátti á árshátíðum klúbbsins sem voru haldnar lengi vel í húsnæði hans á Grensásvegi 5. Árshátíðarkvöld hófust yfirleitt rólega, sopið var á bollu að hætti landans enda engan bjór að hafa fram til 1989. Þegar komið var niður á botn skálarinnar tóku leikar að æsast en þá hófst stólaleikurinn vinsæli sem fylgdi Alpaklúbbnum lengi vel. Fyrir ókunnuga þá gengur leikurinn út á að hópur fólks gengur (þ.e. hleypur) undir tónlist í kringum röð stóla sem eru einum færri en þátttakendur. Þegar tónlistin stöðvast er málið að setjast sem hraðast á stól, bola öðrum út af eða kippa stól undan einhverjum öðrum. Það var eingöngu miklum veigum að þakka ef gólflending viðkomandi var mjúk! Þegar meiri bolla hafði verið hrærð hófst sú iðja sem Alpaklúbbsmeðlimir voru helst þekktir fyrir, nefnilega brölt og klifur. Það háði að vísu að fátt var naglfast á veggjum til að klifra í, svo hillur og ljósakrónur voru látnar duga. Þegar karlmenn höfðu rifið sig úr að ofan (konur gerðu það ekki því miður því ójafnréttið var svo mikið...) og sveiflað sér þar til ljósakrónur lágu á gólfi hófu menn mikinn dans sem staðið gat fram á morgun. *Það háði þessu húsnæði helst að affallslagnir í því höfðu helst til lítinn halla. Leifar af bolluávöxtunum skiluðu sér því ekki alla leið í skólpið fyrr en viku síðar með tilheyrandi stíflum.* Klúbburinn flutti því í Ferðafélagshúsið í Mörkinni 6. Þar fékkst loks klifuraðstaða í loftbitunum í risinu.

Mynd til vinstri: Málin skeggrædd á gömlum Ísalp hittingi. Frá vinstri: Ólafur Ragnar Helgason, Karl Ingólfs, Stefán Páll, Tómas Júlíus Grönvald. *Ljósmynd: Helgi Borg*

Stundum fóru klúbbfélagar á SV horninu á fund annarra félaga í öðrum landshlutum með tilheyrandi tilþrifum. Í eitt þeirra skipta var farið til Akureyrar til að klifra í Munkaþverá og Kjarna og skemmta sér svolítið. Kári var í Jötunmóð þessa helgina, tjöld féllu og fékkst inni í húsnæði hjálparsveitarinnar, þar sem sofið var í púlkum og sjúkrabörum. Þetta var ekki eina inniveran, því sumir fengu gistingu hjá löggunni, óumbeðið, eftir að Norðanmenn vörðu spúsur sínar fyrir ásælni Sunnanmanns. Klúbbmeðlimir urðu fangaverði á svæðinu að falli, bókstaflega, þegar viðkomandi tók óboðinn gúlsopa af suðrænum veigum, 80% Stroh rommi, í veislu. Tilþrif klúbbmeðlima voru fleiri því klúbburinn skellti sér í sjónvarpið, meðlimir tóku þátt í þrauta- og spurningakeppni í ríkissjónvarpinu í þættinum *Slett úr klaufunum* við mikla kátinu og þokkalegan árangur.

Tískan, hjól og ókunnug fjöll

Fleira var gert á þessum tíma heldur en að klifra og spranga um í þröngum bleikum tígur-buxum og sjálflýsandi hlýrabolum sem var tískan á þessum árum sem og buxur úr litlu búðinni hans Ivano Ghiradini í Chamonix. Nú, haustið 1991 nefndi einhver orðin reiðhjól og jökull í sömu andrá, *kannski eftir að hafa séð Jökul Bergmann á leið á reiðhjóli í skólann?* Einn félaganna fékk þá hugmynd að hjóla yfir jökul, og ekki bara hvaða jökul sem er, heldur Vatnajökul, minna mætti það ekki vera og það án aðstoðar. *Fjallahjól voru frekar nýlegt fyrirbæri á þessum árum, voru engin breiðhjól heldur voru þau á 1.9" mjóum dekkjum, skurðarskífum með heldur litlu floti eins og gefur að skilja.* Var notast við 2,1" breið dekk úr kevlar og hleypt úr eins og á jeppum og púlkur dregnar á eftir. Það gekk. En nagladekk sem þurfti til að fara niður Tungnafellsjökul voru ekki til á þessum tíma, og ef fólk vildi panta eitthvað erlendis frá þurfti það að gerast með a.m.k. níu mánaða fyrirvara. *Því að á þessum tíma var ekkert internet til staðar, faxtæki enn ekki algeng og skrifa þurfti á hálfgerðar ritvélar, telextæki, til að panta vörur erlendis frá því símasamband við útlönd var um gervihnött og rándýrt!* En Íslendingar redduðu sér, skrúfuðu tréskrúfur í dekk og settu borða á milli slöngu og dekks. Ferðin var stórsukksess og henti undirritaður saman sjónvarpsþætti um ferðina í von um heims-, ehh landsfrægð, sem varð! Nekt selur jú!

Reiðhjól og jöklar voru í hugum fleiri. Nokkrir norðanmenn ákváðu t.d. að koma hjóli á hæstu tinda Vatnajökuls. Svo var mætt niður í Alpaklúbb og haldin myndasýning. „Á Hvannadalshnjúki á reiðhjólunum" sögðu norðanmenn hróðugir undir einni myndinni. En þá heyrðist skyndilega í sunnanmönnum: „Hvað er þá þarna í fjarska ef ekki Hvannadalshnjúkur???". Höfðu norðanmenn, sem aldrei höfðu séð Hvannadalshnjúk, farið fyrir mistök á Snæbreið. Skemmtileg mistök, sunnanmenn höfðu einnig gert sín, og hlógu allir. GPS-tæknin kom síðar í veg fyrir svona lagað en slík tæki kostuðu sem svarar hálfri íbúð í þá daga. Nútíminn er annars trunta, því ekki er lengur hægt að lifa í sælu frumklifurs og uppgötva 10 árum síðar, á góðri stundu með öðrum fjallamönnum, að fleiri hefðu frumklifrað sömu leið á svipuðum tíma eða fyrr. Nú tilkynna menn allt svona á internetinu á sama tíma og þeir klifra leiðina!

Íslensk utanríkisþjónusta fyrir fjallamenn, brölt á Lenín, njósnir og feitt kjöt

Það var útrásarhugur í mönnum á þessum árum. Til dæmis skellti undirritaður og félagar sér til Staunings-alpa Grænlands, í ís-, kletta- og fjallaklifur. Það var með full skömmum fyrirvara fyrir Dani, leyfisveitendur á svæðinu, „I det mindste et år, tak". Eigi buguðust menn heldur leituðu ásjár utanríkisráðherra á skrifstofu hans og með hans undirskrift fékkst leyfið. Það kom á óvart að heyra Jón Baldvin ráðherra greina stuttu seinna frá uppgötvun njósnabúnaðar á skrifstofu hans. Við vorum upp með okkur, vissum ekki af svona miklum áhuga utanaðkomandi á ferðinni! *Ferðin gekk vel en hefði getað endað með milliríkjadeilu. Sökum þess að eldhús-prímusar leiðangursins höfðu lent í jökulsvelg þegar þeim var hent úr flugvél í nágrenni grunnbúða og að öll búkþrif voru í kjölfarið sporuð næstu 5 vikur, brugðu flugmenn á heimleið á það ráð að setja á sig súrefnisgrímur svo þeim lægi ekki við yfirliði sökum fýlu og nauðlentu. Það hefði líklega kostað milliríkjadeilu enda Danir og Grænlendingar viðkvæmir eftir hrap kjarnorkusprengjuvélar 21 ári áður, skiljanlega.* Margir aðrir fóru erlendis, sumir til Pakistan í megrunarferðir a la Kalkútta-kvikkstepp, á Elbrus með Sovétsport sem úthlutaði viðkomandi feitu kjöti og smjöri sem háfjallakosti! Þar fengust 25-30 heimasmíðaðar títaníum--ísskrúfur í skiptum fyrir 1 par af plastklifurskóm, sem hlífðu í framhaldi sovéskum fjallamönnum frá tákuli. Pik Lenina-fjallgöngumenn lifðu í vellystingum, baðandi sig í vínþrúgum og plómubrennivíni a la 1001 nótt þegar skyndilega þurfti að eyða öllum rúbblu-gjaldeyrinum því Sovétið bannaði að gjaldeyrinn væri fluttur úr landi!

Mig langar að lokum að minnast klúbbfélaga sem létust á þessum árum, fyrr og síðar, á fjöllum og í kjölfar veikinda. Megi minning þessa góða fólks lengi lifa.

Texti: Halldór Kvaran
Myndir: Helgi Borg

ÍSALP og Klifurhúsið

Í lok síðustu aldar var félagsheimili Ísalp í risi Ferðafélagsins í Mörkinni. Þetta var sæmilegur salur og þar fundaði stjórn klúbbsins auk þess sem klúbbfundir voru haldnir þar. Á sama tíma hélt klifurelítan, sem á þessum tíma nefndist Vector, til í herbergi í Skútuvogi. Þar var lítill klifurveggur hengdur í keðjur sem nota mátti til að breyta halla veggjarins.

Hálfklárað Klifurhús.

Á einhverjum fundi eða hittingi kom upp sú hugmynd að finna hentugri aðstöðu þar sem bæði Ísalp og Vector gætu haldið til. Sameiginlegur vettvangur myndi henta báðum og yrði vonandi til að stækka og efla enn frekar starfsemina.

Ruðst var af stað í leit að hentugu húsnæði sem hægt væri að fá fyrir lítið. Eftir stutta leit beindust sjónir manna að stóru lagerhúsnæði í Skútuvogi. Við skoðun supu margir hverjir hveljur þar sem þetta var margfalt stærra en sú aðstaða sem áður hafði verið til staðar. Húsnæðið var í eigu lyfjafyrirtækisins Omega Pharma og eftir stuttar viðræður lá fyrir að stjórnendur fyrirtækisins voru áformunum mjög velviljaðir og voru tilbúnir að greiða götu verkefnisins.

Lagt var af stað með þá hugmyndafræði að þessi aðstaða (klifursalurinn og félagsheimili Ísalp) yrði sjálfseignarstofnun; enginn hefði persónulegra hagsmuna að gæta og markmiðið væri að koma þessari aðstöðu upp og láta þetta ganga. Ákveðið var að kalla aðstöðuna Klifurhúsið.

Eftir að húsnæðið hafði fengist afhent rann upp fyrir öllum að þetta var í raun stærra verkefni en nokkurn hafði órað fyrir. Farið var á stúfana að leita frekari fyrirgreiðslu og náðist inn fjármagn frá fjölmörgum aðilum. Maður gekk undir manns hönd við að byggja upp klifursalinn og innrétta félagsaðstöðuna á efri hæðinni. Menn unnu sinn vinnudag og síðan var mætt á kvöldin og um helgar til að djöflast áfram við að smíða og byggja. Farnar voru tugir ferða í Sorpu til að finna dýnur í klifursalinn og fjölmargir lögðu til húsgögn og annað í félagsaðstöðuna. Samheldnin var mögnuð, dugnaðurinn var engu líkur og baráttuhugurinn var það sem dreif menn áfram. Eins og verða vill þá lögðu sumir meira á sig en aðrir en enginn taldi vinnutímana. Allir sneru bökum saman og gerðu eins vel og þeir gátu. Þetta var magnaður tími.

Klifurhúsið var svo opnað með pompi og prakt og Íslenski Alpaklúbburinn hélt fyrsta fundinn í nýja húsnæðinu. Þetta var orðið að veruleika og hafði gengið betur en nokkur hafði þorað að vona.

Stefán Páll Magnússon heldur glaður í borðann meðan Ingibjörg Sólrún Gísladóttir klippir á og formlega opnar ný heimkynni Ísalp og Klifurhússins. Í bakgrunni má sjá ansi mörg kunnuleg andlit.

Björn Baldursson og Þórarinn Pálsson við smíði á gamla hellinum í Klifurhúsinu.

Ívar Finnbogason

Veistu hver ég var?

ÍSALP 2000–2005 og hvernig ég var aðal gaurinn!

Þetta var á þeim tíma þegar enn voru haldnir vikulegir fundir, nýjar leiðir voru skráðar í Fyrst-Farið bókina og ársrita var beðið með ofvæni – þetta var á þeim tíma þegar menn urðu ódauðlegir af afrekum sínum sem lifðu um aldur og ævi í fréttapistli Ísalp – og ég ætlaði mér sannarlega eilíft líf á þeim síðum. Ég var tilbúinn að gera allt – líka koma nakinn fram!

Mynd til vinstri: Sjálfa sem lýsir líðan greinarhöfundar eftir að hafa fallið niður með stóru ísstykki úr Þilinu.

Eftir að hafa alist upp frá 15 ára aldri við lestur ársrita og drukkið í mig hetjusögur fortíðar, var ég loksins farinn að sjá að kannski væru Snævarr, Palli og Guðmundur Helgi bara dauðlegir menn (ég veit að sjálfsögðu í dag að þeir eru það ekki). Ég fór í stríð við að endurtaka söguna og að skrifa mína eigin sögu í harðri samkeppni við nýju strákana og gömlu kallana sem neituðu að gefast upp.

Fyrsta verkefnið var ný leið á Hrútfjallstinda og ég var ekki lengi að nefna hana eina erfiðustu alpaleið landsins (ef enginn annar gerir það verður maður bara að gera það sjálfur). Postulínið fæddist í apríl 2000, feðrað af mér, Einari Rúnari og Örvari. Leiðin nægði í heila grein í blaðinu. Einhverjir aðrir gerðu eitthvað líka, búið var að tappa af Glymsgili að mestu leyti en enn var af nógu að taka sem hægt var að skrá í FF bókina. Ísklifurfestivölin voru risa samkomur og nánast enginn nennti að mæta á Telemark festivalið. Rúnar fór fyrir Ísfirðingum og var ötull við að draga samlanda sína að nafla alheimsins gegn skráningum í FF bókina. Ég var ekki einn um að heimsækja Einar Rúnar í Öræfin þegar vetraði og af nógu var að taka – reyndar svo miklu að það nægði í margar blaðsíður í fréttapistli ársritsins. Palli og Guðmundur Helgi neituðu að hætta og voru á einhvern gersamlega óskiljanlegan hátt ósnertanlegir á toppnum. Við strákarnir lifðum í stöðugum ótta við að G. Helgi segði við okkur yfirvegað að hann hefði reyndar klifrað nýjasta FF-ið okkar fyrir mörgum árum, áður en bognar axir og stífir skór voru fundin upp.

Utanlandsferðir voru enn það fátíðar á þessum tíma að hægt var að fara í sumarfrí erlendis og fá það skráð í Fréttapistilinn. Nokkrir gerðu það – flestir fóru í hefðbundnar alpaferðir en einhverjir undir forustu Gumma Tómasar höfðu tekið ástfóstri við furðulegt afbrigði klifurs sem ég sá enga ástæðu til að gefa neinn gaum, nefnilega stigaklifur. Nokkrir reyndu sig við Denali, sem einnig var þekkt sem Kópavogshælið á þeim tíma og stöku sérvitringar hættu sér lengra. Prins Póló (Haraldur Örn) var iðinn við kolann að toppa alla sjö og gerði það að lokum með því að skipta sumarfríi í Ástralíu út fyrir þennan óþægilega tind í Eyjaálfunni. Sjálfur hélt ég áfram í stríði við söguna og fór með öflugum hópi til Perú að upplifa ævintýri Helga Ben og co. Við gengum það langt að gista á sama hóteli og þau höfðu gert yfir áratug áður.

Á þessum tíma var engin aðskilnaður milli klettaklifrara og ísklifrara – sumir okkar gerðu meira að segja bæði. Við sem töldumst til íspinna sýndum hinum skilning og virðingu, enda frábærir íþróttamenn sem æfðu til að klifra úti (veggjarottur voru taldar furðulegar og við vorkenndum þeim). Klettaklifrararnir sýndu okkur á sama hátt virðingu – enda sjálfir fyrir löngu búnir að gefast upp á vosbúð vetrarklifurs.

En þó að þessi ár hafi einkennst af mikilli gerjun í allskonar klifri innanlands sem utan þá er óhætt að segja að ísklifur hafi staðið uppúr á þessum tíma í hópi alvöru fjallamanna. Mér sjálfum til skelfingar (þó ég hafi ekki vitað það þá) þá var annað fyrirbæri að þróast á þessum tíma, nefnilega internetið. Í fyrstu var það frábært, við gátum skráð FF á netinu og staðið í ritdeilum á spjallþráðum sem var stórkostleg skemmtun. Svo hurfu smám saman ársritin, og enginn las þau gömlu. Sá sem ætlaði að vinna sér inn hetjustatus varð að taka myndir og gera video – og sú frægð entist bara í 15 mínútur. Þannig að hér er mín allra síðasta tilraun til að snúa þessu mér í hag – en æi, mér er eiginlega alveg sama – þetta var gaman en núna þarf ég að tékka á fésinu og má ekki lengur vera að þessu rugli. Ég fer bara að hjóla og skíða eins og allir hinir.

Over and out!

Sveinn Eydal

Gullöld spjallborðs ÍSALP

Fyrr á öldum hittust klúbbfélagar ÍSALP á fundum, kváðu limrur og dreyptu á einmöltuðu lífsins vatni. Breyting varð á eftir tilkomu veraldarvefsins. Færðist þá hitinn og þunginn af starfi klúbbsins á umræðuvefinn isalp.is.

Lénið var skráð 1998 og ef höfundi skjátlast ekki var fyrsta útgáfa skrifuð af Helga Borg í desember 1997, önnur útgáfan einnig af Helga árið 2002 og kom þá spjallborðið til sögunnar. Guðlaugur Ingi Guðlaugsson og Ólafur Hrafn Nielsen endurskrifuðu svo vefinn 2009 og loks gerði Jafet Bjarkar Björnsson nýjustu útgáfuna.

Nú gæti undirritaður hljómað eins og gamalmenni með nostalgíu en á tímabilinu í kringum 2005 til 2010 var mikið líf í kringum spjallborðið. Magn upplýsinga um aðstæður, spjall og fleira var margfalt á við það sem er í dag. Í raun má segja að Fésbókin hafi gert klúbbnum mikinn óleik með tilkomu sinni. Notkun spjallborðsins datt að miklu leyti niður þegar félagar hættu að taka klassískar sjálfsmyndir af sjálfum sér, „KSASM“, framkalla, skanna og setja svo í stafrænt myndaalbúm á netinu. Nei, nú skyldi keypt framlengjanleg reðurstöng og „sjálfur“ birtar á kortersfresti hið minnsta á samstundistístfésinu.

#isalp #climbing #totallyrad #dadbod #redbull #pulitzer

Aftur að spjallborðinu. Með samskiptum augliti til auglits fylgir ýmiskonar líkamstjáning og blæbrigði sem styðja við merkingu orðanna. Því er ekki að skipta þegar fólk talast við í gegnum lyklaborð. Þar af leiðir að umræðan verður oft á tíðum hvassari en til var ætlast. Óhjákvæmilega komu upp ýmis hitamál, stórskemmtileg að sjálfsögðu. Á þessum tíma var isalp.is opin allan daginn hjá klifrurum og fingurinn ekki tekinn af F5 takkanum.

Tæknimenn Ísalp í gegnum tíðina eru greinilega snillingar því meirihlutinn af gamla spjallinu, mögulega allt, er enn til á vef klúbbsins. Það er frábært! Við skulum líta yfir nokkur skemmtileg mál.

Boltun í Stardal

Þegar verið var að ræða nýja leið í Valshamri og vinsældir þess svæðis kom sannkölluð B.O.B.A. inn í umræðuna frá Páli Sveinssyni:

> „Ólafur furðar sig á af hverju Valshamar er vinsælasta klifursvæði landsins. Því er auðsvarað. Gott berg. Nóg af boltum. Fínar leiðir, miserfiðar. Er ekki röðin Valshamar, Hnappavellir og Munkaþverá? Þá kemur að áralöngu hugðarefni mínu sem er að bolta Stardal. Þar myndum við fá frábært klifursvæði sem myndi skilja hin svæðin eftir sem gamlar minningar. Nú eru allir gömlu klifrararnir hættir hvort sem er og kominn tími til að nýir taki við.“

Ljósmynd: Björgvin Hilmarsson

Hrappur Magnússon svarar:

> „Óboy, nú hefur gamla brýnið opnað stóru ormadósina. Allir í bátana og bjargi sér hver sem betur getur.“

En Páll var ekki af baki dottinn:

> „Ég skil ekki þessa fortíðarþrá. Ekki vildi ég búa í torfkofa, keyra um á malarvegum eða vaða óbrúaðar ár.“

Ívar Finnbogason er ekkert að skafa utan af því:

> „Þið eruð allir aumingjar og það að einhverjum detti í hug að bolta í Stardalnum er eingöngu staðfesting á því. (...) Ég legg til að ÍSALP bjóði Leo Houlding og leyfi honum að reyna sig við eitthvað af þessum leiðum sem þið viljið bolta. Þær sem honum finnst ógerlegar án boltunar mætti svo bolta og ég skal ekki kalla neinn aumingja fyrir það!
>
> P.S. Ef þið boltið í dalnum skal ég fara persónulega með Stebba og saga af boltunum hvort sem þeir eru í nýjum eða gömlum leiðum.“

Í kjölfarið var haldinn fundur um boltun í Stardal. Samþykkt var að bolta í Stiftamti, klettum vestan við Stardalshnjúk. Komu tvær til þrjár leiðir út úr því sem eru aldrei klifraðar. Hvað Stardalshnjúk sjálfan varðar vildu menn ekki einu sinni setja sigkeðju þar, sem væri þó fínt.

Leynisvæði Hardcore

Fyrir tíma samfélagsmiðla voru allt önnur gildi varðandi klifur og fjallamennsku. Ein ófrjávíkjanleg regla var að gera fyrst og tala svo. Eða tala bara alls ekki. Eftirfarandi saga af hinum góðkunna Mugs Stump í 49. tölublaði Alpinist lýsir þessu vel:

> „Stump had a recurring dream that he had completed, alone, one of the finest lines in the Alaska Range. He'd left nothing behind and kept the experience to himself. One evening in a bar, some climbers arrived, energized by a well-earned first ascent. Others joined in the celebration, hearing stories about the route, the very same line Stump had soloed. In his vision, he quietly joined in, raising a toast to their success.“

Það er eitthvað við þetta. Í þessum anda hafði Ívar nokkur Finnbogason fundið nýtt ísklifursvæði á Bröttubrekku og haldið því fyrir sjálfan sig. Ætlunin var að frumfara leiðirnar og skrifa svo um afrekið eftir á. Einhvern veginn komst þetta í hámæli og menn voru ekki sáttir við að Ívar ætlaði að borða allt nammið einn. Páll Sveinsson átti aftur fyrstu orðin:

> „Það er af sem áður var þegar nýjar leiðir og svæði litu dagsins ljós. Þá börðu menn sér á brjóst og töluðu digurbarkalega um eigin afrek og böðuðu sig frægðar ljóma. Voru æstir að dreifa þekkingu og fá sem flesta með á fjöll. Við það myndaðist smá stemning og jafnvel smá kapphlaup að fara fallegustu línurnar. (...) Því þykir mér það leiðinlegt ef það er rétt sem ég heyri að sportið sé að breytast í einhvernskonar pukur samkomur. Menn laumist á fjöll og segi engum frá nema þeir lofi þagmælsku.”

Menn taka undir, Jón Haukur Steingrímsson ræðir um morgunkorn:

> „Palli minn, svona er þetta nú bara með kókó-puffs fólkið, það þorir ekki að fá gamlingjana í heimsókn því þeir gætu tekið upp á því að niðurgráða leiðirnar, eyðileggja allar fínu sögurnar og senda egóið hjá litlu sálunum niður í kjallara, en svona er það nú bara.”

En Ívar svarar fullum hálsi:

> „Þið verðið einfaldlega að horfast í augu við það að mín vinnubrögð eru mótuð af gömlu hetjunum mínum, ykkur. Ef eitthvað er hafa þau mildast mikið frá þeim tíma er menn voru tilbúnir að höggva mann og annan fyrir nýjar leiðir og sæti á toppnum. Reyndar væri ég nú til í að sjá eitthvað smá af þessum gamla tíma aftur. Það er lítið gaman að vera eina risaeðlan í þessari deyjandi keppni.
>
> (...)
>
> Varðandi nýja svæðið ætla ég mér að eiga það í einn dag, eftir það verður staðsetning þess skráð á vefinn eins og alltaf hefur verið gert. Þetta svæði er reyndar ekki erfitt að finna og ef menn nenntu að leggja á sig lítilsháttar labb væru þeir líklega löngu búnir að því. Við Jökull nenntum því og gerðum það fyrir okkur en ekki til að spara hinum væsklum könnunarleiðangur.”

Sitt sýndist hverjum. Karl Ingólfsson kom síðan með innlegg:

> „Nokkrar sögur úr fornöld. Þegar sögusagnir komu frá norðlenskum bændum um ís í Kaldakinn fóru menn strax að ræða þennan möguleika og við fyrsta tækifæri var farið að skoða og síðan klifra. Man ég ekki betur en farið hefði af stað fjölraddaður söngur til að dásama Kinnina og allan þann leiðafjölda sem þar stæði til boða. Sama var með Glymsgilið, við vorum fjórir félagar að koma ofan úr Botnsúlum er við sáum helblátt gilið og smöluðum töluverðum hóp í skoðunarferð strax daginn eftir. Það voru svo menn sem heyrðu af þessu sem urðu fyrstir til að berja sig upp leiðina en aldrei man ég eftir að hvarflað hafi að nokkrum manni að pukrast með þetta frábæra svæði. Ég hef sagt hverjum sem heyra vill af ísþili sem stundum myndast við Hengifoss og óklifinn norðurveggur Búlandstinds er með tilkomumeiri alpaleiðum landsins. Eg hef ekki betur séð

> að fyrir hverja nýja klifurleið sem farin er finnist að minnsta kosti tvær nýjar!”

Þess má geta að Róbert Halldórsson og Sigurður Tómas Þórisson kláruðu loks málið í austurvegg Búlandstinds í febrúar 2016. En eins og allir vita er Ívar þessi harði með mjúku fyllingunni og allt endaði í hópfaðmlagi:

> „Búum bara til mínifestival úr þessu. Allir sem vilja koma með geta látið vita hér.”

Ævintýri í Þríhnjúkagíg

Áður en skipulagðar sýningar fyrir ferðamenn hófust í Þríhnjúkagíg var hann ofarlega á lista yfir hluti sem Ísalparar þurftu að gera til að vera taldir menn með mönnum, ásamt Hvannadalshnjúk, Hrútsfjalli, Þumli og Hraundranga svo eitthvað sé nefnt. Gígurinn er 120 metra djúpur og flækjustig er nokkuð svo allskonar bras hlaust af. Arnar Þór Emilsson skrifar:

> „Við eigum frænda sem seig einn niður í Þríhnjúkahelli. Hann var eitthvað tæpur á línum en náði að síga alla leið niður. Þegar hann klippti sig úr þá fór teygjan úr línunum og endinn danglaði nokkra metra fyrir ofan hann. Þeir sem hafa komið þarna niður vita að í botninum er risastór grjóthrúga. Hann reyndi að hækka hana um nokkra metra en það var ekki nóg. Það endaði með því að hann fór úr gönguskónum, batt þá saman, stóð á hrúgunni og henti þeim síðan utan um línuna til þyngja hana. Þannig náði hann í endann.”

Einnig er fræg saga af stúlku sem var að júmma sig upp þegar kápan á línunni fór í sundur. Hún húrraði niður þar til kápan hafði krumpast nægilega mikið undir henni til að halda þyngdinni. Kjarninn hélt. Karl Ingólfsson skrifar:

> „Það var Anna María sem sleit kápuna og skrensaði nokkra metra niður eftir línunni. Ég var á annari línu við hlið hennar þegar þetta gerðist. Þetta kápuslit varð til þess að í næstu skipti var notuð fljótlegri og öruggari aðferð, varadekksfelgan af rússajeppanum hans Himma Aðalsteins.”

Svo æsast leikar, Árni Alfreðsson:

> „Í annað skipti sem varadekksfelga afa hans Himma og Súkkan hans Kalla voru notaðar við uppdrátt fór ég fyrstur niður. Ég notaði áttu og hafði prússik band sem öryggi. Seig fyrst með línuna í poka en nennti því svo ekki og fleygði henni niður. Þegar leið á sigið fer mig að verkja all svakalega í hægri hendina og gat illa stýrt siginu. Ég reyndi að vefja línunni um fallegu fjólubláu Scarpa Vega skóna mína til að hægja á hraðanum án árangurs. Sársaukinn var það mikill að ég neyddist til að sleppa línunni. Sem betur fer virkaði prússik hnúturinn og ég stoppaði. Þá kom í ljós að það vantaði ca. 20 metra uppá svo línan næði niður. Ég fékk senda aðra línu og komst til botns. Ástæða sársaukans var sú að nokkrum vikum fyrr hafði ég farið í heitu pottana í Laugardalnum eftir eitthvað djamm. Við að príla yfir grindverkið hafði ég dottið beint fram fyrir mig og brotið bátsbeinið. Þetta kom hins vegar ekki í ljós fyrr en við sigið. Svona fyrir „recordið” vil ég taka fram að ég fór fyrstur upp á varadekksfelgu afa hans Himma og Súkkunni hans Kalla. Fer kannski betur að aðrir segi þá sögu, sáu hana kannski í öðru ljósi en ég.”

Fleiri gullmolar

Margir klifrarar eiga langþráðan draum um að komast á síður erlendra tímarita. Þannig var Palli Sveins á forsíðu Rock and Ice og Alpinist birti mynd eftir Guðmund Tómasson af Atla Þór og Frey Inga að klífa Grafarfoss. Í sama riti birtist einnig skuggamynd af klifrara á Hólmatindi eftir Björgvin Hilmarsson. Eflaust hafa fleiri Íslendingar ratað á síður glansandi erlendra klifurtímarita.

Í aprílgabbi á vef Alpinist birtist gamalkunnugur baksvipur. Þar var kominn Ívar og átti hann að vera að prófa nýja boltavél í leiðslu. Gott ef allar þessar birtingar í Alpinist tengdust ekki því að Steinar Sigurðsson starfaði þar um tíma. Við þetta tækifæri skrifaði Karl Ingólfsson:

> „Borvélar henta ekki síður í ísklifur. Til að kanna þetta þá tryggði ég heila spönn í Kinninni með V-þræðingum sem boraðar voru með batterísborvél og 38 mm spaðabor. Yfirleitt var nóg að stinga inn stífum sling og hann ratði út hitt gatið án þess að nota þyrfti vírinn.”

Gerum betur í vetur

Mörg gullkorn og jafnvel gullæðar má finna á vef ÍSALP sem greinarhöfundur hvetur lesendur til að kanna. Leitarvélin virkar vel og leitarorð á borð við „púlka“, „snjóhús“, „gönguskíði“, „sjógalli“, „kúmen“ og „hardcore“ eru eflaust góð byrjun.

Vinir ykkar á Fésbók og Instagram hafa engan áhuga á því hvort þið klifruðuð Sumardraum eða Óríon í gær - það eru bara klifrarar sem hafa áhuga á því. Og þið hafið engan áhuga á börnunum þeirra og brauðtertugerð.

Það sem þið skráið á spjallborð ÍSALP fer í gagnagrunn sem er í eigu klúbbsins og varðveitist. Þar er hægt að leita til að finna leiðarlýsingar, aðkomur, upplýsingar um búnað og gamanmál. Spjallborðið einfaldar mikið vinnu við ársritið.

Hvernig væri að við myndum öll reyna að vera dugleg á *isalp.is* í vetur? Ég ætla að vera það. Og ef þið skrifið eitthvað epískt mun kannski einhver leita það uppi og skrifa grein um það eftir 15 ár.

Texti: Elín Lóa Baldursdóttir, Heiða Jónsdóttir og Ingunn Ósk Árnadóttir

Íran

Við vorum þrjár sem fórum undir merkjum Ísalp í fjallamennskuævintýri á vegum Íranska Alpaklúbbsins. Markmið ferðarinnar var að ganga á fjöllin Damavand og Alam- Kuh og kynnast fjallamenningunni í Íran. Ferðalangar frá Norðurlöndunum, Slóveníu, Malasíu, Azerbaijan og Afganistan tóku þátt í ævintýrinu með okkur, svo alls voru 16 manns í hópnum.

Þegar við sögðum fjölskyldum og vinum frá ferðaplönunum fengum við mikið af efasemdaspurningum. „Ætliði virkilega að fara?“, „Er þetta ekki stórhættulegt?”, „Þið komist aldrei aftur til Bandaríkjanna!“ „Þurfið þið ekki að vera með blæjur?“ Við töldum okkur nú allar með ágætis bakgrunn í fjalla- og ferðamennsku og vorum ekki að mikla þetta verkefni alltof mikið fyrir okkur. Hæðin á fjöllunum og heldur stutt hæðaraðlögun var okkar helsta spurningarmerki framan af. „Hvernig komum við til með að þola hæðina?“Það var ekki fyrr en að líða fór að því að pakka niður í tösku að það fóru að renna á okkur tvær grímur. Við þurftum í alvöru að tækla þessi sérlög varðandi fatnað kvenna. „Hverju eigum við að pakka niður?“, „Eigum við ekki eftir að kafna úr hita?“, „Hvar fær maður þægileg en smart fjallgönguföt sem hylja vöxt, mitti, olnboga, háls og hár?“ Síðustu mínútum fram að brottför var því eytt í að snúa fataskápum við og að hlaupa milli búða og leita að hólkvíðum síðum fjallabolum og höfuðfötum. Og síðast en ekki síst: „Hvað þarf að hafa mikinn pening með sér?“ Það þurfti að vera á hreinu því að í Íran eru ekki hraðbankar og ekki tekið við kortum, einungis er hægt að skipta evrum og dollurum í írönsk rial í sérstökum skiptibönkum.

Ferðalagið

Við flugum frá Íslandi til Tehran með millilendingu í London. Beiti, einn leiðsögumaðurinn frá Alpaklúbbnum, sótti okkur á flugvöllinn og skutlaði okkur á íþróttamanna ólympíuhótelið í Tehran. Á leiðinni upp á hótel fór hann með flugþreyttu Íslendingana í ekta íranskan morgunmat, þar var lambakjötsgrautur og aðrar framandi kássur á boðstólnum sem voru borðaðar með brauðsneplum. Sem betur fer setti þetta ekki línurnar fyrir matinn í ferðinni. En Íranir borða mikið af kebabkjöti, grænmeti, ávöxtum, hnetum og vel af hrísgrjónum.

Moskan sem við gistum í, Damavand í baksýn. *Ljósmynd: Elín Lóa Baldursdóttir*

Damavand

Samkvæmt áætlun átti að byrja að ganga á fjallið Damavand. Það er hæsta fjall Írans, 5.671m hátt og stendur stakt og tignarlegt uppúr hæðóttum sjóndeildarhringnum. Það eru 16 þekktar gönguleiðir upp á topp en við fórum hina hefðbundnu gönguleið á suðurhlið fjallsins.

Á brottfarardegi var hópnum hóað saman í anddyrinu og farið lauslega yfir ferðaáætlun. Ferðin byrjaði með klassískum tetrisleik þar sem markmiðið var að troða 20 döffeltöskum og 20 ferðalöngum í skottlausa mínírútu. Eftir dágott puð varð hópurinn að játa sig sigraðan og var kallað á annan bíl sem tók töskurnar og hluta af hópnum. Keyrt var í skálann Polour sem er í eigu Íranska Alpaklúbbsins. Í Polour var dagurinn nýttur í að undirbúa ferðina upp á Damavand, það þurfti að fara yfir matarmál, endurraða í töskur og og fleira. Í lok dags var tekin skyndiákvörðun um að gista hærra uppi til að hjálpa til við hæðaraðlögunina. Öllu var því ruslað í bíla og haldið af stað. Jepparnir sem komu að ná í okkur voru gamlir skrjóðar í misgóðu ástandi en náðu þó að merja bratta og grýtta hækkunina á ógnarhraða. Íranir eru alltaf hressir, þeir þurfa ekki áfengi til að sleppa fram af sér beislinu, enda áfengi bannað í Íran. Þeir eru alltaf til í tjútt. Ferðin upp eftir var því nýtt í að hrista rassa og skanka í takt við íranska tóna og máttu bílstjórarnir varla vera að því að halda í stýrið þegar þeir klifu upp þröngan og brattan fjallaveginn í átt að gististaðnum, lítilli mosku í 3.040m hæð.

Morguninn eftir rann upp bjartur og fagur og fjallstindurinn blasti við okkur í allri sinni dýrð. Föggur og aðrir fylgihlutir voru fluttir upp með múlösnum meðan við gengum upp í búðir með létta poka. Fyrsti hlutinn af leiðinni var mjög fallegur,

Hersingin á leiðinni uppá Alam- Kuh. *Ljósmynd: Ónefndur ferðafélagi*

gróinn og júlíblómin skörtuðu sínu fegursta. Það var nokkuð heitt þennan dag og nokkrar stelpnanna freistuðust til þess að ganga á stuttermabol, smölum sem urðu á vegi okkar til mikils ama.

Við gistum í Damavand búðunum sem eru í 4.220m hæð. Þar er skáli og 36 hæðarmetrum neðar voru tjaldbúðirnar okkar með svefntjöldum, matartjöldum, kokki og öðru þjónustuliði.

Á degi tvö fórum við í hæðaraðlögun, hækkuðum okkur um 500 metra. Til þess að lágmarka hæðarveiki og hafa sem mesta orku á toppadaginn, kýldum við okkur út af mat og þömbuðum vatn eins og við gátum. Vatnsþambið kostaði tíðar klósettferðir, frekar langt var á klósettið eða 300m og 36m hækkun, sem var ekkert grín í þessari hæð. Partý- blaðran stækkaði örugglega um nokkur númer enda voru ekki farnar ferðir nema blaðran væri virkilega við það að springa.

Þennan dag bættist vel í Íranska stuðningshópinn sem samanstóð af reynslumiklu fjallafólki, lækni og öðrum stuðpinnum sem örugglega voru fengnir til þess að halda uppi partýstandard 24/7.

Á toppadaginn sjálfan var vaknað um miðja nótt. Veðrið var frekar hráslagalegt, það blés og var nokkuð kalt. Til þess að fólk fyndi síður fyrir hæðarveiki var gengið mjög hægt og rólega upp fjallið undir styrkri stjórn Beiti, sem var aðalkokkurinn í búðunum, en einnig mjög reynslumikill og frábær leiðsögumaður. Í byrjun ferðar var gengið á gullfallegum klettahryggjum en síðan tók við ágætur stígur í hlíðum fjallsins. Á stígnum var svolítið af lausri möl svo fólki skrikaði oft fótur á leiðinni en ekkert mikið meira en það. Örfáum sinnum þurfti að klifra upp lítil höft eða labba þröng gil. Svolítill gróður var í rótum fallsins en með hæðinni vék hann og eftir stóðu sendnar og skriðurunnar hlíðar. Útsýnið úr göngunni var fallegt, sást vel yfir dali og stórt fallegt stöðuvatn. Á íslenskan mælikvarða myndi gangan á fjallið teljast nokkuð auðveld, erfiðleikar ferðarinnar felast fyrst og fremst í hæðinni, en tveir þátttakendur þurftu að snúa við í um 5.000m hæð sökum hæðarveiki. Að lokum náðum við hin á toppinn í þoku og litlu skyggni.

Alam Kuh

Seinni hluta ferðarinnar vorum við í fjallasal við tindinn Alamh Kuh sem er næsthæsta fjall Íran. Þar áttum við að fara á jökla/fjallamennskunámskeið á jökli og ganga svo á tindinn.

Tjaldsvæðið í búðunum við Alam- Kuh. *Ljósmynd: Elín Lóa*

Fjallgarðurinn sem Alamh-Kuh tilheyrir er mikilfenglegur. Til að komast að gönguleiðinni upp í fjallasalinn þurfti að flytja fólk og búnað á velpökkuðum vörubílspöllum, svo það var um að gera að halda sér fast ef maður ætlaði að hanga með í ferðinni. Þegar komið var að gönguleiðinni fluttu múlasnar dótið en við gengum með dagspoka upp á flatann í u.þ.b. 3.700m hæð þar sem búðirnar voru staðsettar.

Við vorum nokkuð svekktar þegar íranski skriðjökullinn, sem við héldum að við værum að fara að sjá á fjallamennskunámskeiðinu, var margbrædd snjóbrekka. Námskeiðið var engu að síður keyrt og voru kennsluaðferðir og kennsluefni frekar fornt. Sprungubjörgunarsettið var þunnt en þungt. Byggðist á júmmurum og öðru þungu dóti, minna var um línur og prússikspotta.

Stemmningin í búðunum var eins breytileg og veðrið. Írönsku skipuleggjendurnir reyndu að dansa í takt við óákveðna veðurguðina til þess að gera sem best úr þessu. Hluti af námskeiðinu var kennt inn í tjaldi og farið var út í snjóbrekkuna milli skúra. Oft vorum við búin að græja okkur þegar úrhelli skall á og ekki var hundi út sigandi. Veðrið og óvissan hafði líka áhrif á biðlund okkar þátttakendanna, til þess að halda uppi stuðinu var haldið til í samkomutjaldinu og spilað, sagðar sögur og dansað. Suma dagana birti til undir kvöld og þá hlupu allir á minni nærliggjandi tinda eða út í jógaæfingar.

Daginn sem halda átti á Alam Kuh var líka vaknað um miðja nótt. Beðið var með brottför í um tvo tíma til að við slyppum við þrumuveðrið en eftir það hélst veðrið bjart og stillt og aðstæður allar eins og best var á kosið. Umhverfið og útsýnið af þessu fjalli var mjög ólíkt því sem var á Damavand því margir tindar sjást af gönguleiðinni og gengið er inn dal til að ná á tindinn og þar kom til nýtt landslag sem við höfðum ekki séð frá tjaldsvæðinu. Þarna var nær enginn gróður og nokkuð hrikalegt landslag. Gönguleiðin lá eftir bröttum hlíðum og sumstaðar á mjóum hryggjum þar sem bannað var að detta. Tindurinn sjálfur var svo brattur klettadrangur og nær ekkert pláss fyrir hóp af fólki nema þá á örmjóum stígnum að honum. Það mátti gæta sín að fara ekki of nærri toppabrúninni því þar tók við 800m fall niður þar sem klifurleiðin lá. Mikið öngþveiti varð þegar við vorum komin í seilingarfjarlægð frá toppnum þar sem því fór fjarri að nóg pláss væri fyrir allan 70 manna hópinn.

Að leiðarlokum

Ferðalagið hafði mikil áhrif á okkur og tók töluverðan tíma að melta það. Þyngslin á slæðunni komu á óvart, ótrúlegt hvað það gat verið erfitt að fylgja klæðareglum og sýna ekki of mikið hold. Sem betur fer voru reglurnar ekki eins stífar á fjöllum og þurftum við einungis að hylja okkur á opinberum myndum. Margt annað kom á óvart varðandi kynjaskiptingu, t.d. voru kynjaskiptar raðir í að kaupa brauð í bakaríinu og sín hvor sundlaugin fyrir konur og karlmenn. Eins voru ákveðnar reglur um hvar konur máttu sitja í leigubílum og helst var reynt að setja a.m.k. einn karlmann í leigubíl með okkur konunum ef því var komið við.

Íranir eru mjög gestrisnir og áhugasamir um gesti. Mikið var spurt um aldur, hjúskaparstöðu og heimahagana. Í göngunum kepptist fólk við að bjóða okkur af nestinu sínu og spjalla. Í Tehran og í öðrum bæjum vorum við stoppaðar úti á götu og spurðar spjörunum úr. Íranir eru mjög glaðlegir og mikið stuð myndaðist þar sem þeir hópuðust saman.

Undirbúningurinn og göngurnar voru frábærar æfingabúðir í háfjallamennsku. Við erum hæstánægðar með ferðina og mælum klárlega með ferðalagi til Íran, okkur langar a.m.k aftur. Landið er risastór og við sáum bara lítinn hluta þess, en þar sem við vorum var fallegt, miklir útivistarmöguleikar og hlýlegt og skemmtilegt fólk, og gaman væri að fá tækifæri til að eyða meiri tíma í landinu, jafnvel að vetrarlagi.

Við viljum þakka Ísalp kærlega fyrir stuðninginn og tækifærið. Það var frábært að fá að kynnast Miðausturlenskum fjallamennskuheimi.

Enn og aftur takk ÍSALP!

www.fi.is

Ferðafélag Íslands

Fjölbreytt starfsemi í yfir 87 ár

Upplifðu náttúru Íslands

Líf og fjör í starfseminni

Ferðafélag Íslands er áhugamannafélag sem hefur það markmið að hvetja landsmenn til að ferðast og fræðast um landið. Áhugi á gönguferðum, fjallgöngum og útiveru hefur aldrei verið meiri og er mikið líf og fjör í starfseminni.

Allir finna eitthvað við sitt hæfi

Ferðafélagið leggur sig fram við að mæta þörfum breiðs hóps með miklu úrvali ferða. Í ferðaflóru félagsins er að finna allt frá söguferðum um grösugar sveitir til erfiðra jöklaferða. Í ferðaáætlun félagsins geta flestir fundið eitthvað við sitt hæfi. Á 87 árum hefur Ferðafélagið efnt til meira en 8.500 ferða með yfir 200.000 þátttakendum.

Öflug útgáfustarfsemi

Það eru allir velkomnir í Ferðafélagið og njóta félagsmenn sérkjara, bæði í ferðum, skálum og í fjölda verslana. Auk þess fá allir félagsmenn árbókina senda heim á hverju ári og er það hluti af árgjaldinu. Árbókin er einstæður bókaflokkur um land og náttúru. Auk árbókanna hefur Ferðafélag Íslands staðið að útgáfu handhægra fræðslu- og upplýsingarita um ferðamál, þjóðfræði og sögu landshluta.

Sjálfboðastarf í góðum félagsskap

Félagsstarfið hefur í gegnum tíðina einkennst af miklu sjálfboðastarfi. Félagar hafa unnið að byggingaframkvæmdum, farið vinnuferðir í skála eða í frágangsferðir, stikað og unnið að uppbyggingu gönguleiða, unnið við brúargerð og margt fleira. Í staðinn hafa þeir fengið fríar ferðir, fæði og félagsskap.

Samgöngubætur og uppbygging svæða

Félagið hefur unnið markvisst að samgöngubótum, lagt akvegi og brúað ár. Það hefur haft samstarf við sveitarfélög um landgræðslu, náttúruvernd og uppbyggingu svæða eins og t.d. í Landmannalaugum, á Þórsmörk og Emstrum.

Sæluhúsin standa öllum opin

Sæluhús Ferðafélags Íslands og deilda félagsins úti um land eru þægilegir áningarstaðir á ferðalagi um óbyggðir Íslands. Þau eru á 40 stöðum víðsvegar um landið og getur allur almenningur nýtt þau óháð aðild að félaginu.

Aðal samstarfsaðilar FÍ

VÍS VALITOR FJALLA KOFINN

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is *Skráðu þig inn – drífðu þig út*

Starfsemi ÍSALP 2017

Nokkrar breytingar urðu á stjórn Alpaklúbbsins á aðalfundi síðastliðinn september. Heiða Jónsdóttir, Þorsteinn Cameron og Sigurður Ragnarsson fóru úr stjórn og í stað þeirra komu Matteo Meucci, Sigurður Ýmir Richter og Baldur Þór Davíðsson.

Síðasta haust tilkynnti Matteo Meucci stjórn klúbbsins að hann ætlaði að ráðast í metnaðarfullt verkefni um veturinn og óskaði eftir samstarfi við klúbbinn. Hann ætlaði sér að klifra 100 ísleiðir á einu tímabili og hlaupa síðan 100 km. Hann hélt myndasýningu fyrir klúbbinn í október þar sem mættu 30 manns. Matteo kenndi ísklifurnámskeið á Sólheimajökli fyrir klúbbinn og var ákveðið að hafa námskeiðið frítt fyrir meðlimi Alpaklúbbsins. Þátttakendur voru tólf og þar af 10 nýir félagar.

2017 er 40 ára afmælisár klúbbsins og var stefnt að því að halda veglegt ísklifurfestival í tilefni þess. Stofnuð var festivalnefnd og var Heiða fulltrúi stjórnar í henni. Sigurður Ýmir endaði sem forystumaður nefndarinnar og var stefnt að því að halda festivalið austur á fjörðum. Festivalið féll síðan niður vegna veðurs en líklega verður stefnt að því að halda festivalið fyrir austan næsta vetur.

Ekki tókst að fá þyrlu til að fljúga upp í Botnssúlur með undirstöður undir Bratta til viðbótar við þær sem settar voru upp haustið 2015. Þar með var útséð með að mögulegt yrði að flytja Bratta til fjalla á árinu 2017. Um veturinn hófst bygging fjölbýlishúss á lóðinni þar sem við geymdum skálann og þurftum við því að flytja hann. Hallgrímur Magnússon fékk leyfi fyrir skálann á nýrri lóð 100 metrum frá þeirri gömlu, þar sem hann fær að vera þar til hann verður fluttur næsta vetur. Samkomulag náðist við Björgunarfélag Akraness um að koma undirstöðum upp í Súlnadal á snjóbílum síðasta vor og núna í sumar tóku þeir kröftuga vinnutörn í Botnssúlum með sexhjólum og gröfu og kláruðu alla undirbúningsvinnu fyrir komu skálans.

Það hafði verið draumur formanns um nokkurt skeið að stofna til vinasamstarfs við erlendan Alpaklúbb og búa til skiptiprógramm milli tveggja klúbba. Fyrsta hugmyndin var að heyra í Katalónska Alpaklúbbnum en fljótlega kviknaði sú hugmynd að mynda samstarf við Alpaklúbbinn í Písa á Ítalíu, en það er uppeldisklúbbur Matteos Meucci. Þeir tóku mjög vel í hugmyndina og sendu fjóra félaga í heimsókn til okkar á festivaltíma, í febrúar 2017. Þrátt fyrir óblíð veðurskilyrði fengu þeir góðar móttökur á Íslandi og náðu að klifra heilmikið. Þeir gistu í íbúð Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í Reykjavík og fóru svo á flakk um landið með Matteo, Ottó, Bjarti, Sigga R, Þorsteini og fleirum. Þeir héldu vel sótta myndasýningu í Klifurhúsinu þar sem þeir kynntu heimaslóðir sínar. Alpaklúbburinn auglýsti eftir umsóknum og sendi síðan fjóra félaga til Písa í september 2017; Pál Sveinsson, Ottó Inga Þórisson, Bjart Tý Ólafsson og Rúnu Thorarensen. Gríðarleg ánægja var með ferðina til Ítalíu og megum við búast við myndasýningu og frásögn fljótlega. Ítalirnir gáfu okkur osta og kryddpylsur, tvö 50 metra half rope, boli og bækur.

Ísalp sendi þrjá félagsmenn til Íran. Þetta er í annað sinn sem Ísalp sendir fólk þangað á fjallaklifurmót sem hefur verið skipulagt af íranska fjalla- og klifurklúbbnum. Því miður var þetta í síðasta sinn sem þeir halda slíkt mót en Elín Lóa Baldursdóttir, Heiða Jónsdóttir og Ingunn Ósk Árnadóttir skemmtu sér stór vel og klifu Mt. Damavand og Alam- Kuh. Það stóð einnig til að senda Sigurð Ragnarsson á dótaklifurmót BMC í Bretlandi en því miður forfallaðist Sigurður á síðustu stundu.

Þorsteinn var í sambandi við Vilborgu Örnu um að efna til Ísalpferðar til Himalajafjalla sem hljómaði mjög vel. Ekkert varð úr því í bili en fullt erindi til að kanna hvort þetta er framkvæmanlegt síðar.

Tashi og Nungshi Malik, indverskar tvíburasystur sem klifu hæstu tindana í hverri heimsálfu auk þess að ganga bæði á Norður- og Suðurpól sóttu landið heim í nóvember og var félögum úr stjórn ÍSALP boðið í kokteilboð í indverska sendiráðið sem fór vel fram.

Helgi Egilsson og Rúna Thorarensen í hlíðum Múlafjalls, nóvember 2017. *Ljósmynd: Þorsteinn Cameron.*

Búnaðarbasar var haldinn með hefðbundnu sniði í húsnæði FBSR. Mætingin var góð og heitt á könnunni.

Alpaklúbburinn lét framleiða lasermerktar karabínur í tilefni af 40 ára afmælinu og derhúfur sem ruku út eins og heitar lummur.

Ársrit klúbbsins var gefið út í desember og er þetta í fyrsta sinn í áratug sem tekist hefur að gefa út ársrit tvö ár í röð. Þorsteinn Cameron bar hitann og þungann af útgáfunni og á hrós skilið fyrir vel unnin störf. Í fyrra bárust ábendingar um að framlag kvenna til blaðsins væri af skornum skammti og var strax ákveðið að bæta úr því. Það var ákveðið að ársritið 2016 skyldi einungis geyma greinar eftir konur og tókst það mjög vel.

Jólaklifrið féll niður 17. des vegna veðurs en haldið var þurrtólunarmót í staðinn.

Útgáfupartý ársritsins var haldið um kvöldið og þar hélt Cecilia Buil fyrirlestur auk Róberts Halldórssonar.

Lucie Hrozova, sem er einn færasti mixklifrari í heimi var í grimmum íshellaleiðangri á Íslandi í vetur og hélt fyrirlestur fyrir Klúbbinn 10. janúar í Klifurhúsinu.

Klifrarar á vegum North-Face héldu myndasýningu 9. mars. Við leigðum ráðstefnusal á Center Hotel Plaza og úr varð gríðarlega flottur viðburður. Gestir voru á bilinu 70-80, þarna var kaffi og dýrindis gúrkuvatn í boði auk þess sem bjór var á tilboði. Útilíf endaði á því að borga salinn þannig að þetta kom mjög vel út. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Ungverska fjallaskíðasambandið hafði samband við okkur í mars og vildi efna til þriggja landa samstarfs. Þeir sóttu um styrk hjá Evrópusambandinu og fengu að lokum úthlutað veglegum styrk. Smári Stefánsson hefur verið tengiliður þessa verkefnis. Fyrsti hluti verkefnisins verður í Slóveníu í mars 2018 og mun Alpaklúbburinn senda þátttakendur. Ísland mun síðan hýsa viðburð veturinn þar á eftir.

Banff kvikmyndahátíðin var haldin með hefðbundnu sniði í maí í Háskólabíói. Styrkir voru veittir frá Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum og GGsport. Ísalp hefur átt farsælt samstarf við fyrirtækin undanfarin tvö ár.

Ísalp er að vinna að skriflegu samkomulagi við bændur á Hnappavöllum um notkun klifrara og aðgengi á svæðinu. Þetta er gert í samstarfi við Klifurfélag Reykjavíkur.

Klifurleiðagagnagrunnur Ísalp telur nú 804 leiðir, en þeim hefur fjölgað um 100 milli ára.

22.nóvember 2017
Helgi Egilsson, *formaður ÍSALP*

Mannlíf: Matteo Meucci. *Jónas Sigurðsson gengur upp að Bolakletti.*

Klifur: Matteo Meucci. *Benedikt Purner klifrar Hard Five.*

Samantekt: Jónas G. Sigurðsson

Annáll íslenskrar fjallamennsku 2017

Í þessum annál er tíundað það markverðasta í fjallamennsku og klifri, innanlands og utan, vetur og sumar 2016-2017. Veturinn var með þeim hlýrri þennan ára-tuginn og gerði það flestum ísklifrurum erfitt fyrir. Bæði jólaklifrið í Múlafjalli og ísklifurfestivalið féllu niður sökum skorts á ís. Engu að síður var veturinn mjög viðburðaríkur og ber þar helst að nefna Matteo og 100 áskorana verkefnið hans. Vormánuðina nýttu margir Ísalp-arar í skíðaleiðangra jafnt hérlendis sem erlendis og voru þar ýmist á fjallaskíðum, gönguskíðum eða skíðum með flugdreka (kite). Síðastliðin ár hafa fjölmargar nýjar leiðir verið farnar á fjallaskíðum víða um land en í gagnabanka Ísalp er ekkert skráningarkerfi fyrir þær. Þeir sem luma á upplýsingum um leiðir og hafa áhuga á að hefja skráningu þeirra er bent á að hafa samband við stjórn.

Sumarið var hið prýðilegasta. Nokkuð þurrt og stillt sem gaf klettaklifrurum nóg við að hafast. Það er því frá mörgu að segja í annálnum og hann ekki nærri því tæmandi fyrir öll afrekin sem unnin voru síðasta ár. Athugið að annállinn er að mestu unninn úr því sem er skráð á heimasíðu Ísalp og hvetjum við alla til að segja frá ferðum sínum þar, stórum sem smáum.

SUÐVESTURLAND

Esja – Þó nokkuð var klifrað í **Eilífsdal** þennan veturinn. Gestir okkar frá Pisa létu vaða inn eftir og var eitt teymi, Matteo og Franco Laudanna de Guerra, sem lagði í sjálft ***Tjaldið***, fyrsta skipti sem sú leið er klifruð alla leið upp á topp aðeins á ís og telst hún þá vera um WI 5+/6. ***Einfarinn*** fékk nokkrar heimsóknir, ***Þursinn*** var klifraður og hugsanlega ný leið hægra megin við ***Þursinn.*** Hún hefur fengið heitið ***It's easy to belay*** WI 4+ og hana fóru Anna Priedite, Francesco, Giovanni, Mauro, Ottó Ingi, Vitaliano, Þorsteinn, Franco og Matteo.

Matteo ákvað að kanna nýjar slóðir í Eilífsdalnum og fór á þann hluta dalsins sem kallast Skálin og stuttlega er minnst á í Esjuleiðarvísi Snævars frá 1985. Þessi hluti er austan megin í Eilífsdalnum og einungis hálfa leið inn dalinn. Auk þess sem Matteo klifraði leiðina ***Skálin*** WI 3/4, þá frumfór hann tvær nýjar leiðir. Þær fengu nöfnin ***Kampavínsglasið*** WI 4/4+ og ***Bitri bolli*** WI 3 R.

Í byrjun janúar fóru tvö teymi saman í **Hrútadal,** frekar fáfarinn stað í Esjunni. Búið var að liggja yfir Esjuleiðarvísi Snævars frá 1985 ásamt því að staðsetja heilar þrjár leiðir sem höfðu verið farnar í dalnum síðan þá. Þegar teymin sáu ísinn frá veginum leist þeim vel á og ákváðu að biðja um leyfi og ráðleggingar frá næsta bónda varðandi stað til að leggja bílnum, bestu aðkomu og þess háttar. Bóndinn ráðlagði eindregið að fara frekar í Eilífsdal og vildi hann meina að í Hrútadal væri stanslaust grjóthrun allan ársins hring sem jafnvel héldi vöku fyrir fólki á bænum. Teymin voru samt sem áður sannfærð um að grjótið hlyti að haldast saman þar sem ís væri á því, þökkuðu góð ráð og lofuðu að fara varlega. Þegar upp var komið leit allt þokkalega út. Annað teymið ákvað að fara í nýja en afar þunna línu, hún fékk nafnið ***Hvítur refur*** WI 5 frumfarin af Lorenzo og Matteo. Hitt teymið, Bjartur Týr og Jónas G. létu vaða í leið rétt hægra megin við hitt teymið. Sú leið fékk nafnið ***Hrútskýring*** WI 4+ sama dag og orðið hrútskýring var valið orð ársins.

Stuttu seinna lagði Matteo aftur leið sína í Hrútadal með Sigurð Ragnarsson og Lorenzo með í för. Stefnan var sett á ***Þjóðleið 3*** WI 3, sem er risa hliðrun eftir stórum veikleika í veggnum. Þegar heim var komið og gamlar myndir voru skoðaðar kom í ljós að teymið hafði farið fyrr upp úr leiðinni en hefðbundið er að gera, enda fannst mönnum síðasti parturinn vera nær WI 4 heldur en WI 3. Leiðin fékk ekki sér nafn en er núna afbrigði af ***Þjóðleið 3***, kannski er ***Þjóðleið 2*** hentugt nafn?

Nokkrum dögum síðar fóru Matteo og Lorenzo aftur í Hrútadal og klifruðu snjóklifurleiðina ***Il mappazzone*** austan til í dalnum.

Ekki var látið þar við sitja! Í lok febrúar fór Matteo með tvö teymi erlendra ferðamanna í Hrútadal. Fyrra teymið klifraði nýja leið sem fékk nafnið ***Spenntir könnuðir*** WI 4+ og seinna teymið klifraði leiðina ***Bull by the horn*** WI 2.

Rory Harrison fikrar sig í átt að Þumli í mars 2017. *Ljósmynd: Þorsteinn Cameron*

Viku síðar var Matteo aftur á ferðinni í Hrútadal, en nú með Þorsteini Cameron og Timothy Ekins. Markmið dagsins var lína sem Matteo var búinn að horfa á allar ferðirnar inn í dalinn þennan veturinn: Verulega tæp og tvöfaldur hnélás án fótar eða „no foot double kneebar" eins og það myndi útleggjast á ensku var hluti af leiðarlýsingunni. Leiðin fékk nafnið ***Gjöfin*** M 7/8.

Eftir að Hrútadalur hafði svo gott sem fallið í gleymskunnar dá undanfarin ár, þá urðu þar til heilar sjö nýjar leiðir þennan veturinn!

Matteo heimsótti fleiri staði í Esjunni, næstur í röðinni er **Blikdalur.** Í Blikdal tók Matteo langan úthaldsdag í Dýjadalshnúk og klifraði einar 9 leiðir. Ein þeirra hefur fengið nafnið ***Rjúpuhryggur*** Gráða III en hinar bíða þess að vera nefndar.

Í hömrunum sem standa í sunnanverðum dalnum fór Matteo einnig eina nýja leið, ***Góða ferð Ueli*** WI 2+/3. Þann daginn ætlaði Matteo að taka því rólega en fréttir af andláti Ueli Steck veittu honum innblástur til að fara út og klifra eitthvað í Ueli Steck stílnum, hratt og létt.

Tvíburagil er að vanda vinsælasta mix- og þurrtólunarsvæði Reykvíkinga og voru menn þokkalega duglegir að sækja það heim. Þó nokkuð var um klifurafrek í gilinu þennan veturinn. Róbert Halldórsson og Sigurður Tómas Þórisson endurtóku leið Andra Bjarnasonar, ***Verkalýðsfélagið*** M 8. Leiðin er þó nokkuð stíf og hefur borist í tal að kannski mætti hækka gráðuna skammarlaust. Einnig fóru þeir leiðina ***Himinn og haf*** M 8. Var þar um að ræða fjórða og fimmta skiptið sem sú leið var farin en til gamans má geta að þeir fóru líka annað og þriðja skiptið. ***Ólympískafélagið*** M 7 svíkur engan og komst fljótlega í skemmtilegar aðstæður. Jónas G. og Ottó Ingi náðu báðir að flassa leiðina þennan veturinn og Matteo náði að leiða hana algjörlega á ís þegar kertið af syllunni óx alveg niður. Matteo kom í gilið eftir að allt hafði frosið í vindi, þannig að allt hornið á milli ***Síamstvíburans*** M 7+ og ***Tvíburafoss neðri*** WI4, ísaðist og augljós lína blasti við. Stuttu síðar mætti hann með borvélina og járnaði hornið. Ekki hefur verið reynt að klifra leiðina að svo stöddu, við bara bíðum og sjáum hvað næsti vetur hefur upp á að bjóða.

Sigurður Ý. Richter einfór ***55 gráður norður*** WI3+ á svæðinu **55°N** í janúarmánuði. Enginn vildi fara með honum út að klifra, veður var gott og aðstæður ágætar svo hann lét ekki klifurfélagaleysið stoppa sig.

Enn og aftur var Matteo á ferðinni í Esjunni, núna í **Suðurbrúnum.** Þar fór hann heilan haug af leiðum í einu, margar hverjar fáfarnar og fjórar af þeim nýjar. Að svo stöddu hafa leiðirnar ekki hlotið nöfn en það stendur allt til bóta.

Nýtt svæði í Esjunni var heimsótt um miðjan apríl. Þar voru á ferðinni Andri Bjarnason og Sveinn Friðrik. Þeir höfðu rýnt betur en margir í Esjuleiðarvísi

Snævars og séð þar stuttlega minnst á að Vesturveggur Trönu í **Eyjadal** gæti haft eitthvað að geyma. Það stóðst heldur betur og úr varð leiðin ***Eftirförin*** AI 2 M 4.

Múlafjall – Í lok nóvember voru farnar nokkrar snemmbúnar ísklifurferðir í í Múlafjall. Um miðjan mánuðinn leit allt vel út og lofaði góðu fyrir komandi vetur en þegar nær dró mánaðarmótunum hlánaði. Um miðjan mánuðinn fóru Jónas G, Kári Brynjarsson og Matteo á fáfarnar slóðir lengst til vinstri eða austast í klettabeltinu. Úr varð fínasti dagur og klifraðar voru þrjár leiðir, allar einnar spannar þriðja gráða. Fengu þær nöfnin: ***I love backup, WW3*** og ***Veðmálið.*** Ekki er vitað til þess að þessar leiðir hafi verið farnar áður eða að þær hafi borið nöfn en líkur má leiða að því að einhver hafi á einhverjum tímapunkti verið þarna á ferð.

Í lok nóvember fóru Jónas G. og Matteo í Fimm-í-fötu-gilið með það í huga að skoða möguleika á nýrri mix leið. Úr varð hin þokkalegasta leið, ***Chinese hoax,*** tvær taugatrekkjandi spannir, enginn ís, náttúrlegar tryggingar. Herlegheitin fengu gráðuna M6+

Í janúar voru Ottó Ingi og Páll Sveinsson á ferð á svipuðum slóðum. Þeir fóru „nýja“ ísleið rétt hægra megin við ***Chinese hoax*** og nefndu hana ***Svikinn um bjór*** WI 4. Talið er að línan hafi verið klifruð áður en ekki fengið nafn.

Í byrjun mars lá leið Jónasar og Matteos í ***Leikfangalandið.*** Sem upphitun var farið í áður ónefnda og óskráða leið, vinstra megin við ***Botnlangann*** WI 3. Sú leið fékk nafnið ***Gallblaðran*** WI 3 en allar líkur benda til þess að þetta hafi verið klifrað áður. Ekki var stoppað þar og lagði Matteo í örþunna skel sem var byrjuð að losna aðeins frá veggnum. Lógíkin á bak við það var að línan bauð upp á þokkalegar dótatryggingar báðu megin við ísskelina, svo að hún myndi ekki valda miklum usla ef hún ákvæði að yfirgefa vegginn. Þetta gekk eins og í sögu, ***Engar skrúfur*** WI 4, aðeins klifrað á ís, aðeins tryggt á dóti.

Í maí náði Matteo að freista Jónasar og Marcos til að fara í þurrtólun í Múlafjalli. Það sem seldi hugmyndina var áætlun um að skoða neðsta klettabeltið sem er alveg við veginn. Matteo og Marco frumfóru nýja leið, ***Sjö líf kattarins*** M 4 austan til í klettabeltinu og þegar Jónas mætti var kíkt á tvær leiðir sem eru hálfboltaðar en ónefndar enn svo vitað sé…

Skarðsheiði – Lengi má finna nýjar leiðir ef leitað er nógu vel. Síðasta vetur fóru Andri Bjarnason og Sveinn Friðrik á Skessuhorn. Væri það ekki í frásögur færandi nema fyrir það að þeir fundu nýja leið upp á toppinn, en það er ***Eftir Austurhryggnum*** AI 2 M 4, leið sem gjörsamlega blasir við þegar horft er á myndir með þessa línu í huga en engum hafði dottið í hug að klifra áður. Í apríl endurtóku þeir svo leikinn og bættu Frey Inga við í hópinn. Úr varð leiðin ***Tvíhleypan*** WI 3 M 4, sem fer beint upp vegginn örlítið innar en Austurhryggurinn. Matteo var einnig á ferð í Skarðsheiðinni í apríl og honum tókst líka að fara ótroðnar slóðir. Matteo lét vaða í Skarðshyrnu, sunnantil í Skarðsheiðinni. Þar fór hann nokkrar góðar leiðir ásamt Marco Porta og eina nýja, ***Annar hringur með hringekjunni*** WI 3 R.

Bolaklettur – Státar nú tveimur mixklifurverkefnum sem að bíða góðra aðstæðna, báðar boltaðar af Matteo og einhverjum aðstoðarmönnum. Ný ísleið leit dagsins ljós hægra megin við mix-leiðirnar. Leiðin fékk nafnið ***Engin upphitun*** WI 5 og var frumfarin af Bjarti Tý og Matteo.

Akrafjall – Nú er komin borvél á Skagann og þá fer allt í gang. Öflug klifurdeild hjá ÍA hefur nú verið starfrækt á Akranesi í nokkur ár og klifuráhugi ungra sem aldinna Skagamanna hefur stóraukist. Í síðasta ársriti fjölluðum við um einar fimm nýjar sportklifurleiðir sem höfðu verið opnaðar í Akrafjalli. Síðan þá hefur Þórður Sævarsson bætt um betur og boltað: ***Flóríidaskaginn*** 5.6, ***Afbrigði af Bakþönkum*** 5.6, ***Bremsufarið*** 5.11b, ***Lýsisperlan*** 5.9, ***Skírarinn*** 5.9, ***Sætur álfur*** 5.5, ***Vírbursti nr. 3*** 5.6 og ***Sólarmegin*** 5.10c, samtals heilar átta leiðir og fullt í boði að gera í Akrafjallinu.

Sigurður Ýmir komst í Akrafjallið og hafði meðferðis dótið sitt. Hann ákvað að prófa tækni sem hann var búinn að lesa sér til um, línusóló og frumfór þannig tvær nýjar dótaleiðir beint af augum (onsight) meðan hann sá um að tryggja sjálfan sig. Leiðirnar hlutu nöfnin ***Vopnahlé*** 5.7 og ***Bakþankar*** 5.6.

Eitthvað hefur einnig bæst við af grjótglímuþrautum í Akrafjalli. Þær má allar sjá í Akrafjalls-leiðarvísinum sem Þórður gaf út og uppfærir mjög reglulega. Hann má nálgast á leiðarvísasíðu Ísalp eða á Facebook síðu Klifurfélags ÍA.

NORÐVESTURLAND

Hólmavík – Kjartan Jónsson á ættir að rekja til Hólmavíkur og fer hann því þangað nokkuð reglulega. Inni í bænum og í nágrenni hans er hellingur af bergi til að klípa í. Kjartan og Anna Karen fóru síðastliðið sumar fimm nýjar grjótglímuþrautir ásamt því að byrja á því að bolta sportklifurleiðir með Jóni Marínó Birgissyni fyrir utan bæinn. Nánari upplýsingar um grjótglímuþrautirnar má finna á *klifur.is* en sportklifurleiðirnar eru ekki tilbúnar eins og stendur, sennilega verður fjallað nánar um þær í næsta tölublaði Ísalp ársritsins.

Norðurfjörður – Vestur á Ströndum eru frábærir klettar til klettaklifurs sem enduruppgötvuðust í fyrra þegar leiðin ***Blóðbað*** 5.10a var boltuð. Eins og kunnugt er þá varð slys í leiðinni. Bætt var úr slysahættunni í sumar þegar Erla Guðný setti auka bolta í erfiða kaflann og nú ætti leiðin að vera eins örugg og orðið getur.

Boltasjóður, GG sport, Klifurhúsið og Mixboltasjóður styrktu boltunarverkefni á Ströndum og var farið í nokkrar ferðir til að bolta nýjar leiðir, auk þess sem rafrænt uppkast að leiðarvísi er komið á leiðarvísasíðuna á heimasíðu Ísalp.

Lagt var upp með það í byrjun að beina kröftum leiðasmiða í að gera einn hluta svæðisins kláran sem klifursvæði, með þokkalega þéttni í leiðum á einum stað og miða við að byrja á að bolta línur í léttari kantinum sem að

fleiri ættu möguleika á að spreyta sig á. Fyrir valinu varð **Sögu** svæðið, lengst til vesturs eða vinstri ef horft er á klettana frá veginum.

Í sumar bættust við leiðirnar: ***Týnda síldin*** 5.10a, 18m leið boltuð af Bryndísi Bjarnadóttur og Magnúsi Arturo Batista, ***Tilberi*** 5.9 strompaleið boltuð af Mike Walker, ***Nábrækur*** 5.8 boltuð af Erlu Guðnýju og Jónasi G, og ***Galdrafár*** 5.6 boltuð af Jónasi G.

Auk þess er þar að finna nokkrar leiðir í vinnslu sem ættu að vera tilbúnar og opnar snemma næsta sumars. Þær eru: ***Blómin á þakinu*** 5.8 sem Bryndís og Magnús eru að vinna í og ***Tyrkjaránið*** 5.11a sem Jónas er með í vinnslu, ***Baskavígin*** 5.9 sem Jónas og Nóa Sólrún eru að vinna í. Daniel Neb-Auhsohey er langt kominn með leið sem verður á 5.10 skalanum rétt hægra megin við Blóðbað.

Sydney Raylee Gunnarsson klifrar Blóðbað 5.10a í Norðurfirði á meðan Erla Guðný Helgadóttir tryggir. *Ljósmynd: Jónas G. Sigurðsson*

Jónas og Þórður byrjuðu á að bolta fjölspanna leið á **Dægrardvalar** svæðinu, sem er það fjórða frá vinstri. Leiðin hefur fengið nafnið ***Ísbjarnarblús*** og verður líklega tvær eða hugsanlega þrjár spannir, en allt svæðið er 50-60 m á hæð og nóg af bergi í boði til að klípa í. Fyrsta spönnin er klár og tilbúin en leiðin mun ekki verða opnuð fyrr en efri hlutinn er tilbúinn.

Boltunarverkefnið mun halda áfram næsta sumar og hvetur Ísalp vana klifrara og leiðasmiði til að ferðast norður á Strandir, leggja hönd á plóg og koma upp leiðum ásamt því að prófa herlegheitin sem nú þegar eru komin.

NORÐURLAND

Akureyri – Lítið hefur verið í gangi í klifri utandyra á Norðurlandi síðasta árið en klifrarar á Akureyri hafa fengið afhent nýtt húsnæði sem innan skamms mun verða útbúið sem klifursalur, við bíðum spennt að sjá útkomuna.

SUÐAUSTURLAND

Vestrahorn – Sumarið var vel nýtt í Vestrahorni og þá aðallega til grjótglímu. Þetta sumarið bættust við 150 nýjar grjótglímuþrautir og er Eyþór Konráðsson með leiðarvísi fyrir svæðið í vinnslu. Leiðarvísirinn mun fyrst og fremst fjalla um grjótglímuþrautir á svæðinu en þó einnig innihalda kafla um fjölspannaleiðirnar sem liggja upp fjallið sjálft.

Í lok október opnuðu Árni Stefán Haldorsen og Íris Ragnarsdóttir Pedersen nýja fjölspannaleið upp á **Kambhornið** sem hafði verið í smíðum síðasta sumar. Leiðin liggur upp áberandi hrygg milli ***Boreal*** 5.7 og ***Nemesis*** 5.6. Í leiðinni eru kaflar sem eru aðeins lausir í sér en hún er að öðru leyti nokkuð heilleg. Leiðin hlaut nafnið ***Bifröst*** 5.9 II/III PD+ 220m, fimm fullboltaðar spannir og ein óboltuð 50m tengispönn.

Fjallsárlón – Falleg náttúruperla, enn betri þegar að þar finnast fullkomnir grjótglímusteinar. Þar á ferð voru Valdimar Björnsson, Kjartan Jónsson og Jacob Egelund. Þar voru tvær leiðir frumfarnar: ***Lengra inn í dal*** 7B+, ***Sólarlaut*** 7C.

Vatnajökull – Í maí gengu fimm gönguskíðagarpar um 120 km leið yfir Vatnajökul frá Jökulheimum að Skálafellsjökli á 7 dögum. Þrátt fyrir að vera flestir af erlendu bergi brotnir hafa þeir starfað hér á landi við fjallaleiðsögn síðastliðin ár og gerst félagar í Ísalp. Leiðangursmennirnir voru þeir Timothy "Tim-Tam" Ekins, Rory "Bloody" Harrison, Tayo "The crazy Dutch explorer" Van Boeckel, Arnaud "The lovely" De Lavelely og Reynir "Betur" Snær Valdimarsson. Þeir voru einstaklega heppnir með veður og þykir það nánast lygilegt. Á ferð þeirra var sól og blíða í heila viku og ekki eitt ský sem takmarkaði útsýnið yfir víðáttur jökulsins, sem hlýtur að teljast einhvers konar met í ferðum á Vatnajökli.

Guðbjörn Margeirsson og Eiríkur Finnur Sigursteinsson hjóluðu á breiðdekkja (Fatbike) hjólum um 130 km leið yfir Vatnajökul í maí. Fóru þeir frá Jökulheimum og komu niður við Hálslón. Leiðina hjóluðu þeir á þremur nóttum með allan farangur meðferðis, sem þeir drógu meðal annars á sérútbúinni skíðakerru/sleða. Þeir félagar voru heppnir með veður og sóttist þeim ferðin vel.

Símon Halldórsson fór á Hvannadalshnúk á breiðdekkja (Fatbike) hjóli um góðviðrishelgi í maí. Með honum í för voru félagar hans úr Björgunarsveit Hafnarfjarðar og tók ferðin um 11 klst upp á topp. Farin var **Sandfellsleið** og Símon reiddi og hélt á hjólinu á þeim köflum sem ekki var hægt að hjóla.

Jónas Sigurðsson glaðbeittur í leiðinni Can Can 5.10b á Hnappavöllum.
Ljósmynd: Þorsteinn Cameron

Teymi sjö kvenna þveraði Vatnajökul á gönguskíðum í byrjun júní og var það, eftir því sem Ísalp kemst næst, í fyrsta skipti sem flokkur einungis skipaður konum fór í slíka ferð. Þetta voru þær: Elín Lóa Baldursdóttir, Elísabet Atladóttir, Íris Ragnarsdóttir Pedersen, Októvía Edda Gunnarsdóttir, Selma Benediktsdóttir, Svanhvít Helga Jóhannsdóttir og Tinna María Halldórsdóttir. Leið þeirra lá frá Jökulheimum um Grímsfjall og að Jöklaseli við Skálafellsjökul. Ferðin tók í heildina 6 daga og heppnaðist vel, þrátt fyrir erfið veður.

Erlendar ísklifurstjörnur sóttu íshella í útjaðri Vatnajökuls í Öræfum og Suðursveit heim síðastliðinn vetur. Í þeirra hópi voru Anna Pfaff, Hansjörg Auer, Samuel Elias og Lucie Hrozová. Leiðsluklifur í þaki íshella er í brattari kantinum og ekki víst hvar það flokkast á gamla góða Palla erfiðleikaskalanum, jafnvel sem P6?

Vestari Hnappur – Líkt og gildir um flest fjöll og tinda á Íslandi þá hefur verið gengið á Vestari Hnapp áður en í vetur fékk þessi 1851m hái tindur í Öræfajökli sína fyrstu skráðu klifurleið. Til að hrinda af stað vetrarklifri þennan veturinn fóru Árni Stefán, Freyr Ingi og Sveinn Friðrik á Vestari Hnapp. Farið var upp áberandi hrygg vestan megin og fékk leiðin nafnið ***Einhyrningar***.

Hnappavellir – Mikið hefur verið klifrað á Hnappavöllum eins og flest sumur en þetta sumar hlýtur að standa upp úr hvað erfitt klifur varðar.

Elmar Orri Gunnarsson setti í fimmta gír í sumar og hljóp upp hinar og þessar leiðir. Þar ber helst að nefna ***Kúreka norðursins*** 5.12a, ***Fred Flintstone*** 5.12b, ***Fæddur fyrir frelsið*** og ***Valdarán*** 5.12c, ***Djásn*** og ***Sæng mín er svöl*** 5.13a, þá seinni í annarri tilraun, ***Föðurlandið*** og ***Mokka*** 5.13c og til að toppa þetta allt saman, þá varð hann fjórði maðurinn til að klifra leiðina ***Ópus*** 5.13d.

Fleiri lögðu leið sína á Hnappavelli. Þar ber helst að nefna Mathieu Ceron ofurklifrara og góðvin Valdimars. Hann dvaldi stutt á Íslandi að þessu sinni og vildi því nýta dagana vel á meðan það var þurrt. Þetta tókst honum svo sannarlega. Hann fór ***Sundlaugarpartý*** og ***Öræfabúggí*** 5.12a beint af augum (onsight), ***Tívolí*** í annarri tilraun og afbrigðið af ***Leikið á als oddi*** 5.12b í flass tilraun, ***Léttölshrygg*** 5.12c, ***Djásn*** og ***Fantasíu*** 5.13a í annarri tilraun, ***Sláturhúsið*** 5.13b, ***Föðurlandið*** 5.13c í annarri tilraun. Auk þess varð hann fimmti maðurinn til að klifra ***Ópus*** 5.13d, annar maðurinn til að klifra ***Burstabæ*** 5.13d í annari tilraun og annar maðurinn til að klifra ***Kamarprobbann*** 5.14a. Þetta kallar maður að nýta tímann vel.

Valdi náði eftir áralanga baráttu að leiða ***Kamarprobbann*** 5.14a og varð þriðji maðurinn og fyrsti Íslendingurinn til að komast þar upp í leiðslu. Áður var Valdimar búinn að klifra leiðina í ofanvaði en hún var sett upp sem grjótglímuþraut með lélegri lendingu, sökum þess hve stutt hún er. Þetta er önnur leiðin sem Valdimar klifrar af þessari erfiðleikagráðu og er hún jafnframt sú hæsta sem Íslendingur hefur náð.

Kristján Þór Björnsson lét sig ekki vanta á Hnappavöllum. Hann vann í ***Kamarprobbanum*** 5.14a með Mathieu og Valdimar. Honum tókst einnig að komast upp þessa stuttu en erfiðu leið og var þar með fjórði einstaklingurinn til að klifra leiðina og annar Íslendingurinn til að klifra leið á 5.14 gráðubilinu.

Andri Már lagði leið sína í ***Sirkús*** 5.12c. Skipt var um boltann í krúxinu á Sirkúsi í sumar, þar sem að mönnum var farið að finnast hann vera heldur gamall. Í ljós kom að hann var ekki mikið meira en tveir sentimetrar og nokkuð ryðgaður í þokkabót, munum að hafa augun með okkur. Einnig fór Andri ***Sæng mín er svöl*** 5.13a á Salthöfðanum.

Kjartan Jónsson átti einnig gott sumar á Hnappavöllum, hann klifraði ***Hamskipti*** og ***Plútó*** 5.12c og hina geysi vinsælu (þetta sumarið) ***Sæng mín er svöl*** 5.13a.

Benjamin Mokry krimpaði sig í gegnum ***Hamskipti*** 5.12c.

Sumarið var gjöfult til klifurs hjá Lóu Björk Björnsdóttur en hún fór ***Lömbin þagna*** 5.10a, ***Steinbúann*** 5.10a, ***Hellisbúann*** 5.10a og ***Móðurlandið*** 5.10b. Fleiri kvenklifrarar voru á ferðinni á Hnappavöllum í sumar. Roelien van de Vrie kona Mathieu fór ***Leikið á als oddi*** 5.12b, Stebba afbrigði og fleira. Þær Íris Ragnarsdóttir Pedersen og Bryndís Bjarnadóttir fóru ***Janus*** 5.10a, Hulda Rós Helgadóttir fór ***Herra alheim*** 5.10b og Hjördís Björnsdóttir fór ***Smalann*** 5.10b/c.

Einnig voru nokkrar leiðir boltaðar og frumfarnar á völlunum. Valdimar og Mathieu boltuðu og frumfóru: ***Pythagoras*** 5.13a(b) í Þorgeirsrétt vestur, ***Plastic Surgery*** 5.13b á Salthöfðanefi og ***Black crack*** 5.13b, einnig á Salthöfðanefi.

Andri Már og Elmar boltuðu og klifruðu: ***Rokkstjörnuna*** 5.5 í Þorgeirsrétt austur og tvær systurleiðir ***Dr. Jekyll og Mr. Hyde*** 5.10c og 5.11b í hvilftinni hjá ***Í skjóli nætur*** 5.11a á Salthöfðanum. Kjartan Jónsson sneri aftur í leið sem að hann byrjaði á fyrir mörgum árum og boltaði þá með vafasömum búnaði. Í þetta sinn hreinsaði hann allt gamla dótið í burtu og setti nýtt ryðfrítt í staðinn. Úr varð hin skemmtilegasta leið, ***Steliþjófur*** 5.8, staðsett á sama vegg og ***Fallöxin*** 5.6 við Gimluklett.

Um miðjan september var farið í stóra vinnuferð á Hnappavelli. Áhersla var lögð á að setja góð eða betri akkeri á þá staði sem þess þurfti, boltun var löguð á einhverjum stöðum og einhverju viðhaldi var sinnt í Tóftinni. Þessari helgi var Tóftinni einnig læst og verður hún framvegis eingöngu opin þeim sem að borga í boltasjóðinn.

Hvannadalshnúkur – Fékk nýja leið á svipuðum tíma og Vestari Hnappur, eða afbrigði af gamalli leið. Leiðin er að mestu leiti sú sama og ***Beina brautin*** en klýfur sig frá henni um 200m fyrir toppinn. Farið er til vinstri og ofan í einskonar gilskorning sem leiðir alla leið upp á topp. Þarna voru á ferðinni Bjartur Týr, Matteo og Þorsteinn. Leiðin fékk nafnið ***Vinamissir*** og var þetta fyrsta leiðin í 100 leiða áskorun Matteos.

Einar Rúnar Sigurðsson gjarnan þekktur sem Einar Öræfingur í eldri ársritum heldur áfram að toppa Hvannadalshnúk og þegar þetta er ritað hefur hann staðið á toppnum 299 sinnum sem er að sjálfsögðu heimsmet á þessu hæsta fjalli landsins. Síðustu ár hefur hann helst verið á fjallaskíðum á ferðum sínum á bæjarfjallið og oft skýst hann þarna uppeftir einn á ferð og fer þá hratt yfir.

Kristínartindar – Síðasta vetur var fyrsta ísleiðin upp á topp Kristínatinda klifin, núna þennan veturinn bættist sú næsta við og enn er af nægu að taka. Leiðin fékk nafnið ***Endurfundir*** WI 3, 6 spannir, frumfarin af Matteo og Marco Porta.

Blágrýtisdranginn **Þumall** í Mórsárdal fékk þó nokkuð af heimsóknum síðustu sumur en helst mætti nefna uppferð Þorsteins Cameron og Rory Harrison þann 27. mars. Þá var tindurinn enn í miklum vetrarham. Fyrsta spönnin var nokkuð þægilegri í frosti en restin af klifrinu sóttist hægt sökum snjó og illtryggjanlegs snís.

SUÐURLAND

Eyjafjöll – Nokkur ný svæði undir Eyjafjöllum voru skoðuð í byrjun mars, öll voru þau dottin úr aðstæðum eða mjög nálægt því alla vega. Ferðin var mjög nálægt því að verða fýluferð en inni í Holtsdal sannfærðist teymið um að láta vaða í örþunna ísbyrjun sem leiddi yfir í kverk af mix- og mosahreyfingum. Matteo sá um að leiða herlegheitin, í fantaformi eftir veturinn og Jónas G. og Róbert eltu. Leiðin fékk nafnið ***Góður mosi*** M 5.

Pöstin – Sigurður Ýmir fór nýja leið í Pöstunum í sumar. Leiðin fékk nafnið ***Saurgat Lykla-Pétur*** 5.5 og liggur rétt hægra megin við Heyvagninn á horninu 5.6. Leiðin er óvenjuleg fyrir Pöstin að því leiti að hún er dótaklifurleið. Mikið var klifrað á síðustu öld í Pöstunum og þá aðallega í dóti, svo líklegt þykir að línan hafi verið farin áður og jafnvel að hún hafi nafn en skráningin á þessu skolaðist eitthvað til í aldanna rás.

MIÐHÁLENDIÐ

Um mánaðarmótin mars-apríl gengu Sigurður Ragnarsson og Tómas Eldjárn Vilhjálmsson, 200 km leið á gönguskíðum um **Sprengisand** frá Eyjafirði að Vatnsfellsstöð á 9 dögum. Lá leið þeirra frá Eyjafirði í Laugafell, þaðan í Nýjadal og Jökulheima og úr Jökulheimum að Vatnsfellsstöð.

Tvær pólskar konur, þær Joanna Mostowska og Paulina Pilch, gengu á gönguskíðum frá Akureyri um Sprengisand að Þjóðvegi 1, þaðan á **Hellu** þar sem þær skildu púlkur og skíði eftir sökum rigninga og snjóleysis. Seinasta daginn gengu þær svo frá Hellu og voru 3km frá sjó þegar þær játuðu sig sigraða í einhverri mýrardrullu. Í heildina gengu þær um 360 km leið á 14 dögum. Upphaflegt markmið þeirra var að ganga frá sjó í Eyjafirði til sjávar á Suðurlandi með allan sinn farangur. Lítið fór fyrir ferðum þeirra hér á landi en Símon Halldórsson var þeim innan handar við skipulagningu og talsvert var fjallað um ferðalagið í pólskum fjölmiðlum, enda eru þær fyrstu pólsku konurnar til að gera þetta. Léleg skráning er á ferðum sem þessum, svo ekki er vitað hvort teymi skipað íslenskum eða erlendum konum hafi gert þetta áður. Til að bregðast við snjóleysi höfðu þær útbúið hjólabúnað undir paris púlkurnar sem hægt var að nota á vegum og snjó-

litlum svæðum. Nánari upplýsingar um ferðalag þeirra má finna á Facebook-síðunni *Islandia na nartach*.

ÚTLÖND

Nepal
Vilborg Arna Gissurardóttir varð sjötti Íslendingurinn til að komast upp á topp hæsta fjalls heims, **Everest.** Þetta var síðasti tindurinn sem hún átti eftir til að klára sjö toppa áskorunina en áður hafði hún gengið á hina sex á tíu mánaða tímabili. Vilborg hefur einnig gengið á Suðurpólinn og því á hún aðeins eftir að ganga á Norðurpólinn til að klára hið svokallaða „Explorers grand slam", áfram Vilborg! Þetta var þriðja tilraun hennar við fjallið og sagði hún það ólýsanlega tilfinningu að standa á toppnum, maður verði ekki minni en í þessu umhverfi. Athygli vakti að hún bar með sér bókina um Gísla á Uppsölum, en áður hafði hún farið með bókina á Suðurpólinn og hæstu tinda hverrar heimsálfu. Draumur Gísla hafi verið að mennta sig og ferðast „og það var með þetta í huga sem ég tók með bókina með sögum hans og nú erum við búin að ferðast saman um heiminn og höfum jafnvel notið útsýnisins af hæsta punkti jarðar."

John Snorri lét einnig til sín taka í háfjallamennskunni þetta sumarið. Hann toppaði **Lhotse,** fjórða hæðsta fjall heims um miðjan maí og varð hann fyrsti Íslendingurinn til að stíga þar fæti. Einum og hálfum mánuði síðar bætti hann um betur og varð fyrsti Íslendingurinn til að toppa **K2**, næst hæsta og mannskæðasta fjall heims. Til að klára svo ferðalagið með stæl og nýta hæðaraðlögunina gekk hann einnig á **Board Peak (K3),** tólfta hæsta fjall heims, í byrjun ágúst áður en hann sneri heim aftur eftir vel heppnaðan leiðangur. Nánar má lesa um leiðangur Johns Snorra framar hér í þessu blaði.

Bandaríkin
Arnar Þór og Rafn Emilssynir lögðu leið sína til **Kalifornía** meðal annars í þeim tilgangi að klifra frægustu fjölspannaleið heims, ***The Nose*** 1000m. Leiðin fær gráðuna IV 5.14a en ef að erfiðustu spannirnar tvær ***The Great Roof*** 5.13d og ***Changing Corners*** 5.14a/b eru klifraðar með aðstoð búnaðar (aid climbing) í stað hefðbundins klifurs þá telst leiðin vera IV 5.9 C2. Leiðin er 33 spannir af graníti og 5.9 er síður en svo lýsandi gráða fyrir þetta verkefni. Arnar og Rafn voru búnir að fara upp helminginn af leiðinni og gista tvær nætur á veggnum þegar þeir urðu frá að hverfa vegna vatnsskorts. Þeir eru fyrsta íslenska teymið sem reynir við leiðina.

Valdimar Björnsson og Jacob Egelund glímdu við grjót í **Volcanic Tablelands** sem er svæði rétt fyrir utan bæinn Bishop í Kalifornía í byrjun árs. Svæðinu er skipt í ***Happy boulders*** og ***Sad boulders***. Happies eins og það er kallað er klárlega betra svæðið að mati piltanna en þar eru margir flottir steinar á opnu svæði. Grjótið er nánast eins og í Jósepsdal. Hér klifraði Valdi ***Kill on Sight Stand*** V10, ***Acid Wash*** V10 og ***Acid Wash Right*** V9 sem Jacob fór líka.

Þeir áttu erfitt með að gera upp á milli leiða en mæltu sérstaklega með ***Heavenly Path*** V1 sem er 8 metra slabb, ***Solarium*** V4 og ***Redrum*** V10 sem þeir lýsa sem klikkuðum power probba. Auk þess nefndu þeir ***The Hulk*** V6 sem telst líklega vera hvað klassískust fyrir sína gráðu og á sama steini má finna ***Prozac*** V9 og ***Disco Diva*** V8 en Valdi fór allar leiðir á þeim steini. ***Serengeti*** V5 reyndist einnig vera algjör klassík. Kannski mætti segja að flottasta leiðin á öllu svæðinu heiti ***Atari*** V6, mjög krefjandi og erfið fyrir gráðuna, ekkert svakalega góð lending en er samt á frábærum stað og kallar á mann. Eftirminnilegasta leiðin hans Valda heitir ***Water Drops*** V8. Leiðin sú er 8 metrar á hæð, afar slöpp lending og krúxið byrjar í 6 metrum (!). Að auki fór Valdi ***Low Rider*** V10, ***Toxic Avenger*** V9 (þrjár hreyfingar), ***He Got Game*** V11 og ***Morning White Dove*** V8 onsight.

Sad Boulders svæðið er staðsett rétt hjá Happy boulders en meira lokað af í þröngu gili, sem hugsanlega skýrir nafnið. Þar fór Valdi geggjaða leið að nafni ***Powpow*** V8 í hörku vetraraðstæðum. Besta leiðin heitir ***Strength in Numbers*** V5 sem Valdi fór í fyrstu atrennu og einnig mælir hann með frábærri þakleið að nafni ***Beefcake*** V10. Allar þessar leiðir voru annað hvort klifraðar í fyrstu tilraun eða á einum degi.

Þeir heimsóttu einnig **Buttermilk** svæðið sem gerði þennan stað heimsfrægan. Þar eru allir steinarnir risastórir (virkilega RISAstórir) 10 til 25 metra háir, mjög krefjandi og oft varasamir. Samt má þar finna leiðir fyrir alla. V0 til V7 er mjög algengt en svo eru mjög margar frá V8 til V15 og líka V16! Magnað svæði. Hér fór Valdi leið í sérflokki ***Iron Man*** V4, ***Junior's Achievement*** V8, ***One Move Wonder*** V10 (tvær hreyfingar), ***Soul Slinger*** V9, ***Center Direct*** V10, ***Green Wall Essential*** V2, sem er svakalega flott og ***Cocktail Sauce*** V10. Er óhætt að mæla með ferð á þessar slóðir fyrir alla sem hafa gaman af að glíma við grjót.

Kanada
Í apríl og alveg fram í maí var Jón Viðar Sigurðsson í gönguskíðaleiðangri á **Baffin eyju** eða Hellulandi eins og hún var þekkt áður. Þar skíðaði hann um frosna firði, inn á milli nokkurra af stærstu klettaveggjum á jörðinni. Hann skíðaði fram hjá: **Turret Peak, Broad Peak, Polar Sun Spire, Great Sail Peak, Ship's Prow** og **Walker Citadel** til að nefna nokkra. Við Ship's Prow, eða Skipsstefnið, rakst Jón á hinn pólska Marek Raganowicz sem hafði nýlokið frumferðum tveggja nýrra leiða upp stefnið. Leiðirnar fór hann einn síns liðs og gaf þeim nöfnin ***MantraMandala,*** og ***Secret of silence.***

Grænland
Gamalkunnar Ísalp kempur héldu í um 1.300 km flugdreka-skíða (kite) leiðangur á Grænlandi í maí. Þetta voru þeir Einar Stefánsson Leifur Örn Svavarsson, Hallgrímur Magnússon, Skúli Magnússon og Tómas Júlíusson. Leiðin lá um **Grænlandsjökul** og fóru þeir frá Scoresbysundi til Angmagssalik. Ekki er vitað til þess að þetta hafi áður verið gert og tók ferðin þá rúman mánuð.

Á vormánuðum leiðsögðu Björgvin, Matteo, Ívar og Einar Torfi hópi fólks í göngu á **Gunnbjörnsfjall** en það mun vera hæsta fjall Grænlands og jafnframt hæsta fjall norðan heimskautsbauganna.

Björgvin, Leifur og félagar sinntu áfram verkefni sínu við klettaklifurkennslu og boltun leiða í og við bæi á austurströnd Grænlands nú í sumar. Fjallað er nánar um það í grein frá Björgvini framar í blaðinu.

Bretland
Í nóvember fóru þær Bryndís Bjarnadóttir, Elín Lóa Baldursdóttir, Íris Ragnarsdóttir Pedersen, Laufey Rún Þorsteinsdóttir, Margrét Vignisdóttir, Rúna Thoroddsen og Stefanía Ragnarsdóttir á *Women's climbing symposium* í **Bristol.** Þessi viðburður er skipulagður af kvenklifrurum fyrir aðra kvenklifrara og samanstendur af fyrirlestrum, vinnusmiðjum og því að hafa gaman saman. Þetta er í fjórða skiptið sem viðburðurinn er haldinn og meðal aðalfyrirlesara í ár voru þær Lynn Hill og Shauna Coxsey.

Guðjón Örn Björnsson og Hilmar Ingimundarson fóru á hæsta fjall Bretlandseyja, **Ben Nevis** 1348m eftir ***Tower Ridge*** leiðinni, ultra klassík.

Svíþjóð
Elmar Orri og Hjördís skelltu sér til **Gautaborgar** til að ná smá haustklifri. Elmar fór þar eina 5.12a, tvær 5.12b og eina 5.12c. Hjördís gerði sé síðan lítið fyrir og fór sína fyrstu 5.12a ***Hooka hey*** að nafni á afmælisdaginn sinn, áður en hún hélt af stað í hjólaferð um Evrópu.

Íran
Elín Lóa Baldursdóttir, Heiða Jónsdóttir og Ingunn Ósk Árnadóttir fóru til Íran í 12 daga ferð í júlí. Ferðin var styrkt af Ísalp og förinni heitið á fjallaklifurmót sem íranski fjalla- og klifurklúbburinn skipulagði. Alþjóðlegu þátttakendurnir voru 16 talsins og komu frá Evrópu, Afganistan og Malasíu og frítt föruneyti Írana var með allan tímann. Fyrst var farið í leiðangur á **Damavand** fjall sem er 5.671m á hæð og hæsta fjall Mið-Austurlanda. Keyrt var daglangt í 3.040m hæð, gist í mosku og gengið þaðan í aðalbúðir í 4.220m hæð. Eftir eins dags hæðaraðlögun var lagt á toppinn og honum náð í þoku, hraglanda og kulda, en ágætt veður var þó langleiðina í göngunni sjálfri. Seinni part ferðarinnar var dvalið í tjaldbúðum í u.þ.b 3.700m hæð þar sem hópurinn tók

Bjórinn eftir frumferð Tvíhleypunnar í Skessuhorni bragðaðist einstaklega vel í kældum bjórglösum. Trúlega fáir dreypt á humluðum drykkjum í 600 metra hæð í Skarðsheiði. *Ljósmynd: Sveinn Eydal*

þátt í tveggja daga fjallamennskunámskeiði. Að lokum var gengið á fjallið **Alam- Kuh** sem er 4.848 metra hátt. Blíðskaparveður var alla gönguna og aðstæður allar eins og best var á kosið.

Ítalía
Þorsteinn Cameron skellti sér til Ítalíu í smá ferðalag. Fyrst var hann á ferð með tveimur félögum frá Bretlandi. Þeir heimsóttu nokkur þekkt klettaklifursvæði á norður Ítalíu s.s. **Corte Terza** og **Val di Mello.** Val di Mello er eitt besta klettaklifur- og útivistarsvæði sem Þorsteinn hefur séð í Evrópu og mælir hann eindregið með því. Þar fór hann m.a. ***Luna Nascente*** 400m 5.10c. Eftir að leiðir hans skildu við Bretana hélt hann för sinni áfram og heimsótti vini okkar í Pisa og fór þá með Mauro Pasquiliano upp ***Biagi-Nerli*** leiðina á Pizzo d'Ucello. Leið sem svipar til Oppio en er þó nokkuð lausari.

Eftir þetta hitti Þorsteinn þau Bjart Tý, Ottó Inga, Pál Sveinsson og Rúnu Thorarensen sem komu í Ísland-Pisa skiptiverkefnið í september til að heilsa upp á félaga okkar í Pisa sem að komu til Íslands í febrúar. Þau dvöldu í eina viku og áttu heila fimm klifurdaga. Fyrsti dagurinn fór í 5c-6c sportklifur. Annan, þriðja og fjórða daginn var farið

í fimm-spanna 6b leiðir, eina hvern dag. Fimmta og síðasta daginn var ákveðið að klifra stóran vegg. **Pizzo d'Uccello** veggurinn var valinn og teymið fór í leiðina ***Oppio-Colnaghi*** 850m. Flestallt fjölspannaklifrið í kringum Pisa er flokkað sem dótaklifur og það er alls ekki til umræðu að bolta. Hins vegar þykir það vera fullkomlega í lagi að berja inn og skilja eftir eins marga fleyga og vera vill. Þar sem flestar leiðirnar eru orðnar talsvert gamlar þá er nánast hægt að klifra þær á fleygunum eingöngu. Ferðin heppnaðist með eindæmum vel og er mikill áhugi fyrir því að halda þessu skiptisamstarfi áfram, bæði frá Íslandi og Pisa.

Oft er hægt að þekkja Ísalp viðburði á fatahenginu. Dúnn og Primaloft í öllum regnbogans litum. *Ljósmynd: Þorsteinn Cameron*

Frakkland
Í marsmánuði héldu Freyr Ingi og Jón Heiðar til **Chamonix** þar sem þeir klifruðu nokkrar leiðir sem talist geta „klassískar alpaleiðir".

Í október fór Jónas G. ásamt fleirum til Korsíku í gönguferð. Eyjan er mestmegnis úr graníti og býður upp á hið besta klifur. Þrátt fyrir að tímanum væri meira varið í göngu þá komst Jónas örfáa daga í klifur, fann kalksteinsvegg og fór eina 5.12a.

Á svipuðum tíma kíktu Þórður Sævarsson og Kristinn Gunnar í langa helgarferð til **Fontainebleau** og Jónas hitti þá á leiðinni heim. Talsvert var klifrað af leiðum á stuttum tíma.

Spánn
Í lok maí áttu Jónas G og Nóa Sólrún leið um Spán og Baskalandið. Þau stoppuðu í **Rodellar** í örfáa daga til að skoða örsnöggt hvað væri í boði og hvernig karakterinn á klifrinu er. Rodellar er stórt gil við lítinn bæ sem heitir Rodellar. Gilið er pakkað af undirsvæðum og mjög stutt er á milli þeirra. Klifrið er allt í kalkstein og mestmegnis yfirhangandi á þokkalegum gripum, oft dropasteinum.

Í nóvember fóru nokkrir Íslendingar í ferðalag um Spán og Portúgal. Þetta voru þau: Bergur Ingi Geirsson, Birgir Ottesen Jóhannsson, Elín Lóa Baldursdóttir, Haukur Elís, Hjörtur Rósmann Ólafsson og Katrín Kristjánsdóttir. Þau enduðu ferðina í **El-Chorro** til að njóta hitans og sportklifra í nokkra daga. Bærinn er 70km norður af Malaga og ætti að vera mörgum íslenskum klifrurum vel kunnur. Þarna eru í boði 200-300m fjölspannaleiðir, allt það sportklifur sem þú getur í þig látið, slabb, lóðrétt, yfirhangandi og hellaklifur. Ef fólk þarf að hvíla sig á klifrinu þá er hægt að ganga **El camino del Rey** eða Kóngsstíginn, sem er stígur sem liggur inni í gili, utan í lóðréttum vegg, 100-200m yfir á.

Noregur
Í febrúar hélt dágóður hópur ísklifrara í víking til Noregs að klifra ís. Voru þar nokkur teymi á ferð í mismunandi ferðum. Klifraðar voru margar leiðir en afrek tveggja teyma standa hæst. Annars vegar voru það þeir Bjartur Týr Ólafsson og Rory Harrzn sem klifruðu ***Juvsøyla*** WI6 í Rjukan og hins vegar þeir Sigurður Ý, Richter, Magnús Ó. Magnússon og Egill Sigurpálsson sem héldu til **Hemsedal** og klifruðu þar meðal annars ***Hydnefossen*** 120m WI5+ og WI6 afbrigðið af ***Vårspill.***

Um miðjan nóvember fóru Andri Már Ómarsson og Guðmundur Freyr Arnarson til **Bodø** í Noregi til að keppa á Norðurlandamóti í Grjótglímu. Nokkur ár eru síðan við sendum síðast fólk eitthvert út að keppa. Piltarnir kepptu báðir í fullorðinsflokki, fæddir 1998 eða fyrr. Þeim tókst ekki að komast upp úr undanúrslitum en stóðu sig engu að síður frábærlega í glímunni við erfiðar þrautir sem höfðu verið settar upp.

Í júní gekk Magnús Arturo Batista ásamt tveimur Þjóðverjum á **Beerenberg** 2.277m sem ku vera hæsta fjall norsku eyjarinnar **Jan Mayen.** Gangan er tæknilega erfiðari en hin klassíska Sandfellsleið á Hvannadalshnúk. Ísalp hefur ekki vitneskju um hvort og þá hversu margir Íslendingar hafi staðið á toppi Jan Mayen, en 63 einstaklingar hvaðanæva að úr heiminum í ferðum á vegum Aurora Arktika hafa klifið þetta fáfarna fjall síðan 2008.